SÆMUNDUR ÞÓR SIGURÐSSON

*Einn á hæsta fjall í heimi utan Himalaya*

• ferðir • fermingar • börn

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS







NÝ UMFJÖLLUN Í VANITY FAIR

*Ísland ekki lengur land heldur sjóður*

Frægur viðskiptablaðamaður fjallar um landið

MARKAÐURINN FYLGIR Í DAG

Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
Nýr tilboðsbæklingur í dag


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. mars 2009 — 55. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR



### Á rauða dreglinum

Anita Briem tók sig vel út á frumsýningu kvikmyndarinnar Watchmen í Hollywood.

FÓLK 18

### Spila á Hróarskeldu

Sigríður Thorlacius og félagar í Hjaltalín eru bókuð á hina vinsælu Hróarskelduhátíð.

FÓLK 26

### Hef litla þörf á fríi frá Grund



Guðrún Birna Gísladóttir, forstjóri Grundar, hlaut þakkarviðurkenningu FKA.

TÍMAMÓT 14

### Áfram jöfn í öðru sæti



Stórsókn Chelsea og Liverpool bar árangur á endanum og þau unnu bæði í gær.

ÍÞRÓTTIR 22

### VEÐRIÐ Í DAG




**STÍFUR AF NORÐRI** Í dag verða norðan 8-15 m/s en hvassar austan Vatnajökuls. Él norðan til og austan en bjart veður syðra. Hiti ekki fjarri frostmarki með ströndum.

VEÐUR 4






# Þarf að greiða skatt af niðurfelldum skuldum

**Starfsmenn Kaupþings skulda bankanum enn fimmtíu milljarða, þrátt fyrir að persónulegar ábyrgðir þeirra hafi verið felldar niður. Starfsmenn þurfa líklega að greiða tekjuskatt verði skuldirnar afskrifaðar. Gildir líka um fyrirtæki.**

**SKATTAMÁL** Skuld starfsfólks Kaupþings, sem fékk alls fimmtíu milljarða að láni til hlutabréfakaupa í bankanum, hefur enn ekki verið formlega felld niður. Hún er því útistandandi í nýja bankanum, þrátt fyrir að stjórn gamla bankans hafi fellt niður persónulegar ábyrgðir fólksins stuttu fyrir bankahrun, þar á meðal skuldir stjórnarformanns og forstjóra.

Niðurfelling skuldanna þýðir afskriftir fyrir nýja Kaupþing. „En eins og allar eignir sem eru færðar milli bankanna, þarf að verðmeta þær, og sú vinna stendur enn yfir,“ segir Finnur Sveinbjörnsson bankastjóri.

Fræðilega geti skuldirnar verið metnar á núlli. „Veðin [í hlutabréfum] eru auðvitað farin og persónulegar tryggingar starfsfólks voru felldar niður samkvæmt ákvörðun stjórnar gamla bankans,“ segir hann, þessu til rökstuðnings.

Verðmat eignarinnar hafi þó ekki áhrif á stöðu skuldarans, því gamla skuldin standi óbreytt í fimmtíu milljörðum, eftir sem áður. Eins og með svo margar útistandandi skuldir bankanna sé óákveðið með hvaða hætti eigi að innheimta hana.

Spurður hvort niðurfelling persónulegra ábyrgða sé ekki það sama og að fella niður skuldina sjálfa, segir Finnur að svo sé í reynd „en það er ekki búið að gera það. Þetta er enn þá skuld.“

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri segir að almennt séð eigi að greiða tekjuskatt af niðurfellingu skulda. Hann tjáir sig ekki um mál Kaupþings.

„En ef þú skuldar banka hundrað milljónir og bankinn segir við þig af einhverjum ástæðum að hann ætli bara að innheimta fjörutíu milljónir og gefur þér eftir sextíu, þá telst það til tekna, nema þú sért gjaldþrota, í nauðasamningum eða í greiðsluaðlögun,“ segir Skúli. Þetta gildi jafnt um fyrirtæki sem einstaklinga. **- kóþ**



**ÁRANGURSLAUS LEIT** Loðnuleit Hafrannsóknastofnunar hefur engan árangur borið og hefur leit verið hætt í bili. Þeir Jóhann Baldvinsson (til hægri) og Brynjólfur Bjarnason létu það ekki á sig fá heldur gerðu rannsóknaskipið Árna Friðriksson klárt í botnfisksrannsóknir, en skipið hélt úr Reykjavíkurhöfn í gærkvöldi. Sjá síðu 6. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Stjórnmálamenn leituðu sökudólga til að beina athyglinni frá sjálfum sér:

# Dýrkeyptur þriggja mánaða dráttur

**VIÐSKIPTI** „Stjórnmálamenn fóru að leita að sökudólgum til að beina athygli og óánægju frá sjálfum sér og skora jafnframt pólitísk stig. Umræðan varð mjög neikvæð sem svo aftur hafði lamandi áhrif út í stjórnsýsluna og nýju bankana,“ segir Jónas Fr. Jónsson, fyrrverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins, um breytingar sem áttu sér stað í nóvember í fyrra. Þá var lokið fyrsta áfanga björgunarstarfs eftir hrun bankanna.

Jónas, sem lét af störfum núna um mánaðamótin, segir að í nóvember hafi þegar legið fyrir að taka þyrfti stefnumarkandi ákvarðanir í ýmsum málum, svo sem hluthafa- og eignarhaldsstefnu ríkisins. „Þessi mál hafa í raun verið í biðstöðu í þrjá mánuði, en margt af því sem fram kom í stefnupappírnum hjá samræmingarhópnum [um endurreisn fjármálakerfisins] var á borðinu strax í nóvember.“ Hættan sé að kreppan verði lengri eftir því sem dregst að taka ákvarðanir í þessum efnum.

**- óká /** **sjá Markaðinn**






Jón Ólafsson fæst við ritstörf:

## Villi Vill á bók

**FÓLK** Jón Ólafsson tónlistarmaður hefur nú tekið sér fyrir hendur að rita ævisögu Vilhjálms Vilhjálmssonar heitins, eins ástsælasta söngvara þjóðarinnar. Er þetta frumraun Jóns á þessu sviði en útgefandinn er afþreyingarfyrirtækið Sena. „Við erum að skoða alla möguleika,“ segir Ísleifur Þórhallsson hjá Senu en fyrirtækið er með nokkur verkefni í pípunum og stefnir á að gefa út tvo til þrjá bókatitla fyrir næstu jól. Mun efni þeirra skarast við það sem Sena hefur einkum fengist við undanfarin ár sem er útgáfa og sala á tónlist.



JÓN ÓLAFSSON

Kristján B. Jónasson mun ritstýra bók Jóns og er hann jafnframt ráðgjafi Senu í bókaútgáfumálum. **- jbg /** **sjá síðu 26**

Reynt að stöðva gengishrun:

## Fleiri þjóðir grípa til hafta

**VIÐSKIPTI** „Ég tel eðlilegt að halda í gjaldeyrishöft enn um sinn,“ segir dr. Daniel Levin, lögfræðingur og efnahagsráðgjafi ríkisstjórna víða um heim sem glímt hafa við efnahagskreppur.

Hann segir Seðlabankann hafa átt fáa aðra kosti gagnvart gengishruni krónunnar í nóvember í fyrra en að takmarka gjaldeyrisviðskipti.

Levin segir ríkisstjórnir í Austur-Evrópu og í löndunum við Eystrasalt ræða það alvarlega að grípa til sömu ráða gagnvart gengishruni þar og því megi búast við tíðari fregnum af gjaldeyrishöftum í Evrópu innan fárra vikna.

**- jab /** **sjá Markaðinn**

Stjörnufræðiári fagnað:

## Krakkar skoða stjörnurnar

**FÓLK „Námskeiðið gengur í megindráttum út á að fræða börn um það sem við getum séð á himninum eins og stjörnumerkin, tunglið og reikistjörnurnar,“ segir Helgi Bragason hjá Stjörnuskoðunarfélagi Seltjarnarness. Helgina 7. og 8. mars stendur félagið fyrir krakkanámskeiðum í stjörnufræði og stjörnuskoðun í Valhúsaskóla.**



HELGI BRAGASON

**Í ár eru 400 ár liðin frá því að Galíleó beindi sjónauka til himins og er þess atburðar minnst um allan heim. „Krakkanámskeiðið er hluti af svokölluðu UNAWE-verkefni sem er eitt mikilvægasta verkefni stjörnufræðiársins. Verkefnið gengur út á að færa börnum undur alheimsins á einfaldan hátt,“ segir Helgi.**

**- hs /** **sjá Allt**

## SPURNING DAGSINS



*Jóhann, leita margir til þín í afréttara?*

„Nei, ég er ekki rétti maðurinn til þess.“

Réttingaverkstæði Jóa, Jóhanns Arnar Jóhannssonar, stækkaði nýverið við sig. Jóhann segir meira að gera í kreppunni en áður.

Telja ekki ástæðu til ákæru vegna pókermóts sem lögreglan stöðvaði árið 2007:

# Segir lögregluna hafa hlaupið á sig

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta er sigur fyrir mótapókerinn,“ segir Sveinn Andri Sveinsson, hæstaréttarlögmaður og talsmaður Pókersambands Íslands, um þá niðurstöðu ríkissaksóknara að ákæra ekki vegna pókermóts sem lögreglan stöðvaði 16. júní 2007.

Í bréfi sem Sindri Lúðvíksson, sem stóð fyrir mótinu, fékk frá ríkissaksóknara kemur fram að málið hafi verið látið niður falla þar sem ekki þyki líklegt að sakfelling náist.

„Ég get ekki verið annað en sáttur,“ segir Sindri. „Það er samt ekki hægt að segja annað en að lögreglan hafi hlaupið á sig með því að stöðva mótið.“



**STÖÐVAÐ** Fjöldi lögreglumanna stöðvaði pókermót í júní 2007. Til greina kemur að halda áfram með mótið þar sem frá var horfið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sveinn Andri segir að það sé skýr niðurstaða ákæruvaldsins í landinu að mótapóker sé löglegur.

Um 150 pókerspilarar tóku þátt í mótinu og lögðu 4.000 krónur í pott hver. Verðlaunaféð, um 600 þúsund krónur, átti að deilast niður á efstu spilarana. Lögregla stöðvaði mótið áður en niðurstaða fékkst og lagði hald á verðlaunafé, spil og spilapeninga.

Sindri segir að hann fái nú varning og peninga til baka. Nú þurfi að ákveða hvort mótinu verði haldið áfram eða hvort verðlaunafé verði deilt niður á spilara eftir stöðu mótsins þegar það var stöðvað.

Þó nokkur pókermót hafa verið haldin frá því að mótið í júní 2007 var stöðvað, og segist Sindri ekki eiga von á öðru en að áfram verði haldið eftir þessa niðurstöðu. **- bj**

Félagsmálaráðherra:

# Spornað við bótasvindli

**ALÞINGI** Vinnumálastofnun fær auknar heimildir til að leita eftir upplýsingum um hagi umsækjenda atvinnuleysisbóta, samkvæmt frumvarpi um breytingar á lögum um atvinnuleysisbætur, sem Ásta R. Jóhannesdóttir, félags- og tryggingamálaráðherra, hefur lagt fram. Þetta er gert til að sporna við misnotkun á atvinnuleysisbótum.

Samkvæmt frumvarpinu fær stofnunin sérstaka heimild til að óska upplýsinga og gagna frá vinnuveitanda ef talin er þörf fyrir nánari rökstuðning um samdrátt í rekstri miðað við starfshlutfall. **- kóp**



**HÁLSTAU** Steingrímur J. Sigfússon tók að sér að hnýta bindishnút fyrir Jóhönnu Sigurðardóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Átakið Karlar og krabbamein:

# Allir ráðherrar fengu bindi

**HEILBRIGÐISMÁL** Allir ráðherrar í ríkisstjórninni fengu þrílit bindi og slaufur í gærmorgun í tilefni af átakinu Karlmenn og krabbamein, sem Krabbameinsfélag Íslands stendur fyrir.

Það var Guðrún Agnarsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélagsins, sem afhenti ráðherrunum hálstauið. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra tók við gjöfinni og hrósaði Krabbameinsfélaginu fyrir átakið, sem hófst á sunnudag.

Átakinu er ætlað að fá karlmenn til að huga að heilsu sinni og læra að bera kennsl á fyrstu einkenni krabbameins. **- bj**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Bílvelta við Hallormsstað

Ökumaður missti stjórn á bíl sínum í hálku og fór út af Upphéraðsvegi, rétt við Hallormsstað, í gær. Ökumaður var einn á ferð og slapp ómeiddur. Bíllinn var færður með kranabíl til Egilsstaða og er talinn ónýtur.

## DÓMSMÁL

### Skipaður saksóknari

Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra skipaði í gær Björn Þorvaldsson í embætti saksóknara við ríkissaksóknaraembættið til fimm ára frá 1. apríl næstkomandi. Björn hefur gegnt stöðu aðstoðarsaksóknara og staðgengils saksóknara efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra.

# Snjóflóðahætta í nótt á Vestfjörðum

**Á fjórða tug þurfti að dvelja fjarri húsum sínum í nótt á Ísafirði og í Bolungarvík vegna hættu á snjóflóðum. Flestar samgönguæðar á milli þéttbýlisstaða eru lokaðar. Veðrið lægði í gærkvöldi en búist var við vindhviðum fram á nótt.**

**VEÐUR** „Þetta er langmesti snjór sem komið hefur í mörg ár í einu skoti,“ segir Halldór Sveinbjörnsson, ljósmyndari á Bæjarins besta á Ísafirði. Nokkrir bæir í dreifbýli voru rýmdir vegna hættu á snjóflóðum og þá var atvinnuhúsnæði á Ísafirði rýmt og íþróttamannvirkjum var lokað. Ekki var talið óhætt að leyfa fólki að flytja aftur í hús sín í gærkvöldi.

Geir Sigurðsson, hjá Vegagerðinni á Vestfjörðum, segir að Óshlíð og Súðavíkurhlíð hafi verið lokað strax á mánudag eftir að flóð féllu á vegina. Þá féllu einnig flóð á Eyrarvík, frá Ísafirði út í Hnífsdal, og var veginum lokað í gær og Flateyrarvegi einnig, þótt engin flóð hefðu fallið þar. Lögreglan og björgunarsveitir stýrðu umferð undir Grænagarðshlíð og atvinnuhúsnæði þar undir var rýmt. Umferð um Skutulsfjarðarbraut var hleypt í hollum. Geir segir að leiðir verði opnaðar snemma í fyrramálið.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær voru fjögur hús á Bolungarvík rýmd á mánudagskvöld. Í gær var fólki gert að fara af nokkrum bæjum á norðanverðum Vestfjörðum; Fremstu-húsum í Dýrafirði, Geirastöðum í Syðridal við Bolungarvík, Höfða og Kirkjubæ í Skutulsfirði, Tankinum innan Flateyrar, Hrauni í Hnífsdal og Fremri-Breiðdal. Alls hafa 34 þurft að yfirgefa heimili sín vegna snjóflóðahættu.

Leifur Örn Svavarsson, hjá snjóflóðavakt Veðurstofu Íslands, segir að mikið hafi safnast upp af lausasnjó síðustu daga og það, auk ofankomunnar, hafi orðið til þess að mikill snjór þyrlaðist um svo ekki sást á milli húsa. Hann átti von á að veðrið gengi niður með morgninum.



**FANNFERGI Á ÍSAFIRÐI** Ekkert ferðaveður var fyrir vestan í gær eins og þeir sem hættu sér út fengu að kenna á. Björgunarsveit lokaði umferð þar sem hætta var á snjóflóðum en gangandi vegfarendur börðust við skaflana. MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

Engin óhöpp höfðu orðið á fólki samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni. Ökumaður bíls á Ísafirði missti stjórn á honum svo hann rann á hús við íþróttavöllinn, en ekki hlutust meiðsl af.

Sigurður Kjartan Hálfdánarson var enn með fjölskyldu sína hjá móður sinni, en þau þurftu að rýma hús sitt í Bolungarvík á mánudag, líkt og Fréttablaðið greindi frá. Hann sagði ágætt að koma sér af hættusvæðinu, en alla væri farið að lengja eftir að komast heim.



**Í FARARBRODDI** Bernódus, átta ára, leiðir fjölskylduna af heimilinu í Bolungarvík. MYND/HAFÞÓR GUNNARSSON

**kolbeinn@frettabladid.is**

# Lést í bílslysi

**Maðurinn sem lést í bílslysi á Akrafjallsvegi sunnudaginn 1. mars síðastliðinn hét Ragnar Ólafsson. Hann fæddist í Vestmannaeyjum hinn 26. nóvember 1963.**



**Ragnar var búsettur í Reykjavík en starfaði við Grundartanga. Hann var barnlaus en lætur eftir sig unnustu.**

Skíðaiðkendur í Bláfjöllum:

# Skíðuðu hjá meðvitundarlausri stúlku

**SLYS** Nokkur fjöldi skíðafólks hafði rennt sér framhjá fjórtán ára stúlku sem hafði dottið og misst meðvitund í Bláfjöllum um klukkan átta í fyrrakvöld. „Fjöldi þeirra voru reyndar krakkar en þarna var líka mikið um fullorðið fólk,“ segir Ragnheiður Sigurðardóttir sem kom að þeirri slösuðu. Þá var vinkona að huga að stúlkunni en henni féllust hendur þegar hún sá að vinkona sín var ekki með meðvitund.

„Ég tók af mér skíðin og fór að athuga málið og hringdi síðan strax í 112 þegar ég sá að hún var ekki með meðvitund. Það er kannski skiljanlegt að fólk átti sig ekki á því að svona nokkuð hafi gerst en það kostar heldur ekkert að stoppa og athuga það því þetta getur skipt verulega miklu máli.“

Hún segir að sjúkrahjálpin hafi verið fljót að berast. Á leiðinni á spítala komst stúlkan svo til meðvitundar og er, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, ekki alvarlega slösuð. **- jse**






Skattrannsóknarstjóri rannsakar mál dótturfélaga gömlu bankanna ytra:

# Gætu farið til saksóknara í Lúx

**EFNAHAGSMÁL** Skattrannsóknarstjóri er með nokkur mál til rannsóknar sem tengjast dótturfélögum sem gömlu bankarnir stofnuðu í Lúxemborg á sínum tíma. Þau mál gætu farið sem skattsvikamál til lögreglu. Henni væri þá mögulegt að reyna að fá upplýsingar um þessi félög frá saksóknara í Lúxemborg á þeim forsendum. Þetta segir Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri.

Íslensk skattyfirvöld hafi enn ekki getað nálgast upplýsingar um viðskipti eða önnur málefni dótturfélaga gömlu bankanna þar ytra. Ekki einu sinni um hvaða einstaklingar eða önnur félög standi að baki þeim. Erfitt sé að kasta tölu á félögin sem um ræðir, en embættið hafi rekist á ýmis nöfn, sem það vilji skoða betur.

„Við fáum ekki upplýsingar um þetta gegnum gömlu bankana. Og í Lúxemborg ríkir bankaleynd. Skilanefndir gömlu bankanna beita þeim rökum að þetta séu dótturfélög, skráð og staðsett þar og íslensk löggjöf nái því ekki til þeirra,“ segir Bryndís.

> Skilanefndir gömlu bankanna beita þeim rökum að þetta séu dótturfélög, skráð og staðsett þar og íslensk löggjöf nái því ekki til þeirra.
>
> **BRYNDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR**
> SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI



Spurð um aðstoð stjórnvalda í þessari leit, segist Bryndís ekki hafa orðið vör við annað en fullan vilja þeirra til að opna fyrir flæði slíkra upplýsinga.

Þetta lýsi sér meðal annars í væntanlegu þingfrumvarpi fjármálaráðherra sem fjallar um breytingar á skattalögum. Þar séu lagðar auknar kröfur á móðurfélög til að afla upplýsinga um viðskipti dótturfélaga sinna. Þá sé sett upplýsingaskylda á endurskoðendur og lögmenn innanlands, þannig að skatturinn geti nálgast upplýsingar sem nú leynist hjá þeim.

Öll ákvæði um þagnarskyldu víki fyrir skattalöggjöf. Verði frumvarpið að lögum væri það til mikilla bóta fyrir skattyfirvöld, segir Bryndís, en tekur fram að það veiti ekki aðgengi að gögnum í Lúxemborg. **- kóþ**

# skattur.is

## Fljótlegt, **öruggt og einfalt** að telja fram

### Veflyklar

Veflyklar hafa verið sendir til nýrra framteljenda og þeirra sem ekki eiga varanlega veflykla frá fyrri árum.
Ekki eru þó sendir veflyklar til þeirra sem nýttu sér þjónustu endurskoðenda eða annarra fagmanna til framtalsskila í fyrra.

Glatist veflykill má sækja um nýjan á skattur.is og fá hann sendan í vefbanka eða í pósti.

### Talið fram á skattur.is

Veflykill veitir aðgang að þjónustusíðu á skattur.is þar sem hægt er að fylla út skattframtalið á einfaldan hátt.

### Framtal á pappír

Pappírsframtöl eru aðeins send þeim sem töldu fram á pappír í fyrra. Hægt er að panta áritað pappírsframtal og sundurliðunarblað á skattur.is eða í síma 511-2250 og fá það sent í pósti. Jafnframt er hægt að prenta út auð framtalsform á skattur.is.

### Áritaðar bankainnstæður

Bankainnstæður koma nú áritaðar á framtalið. Aðrar upplýsingar frá bönkum og sparisjóðum má á auðveldan hátt flytja af skattayfirlitum í vefbanka á sundurliðunarblað framtals. Þaðan er einfalt að færa þær á skattframtal.

### Aðgengilegar leiðbeiningar

Leiðbeiningar er að finna á skattur.is á aðgengilegu formi. Einnig er auðvelt að kalla fram skýringar við einstaka kafla eða reiti í vefframtali.

**Prentaðar leiðbeiningar ásamt sérstökum leiðbeiningum vegna efnahagsástandsins má fá hjá skattstjórum.**

### Símaþjónusta 511-2250

Í mars verður veitt aðstoð frá kl. 8 til 16 alla virka daga í síma 511-2250. Dagana 23., 30. og 31. mars og 1. apríl verður þjónustan í boði til kl. 19.



### Skilafrestur

Almennur skilafrestur fyrir launamenn og einstaklinga með eigin atvinnurekstur er til **23. mars.**

Hægt er að sækja um viðbótarfrest á skattur.is, lengst til 1. apríl.




RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI

## GENGIÐ 03.03.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,44 | 114,98 |
| Sterlingspund | 160,85 | 161,63 |
| Evra | 144,41 | 145,21 |
| Dönsk króna | 19,378 | 19,492 |
| Norsk króna | 16,031 | 16,125 |
| Sænsk króna | 12,516 | 12,59 |
| Japanskt jen | 1,1711 | 1,1779 |
| SDR | 167,54 | 168,54 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

177,9609

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ráðherra segir árásina í Sandgerði dæmi um rök gegn hnefaleikum:

# Segir afnám boxbanns mistök

**LÖGREGLUMÁL** „Með því að breyta lögunum um hnefaleika vorum við að bjóða hættunni heim, og við gerðum það með galopin augun. Öll rökin sem ég og fleiri notuðum til að reyna að koma í veg fyrir að boxbanninu yrði aflétt hafa verið að tínast til smám saman,“ segir Kolbrún Halldórsdóttir umhverfisráðherra. Þrettán ára meðlimur í Hnefaleikafélagi Reykjaness er einn þriggja pilta sem gengu í skrokk á samnemanda sínum í grunnskólanum í Sandgerði í síðustu viku. Pilturinn sem ráðist var á fékk meðal annars heilahristing og missti tímabundið heyrn á öðru eyra. Árásin var kærð.



GUÐJÓN VILHELM SIGURÐSSON



KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR

Ólympískir hnefaleikar voru leyfðir að nýju á Íslandi árið 2002. Kolbrún segir að hún og fleiri hafi lagt mikið á sig til að þau lög yrðu ekki að veruleika. „Með því að heimila hnefaleika aukum við hættuna á að tilvikum, eins og í Sandgerði, fjölgi,“ segir Kolbrún.

Pilturinn sem framdi árásina hefur verið kosinn íþróttamaður Sandgerðis fyrir góðan árangur í hnefaleikum. Guðjón Vilhelm Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hnefaleikafélags Reykjaness, segir að félagið muni vinna í máli drengsins ásamt foreldrum hans, samkvæmt innanhússreglum félagsins sem verði ekki gerðar opinberar. Hann segir ekki standa til að vísa piltinum úr félaginu. „Við myndum aldrei gera það. Það er ekki rétta leiðin til að bregðast við,“ segir Guðjón. **- kg**

Ákærður fyrir margvísleg brot:

# Reyndi að múta lögregluþjónum

**DÓMSMÁL Andrés Pétur Rúnarsson, fyrrverandi fasteignasali, hefur verið ákærður fyrir að hafa ekið ölvaður og réttindalaus. Hann er einnig sakaður um að hafa reynt að múta lögregluþjónunum sem stöðvuðu för hans í ágúst 2007.**

**Andrés hefur einnig verið ákærður fyrir að hafa vanrækt greiðslu virðisaukaskatts og tekjuskatt að upphæð tæplega 10 milljónir króna í rekstri þriggja hlutafélaga. Hluti af þeirri upphæð er vegna láns úr einu félaganna til hans persónulega.**

**Ákærurnar voru þingfestar í héraðsdómi í gær. - bj**



**BANDALAG** L-listinn vill vinna gegn ríkjandi flokksræði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

L-listinn tilkynnir um framboð:

# Lausnin felst í lýðræðinu

**STJÓRNMÁL** „Með því að bjóða fram lista án þess að stjórnmálaflokkur standi þar á bak við viljum við brjóta upp gamla skipulagið. Það þarf sterk Pollýönnugleraugu til að sjá íslenska flokka sem lýðræðislega flokka,“ sagði Bjarni Harðarson þegar L-listinn, bandalag frjálsra fram-bjóðenda, tilkynnti um framboð til Alþingis í gær.

Séra Þórhallur Heimisson, sem einnig stendur að listanum, sagði að L-listinn byggði á ákveðnum grunngildum. Meðal annars að vilja endurreisn lýðræðisins og atvinnulífsins. Innganga í ESB sé engin lausn gegn atvinnuleysi og vonleysi. **- kg**

Ákærður fyrir líkamsárás:

# Rændi og barði sjötugan mann

**DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært Gytis Keplas fyrir líkamsárás og rán. Keplas er sakaður um að hafa við annan mann ráðist á sjötugan mann á Laugaveginum í október á síðasta ári.**

**Árásarmennirnir slógu manninn í andlitið svo hann féll í jörðina. Þeir stálu af honum veski með 100 þúsund krónum og farsíma.**

**Lögregla lýsti eftir Keplas og vitorðsmanni hans í fjölmiðlum í október í fyrra, skömmu eftir árásina. Lögreglu tókst að hafa uppi á Keplas, en talið er að vitorðsmaðurinn hafi komist úr landi. - bj**

# Enginn vill sendiráðsbústaði

**Fjórir sendiráðsbústaðir voru settir á sölu í janúar. Engin tilboð hafa borist. Skrifstofustjóri í utanríkisráðuneytinu segir húsin ekki seld nema á viðunandi verði. Ríkissjóður gæti hagnast um milljarð á húsunum.**

**FASTEIGNIR** „Ég get ekki neitað því að við erum að halda verðinu í hærri kantinum, því það er ekki meiningin að þessar eignir fari á einhverja brunaútsölu. Ef við fáum ekki viðunandi verð fyrir húsin þá seljum við þau ekki,“ segir Pétur Ásgeirsson, skrifstofustjóri rekstrar- og þjónustuskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Engin kauptilboð hafa borist í sendiráðsbústaði Íslands í New York, Washington, London og Ósló sem settir voru á sölu í janúar.

Um er að ræða eignir sem hafa verið lengi í eigu íslenska ríkisins. Húsin eru öll íburðarmikil og í eftirsóttum hverfum viðkomandi borga.

Samkvæmt uppsettu verði ættu að fást tæpir þrír milljarðar íslenskra króna fyrir fasteignirnar. Pétur segir ætlunina að nýta um tvo milljarða af því fé í kaup á hagkvæmara húsnæði í stað þess sem selt verður. Ef allt gangi upp gæti ríkissjóður því hagnast um 500 til 1.000 milljónir króna á sölunum.

Pétur segir ekkert óeðlilegt þótt sölur af þessu tagi geti tekið um fjóra til átta mánuði. „Fasteignasalarnir hafa sagt okkur að líklega fari eitthvað að gerast í þessu með vorinu. En það er alltaf erfitt að segja með svona mál. Það gæti eitthvað gerst á morgun, en kannski gerist ekki neitt,“ segir Pétur. kjartan@frettabladid.is



**LONDON** Fimm hæða íbúðarhús við Park Street í Mayfair-hverfinu. Húsið er byggt árið 1921 og er 2.300 fermetrar að stærð.



**GULIR VEGGIR OG SÓFAR** Sendiráðsbústaðurinn í London er metinn á 10 milljónir punda, eða tæpa 1,7 milljarða króna.



**NEW YORK** Verðmatið á bústað sendiherra Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York er 5,6 milljónir dollara, eða um 600 milljónir króna. Húsið er á horni Park Avenue og 55. strætis.



**WASHINGTON** Tíu svefnherbergi, fimm baðherbergi og sundlaug eru meðal þess sem sendiráðsbústaðurinn í Washington býður upp á.



**WASHINGTON** Sendiráðsbústaðurinn á Kalomar Road, skammt frá miðborg Washington, er metinn á 5,65 milljónir dollara, um 600 milljónir króna. Húsið hefur verið í eigu íslenska ríkisins í hálfa öld.




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**HELGARHORFUR**

Á laugardag eru ágætar veðurhorfur um mest allt land. Hægur vindur en hætt við stöku éljum, einkum vestan og norðvestan til. Á sunnudag snýst hann í stífa norðanátt með snjókomu norðan- og austanlands en úrkomulausu veðri syðra. Þar sem snjóalög er töluverð má búast við töluverðum skafrenningi á sunnudag.



**Á MORGUN** 5-13 m/s hvassast á Vestfjörðum.

**FÖSTUDAGUR** Norðaustan 8-15 á Vestfjörðum annars hægur.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 16° |
| Amsterdam | 6° |
| Basel | 6° |
| Berlín | 7° |
| Billund | 5° |
| Eindhoven | 6° |
| Frankfurt | 11° |
| Friedrichshafen | 6° |
| Gautaborg | 6° |
| Kaupmannahöfn | 6° |
| Las Palmas | 18° |
| London | 6° |
| New York | 3° |
| Orlando | 20° |
| Osló | 1° |
| París | 6° |
| Róm | 14° |
| Stokkhólmur | 2° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.


Hin heimsþekkta sópransöngkona:
DEBORAH VOIGT Á LISTAHÁTÍÐ!
31. maí
Háskólabíó
Efnisskrá:
Verk eftir Giuseppe Verdi, Richard Strauss, Amy Beach, Ottorino Respighi og Ben Moore, auk laga úr söngleikjum Leonard Bernstein.
Meðleikari er Brian Zeger.
„... hún er stórfengleg"
The Times 2008
„... svo virðist sem hún hafi fundið æðri tilgang og nýtt frelsi ...tilfinningu sem hittir mann beint í magagrófina."
The Guardian 2008
„Voigt, sem er bersýnilega á hátindi ferils síns, er undraverður túlkandi. Hljómur hennar er í senn jarðneskur og leiftrandi...blátt áfram dýrðlegur."
The New York Times 2007
Miðasala er hafin!
Velkomin í Klúbb Listahátíðar! sjá www.listahatid.is
Miðasala á www.listahatid.is
www.midi.is og í síma 552 8588
2009
15.–31. MAÍ
LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL
Iceland Express
Radisson SAS
SAMSKIP
FRÉTTABLAÐIÐ

**KJÖRKASSINN**



*Munt þú kjósa í prófkjöri einhvers stjórnmálaflokkanna?*

| | |
|---|---|
| Já | 41,9% |
| Nei | 58,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú sátt(ur) við ferðir forseta Íslands með þotum í eigu eða leigu íslenskra fyrirtækja?*

Segðu þína skoðun á visir.is **vísir**

Skuldir ríkissjóðs hafa vaxið úr 27 prósentum af landsframleiðslu í 67 prósent:

# Ríkið skuldar þúsund milljarða

**STJÓRNMÁL** Brúttóskuldir íslenska ríkisins nema nú eitt þúsund milljörðum króna. Hafa þær vaxið úr því að vera 27 prósent af landsframleiðslu fyrir hrun bankanna í 67 prósent af landsframleiðslu.

Efnahags- og skattanefnd Alþingis var upplýst um skuldastöðuna á fundi í gær.

Fram kom að um þriðjungur skuldanna – um 300 milljarðar – kæmi til vegna framlags ríkissjóðs til Seðlabankans sem tapaði háum fjárhæðum vegna svonefndra endurhverfra viðskipta við bankana.

Þá kom fram að skuldir vegna innlánsreikninga bankanna í útlöndum næmu um 70 milljörðum.

Björgvin G. Sigurðsson, formaður efnahags- og skattanefndar, segir tölurnar sýna að skuldastaðan hafi versnað mjög en sé þó bærilegri heldur en svartsýnustu spár sögðu til um. „Horfurnar eru alveg þokkalegar, sérstaklega ef vel gengur að hámarka virði eignasafns gömlu bankanna,“ segir Björgvin.

Skuldsetning íslenska ríkisins er lík því sem algengt er í Evrópuríkjum, að sögn Björgvins. „Við vorum talsvert betur sett en margar þjóðir en förum nú í meðaltalið.“ Bendir Björgvin á að skuldir breska ríkisins séu yfir 70 prósent af landsframleiðslu og á Ítalíu fari hlutfallið yfir 100 prósent. - bþs



**BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON** Segir skuldsetningu ríkisins líka því sem algengt er í Evrópuríkjum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tveir leiðtogar myrtir:

# Pereira forseti til bráðabirgða

**GÍNEA-BISSÁ, AP** Raimundo Pereira, forseti þingsins í Gíneu-Bissá, tekur við forsetastarfinu til bráðabirgða í samræmi við stjórnarskrá landsins.

Pereira segir að nú sé „viðkvæmt ástand“ komið upp í landinu. Fyrri forseti, Joao Bernardo „Nino“ Vieira, var myrtur á mánudag.

Herinn segir „einangraðan“ hóp hermanna hafa framið morðið. Alls ekki sé um hefndarmorð að ræða, þótt daginn áður hafi Batiste Togma na Waie, yfirmaður herráðs landsins, verið myrtur. Þeir Pereira og Waie hafa lengi verið andstæðingar. - gb

Peningastefnunefnd mönnuð:

# Anne og Gylfi ráðherraskipuð

**STJÓRNSÝSLA** Forsætisráðherra hefur skipað hagfræðidoktorana og háskólaprófessorana Anne Sibert og Gylfa Zoëga í peningastefnunefnd Seðlabankans. Anne er prófessor við Birbeck-háskóla í Lundúnum en Gylfi við Háskóla Íslands.

Í peningastefnunefndinni sitja þrír starfsmenn Seðlabankans, þeir Svein Harald Øygard seðlabankastjóri sem er formaður hennar, Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri og Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur bankans.

Peningastefnunefndin tekur meðal annars ákvarðanir um vexti og bindiskyldu Seðlabankans. - bþs

Harmleikur í Pakistan:

# Árás á krikketlið frá Sri Lanka

**PAKISTAN, AP** **Á annan tug vopnaðra manna réðist á krikketlið frá Sri Lanka á umferðartorgi skammt frá íþróttaleikvangi í Lahore í Pakistan.**

**Sex lögreglumenn og einn ökumaður létu lífið, en sjö landsliðsmenn særðust ásamt þjálfara og keppnisdómara. Enginn þeirra er þó alvarlega særður.**

**Árásarmennirnir réðust á bílalest krikketliðsins þegar hún ók á hringtorgi áleiðis að íþróttavellinum. Í kjölfarið hófst skotbardagi við lögregluþjóna sem stóð í fimmtán mínútur.**

**Árásin er ein sú versta sem gerð hefur verið á íþróttalið síðan Palestínumenn myrtu ellefu ísraelska íþróttamenn á Ólympíuleikunum í München árið 1972.** - gb

# Tekjutap upp á milljarða blasir við

**Loðnuleit hefur engan árangur borið. Enn er þó smá von um að eitthvað finnist vestur af landinu. Framkvæmdastjóri LÍÚ segir það mikið áfall ef loðnan bregst. Síðan 1996 hafi hún að meðaltali skilað 12,5 milljarða tekjum á ári.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Loðnuleit hefur verið hætt í bili að sögn Þorsteins Sigurðssonar, sviðsstjóra nytjastofnasviðs hjá Hafrannsóknastofnun. Til marks um það hélt rannsóknarskipið Árni Friðriksson úr Reykjavíkurhöfn í gærkvöldi áleiðis til botnfisksrannsókna.

Síðasta skipið sem var við hefðbundna loðnuleit leitaði vestur af Snæfellsnesi og kom til hafnar í fyrrinótt. Þorsteinn segir að þó að skip Hafrannsóknastofnunar séu hætt loðnuleit í bili sé stofninn í góðu sambandi við fiskiskip vestur af landinu.

Eins og komið er sé eina vonin að loðna finnist á miðum vestur af landinu og við Vestfirði. Hann segir ljóst að ef ekkert finnist fyrir vikulok verði ekki veidd nein loðna í ár.

„Ég vil samt ekki útiloka neitt alveg strax því hún kemur okkur alltaf á óvart, blessuð loðnan. En satt best að segja þá eru líkurnar á að eitthvað finnist mjög litlar. Við höfum aldrei leitað jafnmikið og á yfirstandandi vetri,“ segir Þorsteinn og bætir við að tíminn sé í raun runninn út því venjulega slái menn loðnuveiðar af ef ekkert hafi fundist um mánaðamótin febrúar/mars.

Þorsteinn minnir þó á að fyrir tveimur árum hafi staðan verið svipuð en þá hafi samt verið landað um 200 þúsund tonnum.

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands útvegsmanna (LÍÚ), segir það augljóslega mikil vonbrigði finnist engin loðna. Það yrði annað áfallið á þessari vertíð eftir að íslenska síldin brást.

„Loðnuveiðin hefur skilað um 12,5 milljörðum króna að meðaltali á ári síðan 1996,“ segir Friðrik J. „Það yrði því mikið áfall bæði fyrir útgerðir og bæjarfélög víða um land, þó sérstaklega á Austfjörðum og á Suðurlandi, ef ekkert yrði veitt í ár.“

Friðrik J. segist því miður frekar svartsýnn á að loðna finnist úr þessu. Þó sé smá von enn því vesturgangan hafi oft verið seint á ferðinni, sérstaklega á árum áður. Hann segir menn nú binda ákveðnar vonir við miðsjávartegundir eins og gulldeplu og fleiri tegundir. Það sé hins vegar dýrt að leita að þeim og veiða.

„Það er mjög mikið magn af þessum miðsjávartegundum á miðunum suðvestur af landinu, sérstaklega við Reykjaneshrygginn. Milljónir tonna af þessum fiski eru taldar vera þar.

Það kemur samt ekkert í staðinn fyrir loðnu.“

Í fyrra var loðnukvótinn um 157 þúsund tonn en árið 2007 var hann 318 þúsund tonn.

trausti@frettabladid.is




**Á LEIÐ FRÁ LANDI** Loðnuleit hefur verið hætt í bili. Rannsóknarskipið Árni Friðriksson hélt úr Reykjavíkurhöfn í gærkvöldi á leið til botnfisksrannsókna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**ÞORSTEINN SIGURÐSSON**



**FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON**











Hillary Clinton ræddi við Netanjahu í gær og hittir Palestínumenn í dag:

# Netanjahu til í friðarviðræður

**ÍSRAEL, AP** Benjamin Netanjahu, leiðtogi hægrimanna á ísraelska þinginu, segist nú vel geta hugsað sér að ræða við Palestínumenn, þrátt fyrir að hafa gagnrýnt harðlega fyrri friðarviðræður milli Ísraela og Palestínumanna.

„Við þurfum skapandi hugsun til að komast áfram og skapa nýjan veruleika,“ sagði hann að loknum fundi sínum með Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna.

Hann segir að þau hafi „náð vel saman“ og átt „djúpar, mikilvægar og góðar“ samræður, að því er haft er eftir honum á vefmiðli ísraelska dagblaðsins Haaretz. Clinton sagði fyrir fundinn að Bandaríkjamenn myndu starfa náið með næstu ríkisstjórn Ísraels, sama hvernig hún yrði skipuð. Hins vegar tók hún skýrt fram að Bandaríkin ætluðu að vinna hörðum höndum að því að sjálfstætt ríki Palestínumanna yrði stofnað.

„Við teljum reyndar að það sé Ísraelum í hag að stefna skref fyrir skref að tveggja ríkja-lausninni,“ sagði hún, en tók þó fram að Ísraelar yrðu að ráða þar ferðinni: „Auðvitað er það ísraelsku þjóðarinnar og ríkisstjórnarinnar að ákveða hvernig á að skilgreina hagsmuni sína.“

Clinton hefur verið á ferðinni um Mið-Austurlönd í vikunni. Í gær hitti hún, auk Netanjahu, þau Tzipi Livni utanríkisráðherra og Shimon Peres forseta. Í dag er búist við að hún hitti ráðamenn Palestínustjórnar á Vesturbakkanum.

Á fundi sínum með Livni ítrekaði Clinton að ríkisstjórn Baracks Obama ætlaði að senda fulltrúa sinn til Sýrlands að ræða við þarlend stjórnvöld, en tók fram að óvíst væri hvað út úr þeim viðræðum kæmi. - gb



**CLINTON OG NETANJAHU** Búist er við því að Netanjahu verði orðinn forsætisráðherra hægri stjórnar í Ísrael innan fárra vikna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

kúpon.is

ný og betri leið til að spara

afsláttarkortið kemur með póstinum í dag



**VEISTU SVARIÐ?**



**1** *Hve oft flaug forsetinn með einkavélum á árunum 2005 til 2008?*

**2** *Hvaða þingmaður Sjálfstæðisflokksins hefur beðist afsökunar á að hafa ekki staðið sig betur í vinnunni?*

**3** *Í prófkjöri hvaða flokks tekur fjölmiðlakonan Sirrý þátt?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

Gagnkvæmt hefndarstríð glæpagengja í Kaupmannahöfn torveldar íbúum lífið:

# Stjórnvöld virðast ráðalaus

**DANMÖRK** Íbúar á Norðurbrú í Kaupmannahöfn hafa þurft að laga líf sitt að breyttum veruleika, þar sem skotárásir og morð eiga sér stað á fárra daga fresti núorðið.

Á kvöldin er fátt um að vera, menningarhúsi, íþróttasal og bókasafni er lokað strax og skyggja tekur, öfugt við það sem áður tíðkaðist.

Skólar hafa komið sér upp neyðaráætlun, sem felst meðal annars í því að nemendur haldi sig fjarri gluggum og fari ekki út úr húsi. Frá þessu er skýrt í blaðinu Politiken og fleiri dönskum fréttamiðlum.

Stjórnvöld virðast ráðalaus, en í gær kynnti Hanne Bech Hansen, yfirlögreglustjóri í Kaupmannahöfn, fyrir Brian Mikkelsen dómsmálaráðherra tillögur lögreglunnar um úrbætur, sem hún telur þurfa að gera á bæði löggjöf og starfsháttum lögreglunnar. Meðal annars vill lögreglan strangari lög um vopn.

Síðan í ágúst hafa innflytjendagengi og vélhjólasamtök átt í stríði, sem hugsanlega snerist í upphafi um yfirráð í glæpaheimi borgarinnar en hefur snúist upp í gagnkvæmar hefndaraðgerðir. Þær virðast þó einkennast meira af taugaveiklun en markvissum árásum því sjaldnast verða liðsmenn glæpagengjanna fyrir árásunum.

Um síðustu helgi voru tveir menn myrtir og fjórir særðust í samtals þremur skotárásum í borginni. Ekkert af þessu fólki virðist hafa haft nein tengsl við glæpagengin. **- gb**



**NEYÐARÁSTAND Á NORÐURBRÚ** Lögreglan fylgist með umferðinni og stöðvar óspart bifreiðar til að leita í. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Breytt lag við dómaraskipan:

# Guðrún stýrir endurskoðun

**STJÓRNSÝSLA Guðrún Erlendsdóttir, fyrrverandi hæstaréttardómari, er formaður þriggja manna nefndar sem dómsmálaráðherra hefur falið að móta nýjar reglur um skipan dómara við Hæstarétt og héraðsdóm.**

**Með Guðrúnu sitja í nefndinni Hákon Árnason hæstaréttarlögmaður og Ómar H. Kristmundsson stjórnmálafræðingur. Er miðað við að nefndin skili tillögum fyrir 1. september. Fulltrúum almennings og félagasamtaka verður gefinn kostur á að koma að starfi nefndarinnar og verður sérstakur samráðshópur skipaður í því augnamiði. - bþs**






**FORYSTAN** Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon vilja að stjórnarandstaðan greiði fyrir framgangi ívilnandi stuðningsaðgerða fyrir heimilin og fyrirtækin. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Við erum að berjast upp á líf og dauða

**Ríkisstjórnin vill semja við stjórnarandstöðuna um framgang mikilvægra mála á Alþingi. Steingrímur J. Sigfússon segir ástandið í samfélaginu kalla á óhefðbundin vinnubrögð þingsins. Meira en 30 stjórnarfrumvörp bíða meðferðar.**

**STJÓRNMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra hafna ásökunum formanns Framsóknarflokksins um að ríkisstjórnin dragi lappirnar í mikilvægum málum. Jóhanna segir að þvert á móti sé unnið hörðum höndum að málum sem snúa að heimilunum, fyrirtækjunum og stjórnarskránni og að fyllilega sé staðið við það samkomulag sem gert var við Framsóknarflokkinn við myndun ríkisstjórnarinnar.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, sendi ríkisstjórninni tóninn í pistli í fyrradag.

Jóhanna viðurkennir þó að meðferð sumra mála hafi ekki gengið jafn hratt í nefndum þingsins og hún vildi og kvaðst hún vonast til að verklagi yrði hraðað.

Á reglulegum fundi með fréttamönnum í gær fóru Jóhanna og Steingrímur yfir þau frumvörp sem ríkisstjórnin hefur afgreitt á sinni tíð. Eru þau 30 og von á tveimur til viðbótar. Frumvörpin eru mislangt á veg komin; sum til meðferðar í þingflokkum en önnur í hefðbundnu ferli þingsins.

Óvíst er hvenær þingið lýkur störfum fyrir kosningarnar sem áformaðar eru eftir rúmar sjö vikur. Hitt er víst að öll 32 frumvörp ríkisstjórnarinnar verða ekki samþykkt. Jóhanna og Steingrímur sögðu að ná þyrfti samkomulagi við aðra flokka um forgangsröðun mála. Höfðuðu þau til samvisku stjórnarandstæðinga og spurðu hvort þeir ætluðu að standa í vegi fyrir framgangi ívilnandi stuðningsaðgerða fyrir heimilin og atvinnulífið. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, sagði á Alþingi á mánudag góð mál ekki stranda á sínum flokki.

Þá létu ráðherrarnir í veðri vaka að það stæði upp á þingið að hafa hraðar hendur. Spurð hvort þingið ætti að samþykkja mál ríkisstjórnarinnar þegjandi og hljóðalaust, sögðu þau svo ekki vera. Vitaskuld þyrfti þingið sinn tíma. „En við erum að berjast hér upp á líf og dauða við mjög erfiðar aðstæður í samfélaginu. Það kallar á ákveðið hugarfar og ákveðin vinnubrögð sem ekki endilega eru hefðbundin eða eiga við þegar menn hafa allan heimsins tíma og geta velt hlutunum fyrir sér fram og til baka," sagði Steingrímur.

Meðal þeirra mála sem komin eru í þingið og snúa að heimilunum eru útgreiðsla séreignarsparnaðar og greiðsluaðlögun. Jóhanna Sigurðardóttir upplýsti í gær að von væri á sérstökum aðgerðum vegna skuldugustu heimilanna. Verið væri að ljúka kortlagningu á stöðu þeirra og sagði hún að aðgerðirnar yrðu kynntar öðru hvorum megin við helgina.

**bjorn@frettabladid.is**

Kaupmenn í miðborginni vilja leggja niður félagið Miðborg Reykjavíkur:

# Vilja nútímalegri vinnubrögð

**BORGARMÁL** „Við hugsum þetta ekki sem gagnrýni heldur viljum við einfaldlega efla samstöðu meðal kaupmanna á svæðinu. Félagið Miðborg Reykjavíkur hefur ekki skilað þeim árangri sem lagt var upp með í byrjun og því verður að beita nýjum og nútímalegri vinnubrögðum," segir Borghildur Símonardóttir, eigandi Vinnufatabúðarinnar við Laugaveg.

Tæplega þrjátíu kaupmenn í miðborginni hafa lýst yfir þeim vilja sínum að félagið Miðborg Reykjavíkur verði lagt niður og þess í stað stofnað nýtt félag, með stuðningi borgarinnar, sem kaupmenn og aðrir viðskiptaaðilar stýri og beri alla ábyrgð á.

Félagið Miðborg Reykjavíkur var stofnað árið 1997 og tók af Þróunarfélagi Reykjavíkur. Skilgreint markmið félagsins er að efla miðborgina sem miðstöð stjórnsýslu, menningarlífs. Formaður félagsins er Áslaug Friðriksdóttir, varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks.



**ODDNÝ STURLUDÓTTIR**



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON**

Oddný Sturludóttir, borgarfulltrúi Samfylkingar og fyrrum formaður félagsins Miðborg Reykjavíkur, situr nú í stjórn félagsins. Hún segir þá hugmynd sína að efla starf félagsins með því að tengja það við Höfuðborgarstofu hafa strandað við síðustu meirihlutaskipti. „Ég lýsi eftir áhuga meirihlutans á þessu félagi," segir Oddný.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, forseti borgarstjórnar, segist kunna vel að meta kraftinn í kaupmönnum miðborgarinnar og vilja þeirra til samstarfs við Reykjavíkurborg. „Mér líst vel á þessar hugmyndir og býst við að fljótlega verði skipaður vinnuhópur, með fulltrúum úr hópi kaupmanna og frá borginni, til að ræða þessi mál," segir Vilhjálmur. **- kg**

Auglýsingasími
512 50 50


– Mest lesið




# MENNTUN ER BESTA SÓKNIN!

## YFIRLIT YFIR SPENNANDI NÁMSKEIÐ SEM BYRJA Á NÆSTUNNI

## ALLMENT NÁM

### Skrifstofu- og tölvunám - 258 stundir - Verð: 199.000

Hagnýtt og uppbyggjandi nám fyrir fólk á öllum aldri sem vill styrkja stöðu sína. Próf í tölvugreinunum gefa alþjóðlegt skírteini.

Í náminu er lögð mjög mikil áhersla á að styrkja einstaklinginn og gera hann hæfari til að takast á við krefjandi störf á vinnumarkaðnum.

Meðal kennslugreina eru tölvubókhald, verslunarreikningur, Windows, Word, Excel, Power Point, streitustjórnun, gerð kynningarefnis og margt fleira.

- Morgunnámskeið byrjar 16. mars

### Almennt tölvunám - 78 stundir - Verð: 64.000

Markmið námskeiðsins er að kenna almenna tölvunotkun fyrir byrjendur eða þá sem ekki hafa farið á námskeið áður. Innifalið í námskeiðinu er alþjóðlegt prófskírteini útgefið af Skýrslutæknifélagi Íslands.

- Morgunnámskeið byrjar 21. apríl

### Grunnnám í bókhaldi - 108 stundir - Verð: 99.000

Bókhaldsnámið er hagnýtt og hnitmiðað og er markmiðið að þjálfa fólk til að starfa við bókhald. Námið hentar einnig þeim sem eru með sjálfstæðan atvinnurekstur eða hyggja á að stofna eigið fyrirtæki og vilja öðlast skilning á bókhaldinu. Í tölvubókhaldshluta námsins er kennt á Navision sem er eitt mest notaða bókhaldsforritið á markaðinum í dag.

- Morgunnámskeið byrja 16. mars

## GRAFÍSKT NÁM

### Grafísk hönnun (NÝTT!) - 108 stundir - Verð: 115.000

NTV hefur í meira en 10 ár verið í farabroddi hvað varðar kennslu á grafísk forrit. Hér er um að ræða spennandi nýung þar sem kennt er á þau forrit sem hvað mest eru notuð við grafík og auglýsingagerð í dag, Photoshop, Illustrator og InDesign, einnig læra þáttakendur að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller (PDF).

Kennari námskeiðsins hefur áratuga reynslu á sviði grafískar hönnunar.

Sérlega spennandi námskeið fyrir þá sem vilja sjálfir hanna sitt kynningarefni með tilheyrandi sparnaði. Námskeiðið lýkur með lokaverkefni þar sem þátttakendur vinna verkefni frá hugmynd að fullunnu verki.

Allt kennsluefni er innifalið í verði námskeiðsins.

- Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 31. mars
- Eftirmiðdagsnámskeið byrjar 31. mars

### Photoshop Expert - 72 stundir - Verð: 112.000

Námskeið fyrir þá sem vilja fá dýpri þekkingu á nær óendanlegum möguleikum þessa frábæra verkfæris. Námið er undirbúningur fyrir alþjóðlegt próf sem gefur gráðuna: ***Adobe Certified Expert***.

Námskeiðið er mjög yfirgripsmikið og mikið lagt upp úr þeim þætti sem snýr að eftirvinnslu s.s. litgreiningu, prófílum, upptöku aðgerða, skipulag, meðferð RAW skráa, og öllum þeim aðgerðum sem áður fyrr voru framkvæmdar í myrkrakompu.

- Morgunnámskeið byrjar 5. maí

** Þarf að sækja um hjá ráðgjafa vinnumálastofnunnar*

Upplýsingar og skráning: **544 4500 / www.ntv.is**

**NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN** - VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI - HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS

ntv




**Neytendur:** Dýrafóður frá Þorlákshöfn:

## *Kræsinn köttur velur íslenskt*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Katrín Þorsteinsdóttir hafði samband. „Mig langar til að vekja athygli á mjög góðu og ódýru dýrafóðri sem er framleitt í Þorlákshöfn úr íslensku hráefni. Verksmiðjan heitir Ifex. Ég er með einn kött sem er mjög kreðsinn og þolir ekkert nema úrvalsfóður. Hann alveg blómstrar af þessu fóðri. Feldurinn er glansandi og ekkert hárlos. Ifex-vörurnar fást í Bónus og eru miklu ódýrari en innflutt dýrafóður, sem hefur snarhækkað að undanförnu. Ég hvet alla til að velja íslenskt fóður fyrir dýrin sín.“

Á heimasíðu Ifex sést að fyrirtækið hefur sérhæft sig í framleiðslu fóðurs fyrir hunda og ketti frá árinu 2001. Það hefur lagt metnað sinn í að nota eingöngu 100% hágæðavöru unna úr íslensku hráefni. Fyrirtækið framleiðir allt sem þarf í hunda og ketti, blautmat, þurrfæði, snakk, laxaolíu og bragðbæti.





**FYRSTA SALAN** Árvakur, útgáfufélag Morgunblaðsins, var fyrsta stóra fyrirtækið sem viðskiptabanki í eigu ríkisins seldi eftir hrun fjármálakerfisins. Fullyrt var í fréttum Stöðvar 2 að afskriftir Íslandsbanka og Landsbankans vegna sölunnar næmu um 2,9 milljörðum króna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Salan mögulega fordæmi

**Bankarnir gætu þurft að afskrifa skuldir og fá í staðinn hlutafé í félögum í kröggum, segir framkvæmdastjóri SA. Fjármálaráðherra segir erfitt að setja bönkum reglur um afskriftir fyrirtækja.**

**EFNAHAGSMÁL** Sala Íslandsbanka á Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins, gæti verið fordæmi fyrir sölu ríkisbankanna á öðrum fyrirtækjum, segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

Ótrúlegt er að Árvakur verði eina fyrirtækið sem lendi í þessari stöðu, segir Vilhjálmur. Hann segir að í öðrum tilvikum geti komið upp sú staða að engir kaupendur fáist að félögum, og þá geti bankarnir þurft að afskrifa skuldir og fá í staðinn hlutafé.

„Það sem skiptir máli er að menn skoði hvað reksturinn þolir, ef sjóðsstreymi er jákvætt er ekki ástæða til að stöðva reksturinn,“ segir Vilhjálmur. Hann segir þó að skoða verði sölu fyrirtækja með samkeppnismál í huga. Til dæmis til að eitt fyrirtæki komist í einokunarstöðu á markaði.

Ekki hafa fengist tæmandi upplýsingar um þessa fyrstu stóru sölu ríkisreknu bankanna á fyrirtæki sem komst í kröggur eftir hrun fjármálakerfisins. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagði að loknum ríkisstjórnarfundi í gær að hann hefði sent þau skilaboð til ríkisbankanna að þeir upplýstu um slík mál eins og mögulegt væri.



VILHJÁLMUR EGILSSON

„Ég fékk svör frá þeim vegna óskylds máls og í einu tilvikinu virtist vera á ferðinni tregða til að veita þær upplýsingar með skírskotun til þess að um væri að ræða hlutafélag sem ekki þyrfti að veita þessar upplýsingar, það væri ekki opinbert fyrirtæki í þeim skilningi,“ sagði Steingrímur.

„Ég sendi snarlega þau skilaboð til baka að þetta væri ekki það viðhorf sem ég ætlaðist til af hinum nýju bönkum,“ sagði hann.

Spurður hvort bönkunum verði settar reglur um afskriftir sagði Steingrímur að erfitt væri að segja bönkunum fyrir verkum í einstökum tilvikum, þeir yrðu að meta hvert einstakt mál.

Hins vegar sé hugsanlegt að setja bönkunum almennar viðmiðunarreglur, eða beina tilmælum til þeirra um upplýsingagjöf. Ástæða sé til að skoða það sérstaklega.

brjann@frettabladid.is
bjorn@frettabladid.is

## FLÓKIÐ AÐ KOMA FÉLAGI Á LAGGIRNAR



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Það hefur reynst flóknara en við var búist að koma sérstöku eignasýslufélagi á laggirnar, sagði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra að loknum ríkisstjórnarfundi í gær.

Nefnd um endurreisn fjármálakerfisins lagði til í fyrstu skýrslu sinni, sem birt var um miðjan febrúar, að komið yrði á fót sérstöku eignasýslufélagi.

Félagið myndi annars vegar styðja endurreisn mikilvægra fyrirtækja og hins vegar endurskipuleggja félög og bjarga verðmætum færu félög í þrot.

Steingrímur sagðist í gær ekki vita hvenær slíkt félag gæti tekið til starfa, en mögulegt sé að nota fljótvirkari leiðir til bráðabirgða. Þannig mætti hugsanlega nota félög sem ríkið noti nú þegar og geymi eignir sínar í, og vistuð eru í fjármálaráðuneytinu. Til þess þyrfti þó að breyta samþykktum félaganna og búa þau sérstaklega út til starfseminnar.

þýskir dagar

# 25%

## afsláttur

## af öllum þýsku merkjunum okkar!

eingöngu nýjar vörur í okkar verslunum

BOSS HUGO BOSS

HUGO HUGO BOSS

strellson

LLOYD

eterna

gardeur

SARAR

bugatti

herra GARÐURINN

-klæðir þig vel

KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410

BOSS HUGO BOSS

HUGO HUGO BOSS

B & S

KONUR

B&S | Kringlunni 553 4141

HUGO BOSS

KRINGLUNNI 533 4242

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvenær á að kjósa?

## Þegar svör fást

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Þegar ríkisstjórnin var mynduð lofaði forsætisráðherra kosningum 25. apríl. Nú íhugar forsætisráðherra að ganga á bak þeirra orða sinna fyrir þá sök að ríkisstjórnin hafi of mikið að gera. Eru það gild rök?

Formaður Framsóknarflokksins segir á hinn bóginn að flest þau mál sem ríkisstjórnin sé með á prjónunum séu þess eðlis að engu skipti hvorum megin kjördags þau verða afgreidd á Alþingi. Hann segir ríkisstjórnina úrræðalausa og lýsir eftir stefnu í efnahagsmálum. Er það rétt mat?

Forystumenn stjórnarandstöðunnar vilja halda ríkisstjórninni við loforð sitt um kjördag. Aukheldur vilja þeir að störf Alþingis verði lögð niður daginn sem þingrofsúrskurður verður gefinn út. Er það skynsamlegt?

Stjórnarskrárbreytingin 1991 var gerð í þeim tilgangi að styrkja þingið gagnvart þingrofsvaldi forsætisráðherra og tryggja að landið yrði aldrei þinglaust. Þetta voru grundvallarbreytingar frá fyrri skipan. Svo virðist sem hvorki ríkisstjórnin né stjórnarandstaðan hafi áttað sig á hvað þær þýða í raun.

Þegar gengið verður að kjörborðinu skiptir mestu máli að kjósendur viti um stefnu ríkisstjórnarinnar í þeim grundvallarmálum sem hún þarf að glíma við á næsta kjörtímabili. Aðeins þannig geta kjósendur veitt gilt pólitískt umboð inn í framtíðina.

Forystumenn Framsóknarflokksins benda réttilega á að stjórnin á ekki svör við þessum spurningum. Hún sýnist ætla að halda þeim leyndum fram yfir kjördag nema fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Framsóknarflokkurinn er hins vegar fastur í pólitískri bóndabeygju stjórnarflokkanna og getur ekkert að gert.

Forystumenn stjórnarandstöðunnar sýnast aftur á móti ekki hafa áhuga á að nýta sér þau nýju tækifæri sem þeir hafa til að knýja ríkisstjórn til frásagnar um stefnu sína. Nú geta þeir til að mynda ætlast til að ríkisstjórn sitji í þinginu fram að kjördegi. Aukheldur hefur stjórnarandstaðan tækifæri til þess að knýja á um opna fundi í þingnefndum. Þar má taka skýrslur af ráðherrum um stefnu þeirra á hverju málasviði. Þessi réttarbót fyrir stjórnarandstöðuna var ákveðin á síðasta ári að frumkvæði þáverandi forseta Alþingis.

Sannleikurinn er sá að gild rök standa til þess að kalla eftir skýrum og nákvæmum svörum um útfærslu á ríkisfjármálastefnunni fyrir kjördag. Það má gera með yfirheyrslum á opnum nefndafundum á Alþingi. Umfang þessa verkefnis er slíkt að ekki veitir af að nýta hvern dag næstu tvo mánuði til nefndafunda í heyranda hljóði um það mál eitt og sér.

Sama er að segja um stefnuna í peningamálum og afstöðuna til Evrópusambandsins. Eins er með stefnumörkun um viðreisn bankanna. Bæði málin kalla á ítarlegar nefndayfirheyrslur.

Meira virði er að kjósendur fái svör við þessum spurningum en hvort kjördagur er fyrr eða síðar. Kjósendur eiga ekki að frétta eftir á hvaða málefnaumboð þeir veita í kosningum. Rétti tíminn til að kjósa er því þegar ríkisstjórnin hefur á Alþingi svarað því sem máli skiptir um framtíðarstefnuna í lykilmálum.

Ríkisstjórnin vill þvinga fram grundvallarbreytingar á stjórnarskránni á nokkrum dögum í krafti ráðherraræðisins. Hvað er á móti því að breyta stjórnarskránni með eðlilegum hætti eftir að ríkisstjórnin hefur fengið umboð kjósenda? Ef ekki á að traðka á þingræðinu er hinn kosturinn að fresta kosningunum. Í lýðræðisríki þarf ríkisstjórn að velja milli þessara kosta.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Demparar




Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Níu fingur á einni hendi

Fréttablaðið greindi frá því í gær að Ólafur Ragnar Grímsson, forseti lýðveldisins, hefði níu sinnum flogið með einkaþotum eða leiguvélum á vegum íslenskra fyrirtækja á árunum 2005 til 2008. Í viðtali við Fréttablaðið í ágúst í fyrra ræddi Ólafur Ragnar meðal annars þessi mál. Þar sagði hann: „Varðandi samskiptin við auðmenn, sem ég heyri stundum af, þá finnst mér það nú oft vera frekar ýkjutal en raunsönn lýsing á veruleika. Stundum er sagt að forsetinn sé sífellt á ferðinni í einkaþotum en sannleikurinn er sá að þau eru teljandi á fingrum annarrar handar skiptin sem ég hef flogið með einkaþotum á undanförnum árum. Það hefur þá verið í brýnum erindum þar sem ekki hefur verið hægt að leysa málin með öðrum hætti.“



### Bitamunur en ekki fjár

Nú er ljóst að ferðirnar voru heldur fleiri en Ólafur Ragnar sagði í fyrra. Hann má svo sem fara út í hártoganir á borð við þær að það sé munur á einkaþotum og leiguvélum eða auðmönnum og fyrirtækjum, en það er bitamunur en ekki fjár. Af hverju sagði forsetinn ekki einfaldlega rétt frá? Svona fyrst hann var að skamma menn fyrir ýkjutal í sömu andrá.



### Mikil umræða

Sextán þingmenn Sjálfstæðisflokksins lögðu fram í vikunni þingsályktunartillögu um reglur um skilaskyldu á ferskum matvörum. Greinargerð tillögunnar hefst á eftirfarandi orðum: „Mikil umræða hefur átt sér stað um svokallaða skilaskyldu á ferskum matvörum.“ Skemmst er frá því að segja að sé orðunum „Skilaskylda á ferskum matvörum“ slegið upp á Google koma upp sjö niðurstöður. Allar um téða þingsályktun. Getur það kallast mikil umræða?

bergsteinn@frettabladid.is

# Krókódíllinn



**EINAR MÁR JÓNSSON**

**Í DAG** | Draumar og verkföll

Einhvern tíma í janúar upplauk Brice Hortefeux, félagsmálaráðherra Frakklands, upp sínum stóra túla og mælti þá orð sem um leið urðu fleyg: „Maður móðgar ekki krókódílinn áður en hann fer yfir fljótið.“ Þessu til skýringar er rétt að geta þess, að áður en Brice Hortefeux fékk þá stöðu sem hann gegnir nú var hann um skeið innflytjendaráðherra frönsku stjórnarinnar og lærði þá langar runur af spakmælum og orðskviðum upprunnum úr hinni svörtustu Afríku. Hefur hann þennan vísdóm frá Suðurálfu nú á hraðbergi við öll tækifæri og er þetta nokkuð merkilegt dæmi um það hvernig stjórnmálamenn geta lært af erfiðri reynslu.

En ástæðan fyrir því að Brice Hortefeux fór að leiða hugann að stygglyndum krókódílum var sú að hinn 29. janúar höfðu verið boðuð eins dags verkföll um allt Frakkland. Og þegar sá dagur nálgaðist urðu margir til að rifja upp orð sem Sarkozy forseta höfðu hrotið af vörum í júlí síðasta sumar: „Þegar gert er verkfall í Frakklandi tekur enginn eftir því lengur.“ Einnig minntust menn annars sem forsetinn hafði sagt nokkru síðar: „Ég hlusta á það sem menn segja við mig, en ég tek ekkert tillit til þess.“ Nú virtust þessi ummæli með endemum klaufaleg. Allt benti nefnilega til þess að þeir væru ófáir sem myndu taka þann kost að leggja niður vinnu með brauki og bramli þennan örlagadag, og myndi reynast erfitt að sniðganga þá. Krókódíllinn var greinilega nasbráður, og sá Brice Hortefeux af hyggjuviti sínu að ekki væri ráðlegt að styggja hann frekar.

Svo rann upp fimmtudagurinn 29. janúar. Átta stærstu stéttarsambönd Frakklands höfðu boðað til verkfallanna, og var undirrótin sennilega að verulegu leyti sú að í ljós hefur komið að stjórnvöld, sem höfðu markvisst unnið að því að skera niður kostnað í félagsmálum, heilbrigðiskerfi, lækka eftirlaun og annað slíkt og borið við nauðsyn á sparnaði, skorti hins vegar ekki miljarða á miljarða ofan þegar þurfti að bjarga bankamönnum og bröskurum undan eigin mistökum. Kröfðust menn róttækrar stefnubreytingar nú þegar kreppan er að steypast yfir landið. Og þátttakan í verkföllunum og mótmælagöngunum varð meiri en nokkur átti von á. Samkvæmt lögreglunni tók ein milljón manna þátt í mótmælagöngum um allt Frakkland, en yfirmenn stéttarsambanda töldu að talan hefði verið nálægt tveimur og hálfri milljón. En hvað um það, þá er ein milljón allstór hópur manna, og það vakti athygli að mótmælagöngurnar voru ekki aðeins fjölmennar í París, heldur einnig í mörgum meðalstórum borgum: 21.000 í Rúðuborg og milli 25.000 og 60.000 í Clermont-Ferrand, svo dæmi séu nefnd, – en íbúatalan í síðarnefndu borginni er þó ekki nema 130.000. Og það sem meira var, skoðanakannanir sýndu að næstum sjötíu af hundraði Frakka voru hlynntir þessum verkföllum. Það vakti einnig athygli hve mikið var af ungu fólki í mótmælagöngunum, og því fylgdi nýtt hugmyndaflug í gerð mótmælaspjalda: með því að taka burt einn staf úr orðinu „verkfall“ breyttist það t.d. í „draum“, þannig að „allsherjarverkfall“ varð „allsherjardraumur“…

Í Frakklandi hafa viðbrögð yfirvalda við mótmælahreyfingum löngum verið tvenns konar. Ef mótmælin eru friðsöm og kurteis, hundsa yfirvöldin þau og hæðast að þeim – eins og ofangreind ummæli Sarkozys eru reyndar dæmi um – en ef harka kemst í aðgerðirnar og þær leiða kannske til uppþota og óeirða reyna þau að hræða almenning og snúa almenningsálitinu gegn mótmælendunum – segja þá jafnan að ekki verði samið við óeirðaseggi. En svo getur farið að mótmælaaldan rísi svo hátt, gjarnan þá með stuðningi almennings, og kannske með hörðum götubardögum í þokkabót, að ekki sé hægt að láta eins og ekkert sé, og þá eru lagafrumvörp dregin til baka, þá er farið að semja í dauðans ofboði og þá verða ráðherrar og kannske ríkisstjórnir að fljúga. Þetta óttast valdhafar meira en nokkuð annað.

Og nú hafa fréttamenn haft fyrir satt að einhver skrekkur sé hlaupinn í Sarkozy, hann sé smeykur um að öll gremja og reiði almennings kristallist í einni voldugri hreyfingu sem ekkert fái lengur stöðvað. Því kom hann fram í sjónvarpi nokkrum dögum eftir verkföllin, dró nokkuð í land og boðaði einkum viðræður við fulltrúa stéttarsambanda, en á slíkt hafði hann ekki viljað heyra minnst fram að því. Á þessu kunni ein útvarpsstöðin skýringu: Frakklandsforseta hefði orðið tíðhugsað til óeirðanna í Grikklandi en svo hefði annað bæst við í ofanálag og honum síst orðið rórra við það, það voru mótmælin á Íslandi. Sarkozy vildi sem sé ekki eiga á hættu að verða afhrópaður eins og ríkisstjórn Geirs.

# Ávinningur af stóriðju

**UMRÆÐAN**

Erna Indriðadóttir skrifar um stóriðju



**ERNA INDRIÐADÓTTIR**

Indriði H. Þorláksson hélt því nýlega fram að Íslendingar bæru skarðan hlut frá borði vegna orkusölu til stóriðju og efnahagsleg áhrif íslensks áliðnaðar væru lítil. Fjármálaráðherra og umhverfisráðherra hafa tekið undir þessi sjónarmið.

Eigið fé Landsvirkjunar var um mitt síðasta ár 1,7 milljarðar Bandaríkjadala. Um 70% tekna af raforkusölunni koma frá stóriðju, þannig að lauslega áætlað má rekja allt að 70% eigin fjár Landsvirkjunar til hennar. Það þýðir að sala raforku til stóriðju hefur fært íslenska ríkinu eign sem nemur rúmlega 130 milljörðum króna. Indriði H. Þorláksson horfir framhjá þessu í sínum útreikningum.

Indriði segir að starfsmenn álvera væru einfaldlega að vinna við eitthvað annað ef þeir væru ekki að vinna í álverunum. Með sömu rökum, skapa engar atvinnugreinar nein störf. Hjá Fjarðaáli starfa 450 manns og á álverslóðinni og aðliggjandi höfn starfa 300 manns. Indriði telur að nota eigi margfaldarann 0,7 til að meta fjölda afleiddra starfa. Samkvæmt því skapar Fjarðaál aðeins 15 störf utan álverssvæðisins á Reyðarfirði. Það er fjarri lagi.

Fjarðaál keypti vöru og þjónustu innanlands fyrir 9,5 milljarða króna á síðasta ári, fyrir utan raforkukaupin. Indriði telur þessi kaup ekki skipta miklu máli, því fyrirtækin sem selji þessa þjónustu hefðu selt hana öðrum ef álverin hefðu ekki komið til. Áhugavert væri að heyra hvort forsvarsmenn íslenskra fyrirtækja sem þjónusta álver telji vinnu fyrir álverin óþarfa viðbót.

Ljóst er að hagnaður stóriðjunnar rennur til eigenda sinna sem eru erlend fyrirtæki. Leiðin fyrir Íslendinga til að eignast hlutdeild í þeim hagnaði er að eignast hlut í stóriðjufyrirtækjunum. Á sínum tíma var rætt um að lífeyrissjóðirnir legðu fé í álver á Reyðarfirði. Þá voru ýmsir mótfallnir því, meðal annars á þeim forsendum að lífeyrissjóðirnir ættu ekki að taka þátt í „áhættufjárfestingum“. Það er hins vegar ekkert því til fyrirstöðu að skoða það þegar ráðist verður í ný verkefni í framtíðinni að íslenskir fjárfestar komi þar að málum.

*Framkvæmdastjóri samfélags- og upplýsingamála Alcoa á Íslandi.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



# Safnaðu þekkingu

## Sæktu þér aukinn styrk

### MENNING, SJÁLFSRÆKT OG TUNGUMÁL

Spænska II
hefst 9. mars

Danski sjónvarpsseríugaldurinn
hefst 11. mars

Blaðagreinar og blogg með Illuga Jökulssyni
hefst 16. mars

Um söguslóðir Sisi - hinnar fögru og dularfullu keisaraynju af Austurríki
hefst 17. mars

Að skrifa barna- og unglingabækur
hefst 19. mars

Orðspor - gildin í samfélaginu
hefst 26. mars

### VERK- OG TÆKNIFRÆÐI

ÍST 200:2006, Raflagnir bygginga
hefst 12. mars

Innkaup og birgðastýring
hefst 17. mars

### LÖGFRÆÐI

EES og ESB, Ísland og Evrópa. Evrópulög fyrir
hefst 16. mars

Ný sjónarmið í vinnurétti
haldið 30. mars

### FJÁRMÁL OG REIKNINGSSKIL

Excel - Veltitöflur (PivotTable) - Aukanámskeið
haldið 19. mars

Matsreglur ársreikningalaga
haldið 1. apríl

### UPPELDIS- OG KENNSLUSVIÐ

Sálgæsla barna og unglinga
hefst 12. mars

### VERKEFNASTJÓRNUN

Agile verkefnastjórnun með Scrum
haldið 30. mars

### HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Þjónusta og samskipti við krefjandi eða erfiða viðskiptavini og skjólstæðinga
haldið 24. mars

Hjarta- og æðasjúkdómar
haldið 26. mars - EINNIG Í FJARFUNDI

Sár og sárameðferð
hefst 2. apríl

DNA örflögur
haldið 14. apríl

Lausnamiðuð nálgun
hefst 16. apríl - EINNIG Í FJARFUNDI

### SÉRNÁMSKEIÐ FYRIR RÍKISSTARFSMENN

Starfsandi og starfsmannastjórnun í ríkisstofnunum
hefst 18. mars - EINNIG Í FJARFUNDI

Starfslok
hefst 15. apríl - EINNIG Í FJARFUNDI

### STJÓRNUN OG STARFSÞRÓUN

Teymisvinna: Stjórnun og starf í teymum
Hefst 11. mars

Launasetning og starfsmat
haldið 11. mars

Öryggismál safna
hefst 16. mars

Þjónustustjórnun á mannamáli
hefst 17. mars

Verkfæri í verkefnastjórnun
hefst 18. mars

Lífið, fjölskyldan, starfið - samspil hlutverka
hefst 20. mars

Vinnustofa í samningatækni - með Florence Kennedy
hefst 23. mars

Gæðastjórnun: Hugmyndafræði, stefna, aðferðir og umbótastarf
hefst 25. mars

Skilvirkari vinnufundir
haldið 26. mars

**Mörg stéttarfélög styrkja félagsmenn sína til náms. Átt þú rétt á styrk frá þínu stéttarfélagi?**

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Stefán Jón Steinþórsson**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Seljahlíð, fimmtudaginn 26. febrúar. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju þriðjudaginn 10. mars kl. 15.00.

**Steinþór Stefánsson** — **Hildur Pétursdóttir**
**Andrea Steinþórsdóttir** — **Hrannar Jónasson**
**Friðberg Stefánsson** — **Áslaug Birna Ólafsdóttir**
**Þórdís Friðbergsdóttir** — **Heimir Björnsson**
**Stefanía Heimisdóttir** — **Atli Friðbergsson**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristín Ólafsdóttir**

Stangarholti 5, Reykjavík,

sem lést miðvikudaginn 25. febrúar, verður jarðsungin frá Háteigskirkju föstudaginn 6. mars kl. 13.00.

**Örn Guðjónsson** — **Sigurósk Garðarsdóttir**
**Vilhelm Valgeir Guðbjartsson** — **Guðrún Ragnarsdóttir**
**Ólöf María Guðbjartsdóttir** — **Jónas Pétur Sigurðsson**
**Svanur Guðbjartsson** — **Ólöf Magnúsdóttir**
**Þröstur Guðbjartsson** — **Patiwat Deepaen**
**Guðrún Guðbjartsdóttir** — **Benedikt Bjarni Albertsson**
**Unnur Guðbjartsdóttir** — **Garðar Benediktsson**
**Kristín Þóra Guðbjartsdóttir** — **Sigurður Stefán Jónsson**
**Birna Guðbjartsdóttir** — **Sölvi Rúnar Sólbergsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Arnór Karlsson**

fyrrum bóndi á Bóli,
síðar Arnarholti í Biskupstungum,
Bjarkarbraut 10 í Bláskógabyggð,

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 25. febrúar sl., verður jarðsunginn frá Skálholtsdómkirkju laugardaginn 7. mars og hefst athöfnin kl. 14.00. Jarðsett verður í Torfastaðakirkjugarði.

**Systkini hins látna og aðrir venslamenn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Laufey Torfadóttir**

til heimilis að Hjaltabakka 16, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík, föstudaginn 6. mars kl. 14.

**Guðrún G. Bergmann**
**Guðni Guðjónsson** — **Hrafnhildur Steingrímsdóttir**
**Hermann Guðjónsson** — **Guðný Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Halldór B. Stefánsson**

Lautasmára 3, Kópavogi,

sem lést miðvikudaginn 25. febrúar, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju fimmtudaginn 5. mars kl. 13.

**Hallgerður Pálsdóttir**
**Ólafur Halldórsson** — **Auður Sigurðardóttir**
**Páll Halldórsson** — **Sólveig Ásgrímsdóttir**
**Ásta Halldórsdóttir** — **Einar Erlendsson**
**Elín Ýrr Halldórsdóttir** — **Kristján M. Baldursson**
**Ólöf Eir Halldórsdóttir** — **Jenni Guðjón Clausen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is**
eða hringja í síma **512 5000.**

**JOHN CANDY LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1994.**

*„Ég held að ég hafi gerst leikari til að flýja sjálfan mig.“*

***John Candy var kanadískur leikari. Hann lék aðallega í gamanmyndum en tók einnig að sér nokkur dramatísk hlutverk. Candy lést úr hjartaáfalli 43 ára að aldri.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 4. MARS ÁRIÐ 1968

## *Fyrsta sjónvarpsleikritið*



Þennan dag árið 1968 var fyrsta íslenska sjónvarpsleikritið, Romm handa Rósalind, sent út á RÚV. Leikritið, sem er eftir Jökul Jakobsson, gerist á verkstæði skósmiðs. Þar staupar gamall skósmiður sig á rommi og gefur Rósalind, fatlaðri stúlku sem býr í nágrenninu, með sér á meðan þau ræða um líf sitt.

Leikstjóri leikritsins var Gísli Halldórsson og upptöku stjórnaði Andrés Indriðason. Leikarar voru Þorsteinn Ö. Stephensen, sem lék skósmiðinn, Anna Kristín Arngrímsdóttir, sem lék Rósalind, og Nína Sveinsdóttir, sem lék konu skósmiðsins.

**GUÐRÚN BIRNA GÍSLADÓTTIR:** HLAUT ÞAKKARVIÐURKENNINGU FKA

# GÖMUL GILDI AFTUR Í TÍSKU

Guðrún Birna Gísladóttir, forstjóri Grundar – dvalar og hjúkrunarheimilis, hlaut þakkarviðurkenningu Félags kvenna í atvinnurekstri í byrjun árs. Hún er vel að heiðrinum komin enda hefur hún alið manninn á Grund frá blautu barnsbeini og hlúð af alúð að þeim sem byggðu landið.

Guðrún fæddist á Grund árið 1944 og er meira og minna alin upp innan veggja heimilisins. Afi hennar, séra Sigurbjörn Ástvaldur Gíslason, var einn af stofnendum Grundar og faðir hennar, Gísli Sigurbjörnsson, gegndi starfi forstjóra í 60 ár. Guðrún hefur lengst af búið og starfað á Grund ef frá eru talin nokkur ár í Neskaupstað og Njarðvík þar sem fyrri maðurinn hennar var prestur. „Ég gifti mig meira að segja á Grund,“ segir Guðrún en afi hennar gaf hana og séra Pál Þórðarson saman en hann lést árið 1978. Guðrún tók við starfi forstjóra árið 1994 þegar faðir hennar féll frá.

Hún lætur vel af því að hafa alist upp á Grund og vill hvergi annars staðar vera. „Ég lærði að prjóna og drekka kaffi af gamla fólkinu ung að árum og var í miklum samskiptum við mér eldra fólk. Það varð eflaust til þess að mér líður mun betur með eldra fólki en yngra.“ Aðspurð segist Guðrún hafa litla þörf fyrir það að taka sér frí frá Grund. „Maðurinn minn Júlíus Rafnsson, sem er framkvæmdastjóri Grundar, segir að ég sé orðin svo samofin starfseminni að varla sé hægt að greina á milli mín og heimilisins. Það er eflaust eitthvað til í því en mér finnst ég bera ábyrgð á starfinu og heimilisfólki og fer helst ekki út fyrir 101.“ Guðrún segir starfsemina ganga vel og að hún hafi verið heppin með starfsfólk sem sumt hefur unnið á Grund í áratugi. „Ég hef mjög gaman af því þegar starfsfólk frá fyrri tíð kemur aftur á Grund sem heimilisfólk og vona að það segi eitthvað um heimilið. Sjálf á ég svo auðvitað frátekið pláss,“ segir hún kímin.



**FER HELST EKKI ÚT FYRIR 101** Guðrún (fyrir miðju), sem er fædd og uppalin á Grund, vill hvergi annars staðar vera. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Grund má líkja við lítið samfélag en þar er að finna alla almenna læknisþjónustu, hársnyrtistofu, kaffihús, leikfimisal, bókasafn, danssali og fleira. Heimilisfólk hefur því ýmislegt fyrir stafni og reynir Guðrún að þekkja það með nafni. „Við erum svo stöðugt að endurbæta húsnæðið þannig að rýmra verði um heimilisfólkið okkar og nú er svo komið að öll herbergin okkar eru til dæmis með nettengingu.“

Guðrún segist hafa orðið nokkuð hissa þegar henni var tilkynnt að hún myndi hljóta þakkarviðurkenninguna. „Ég lít ekki beint á mig sem konu á framabraut. Ég er bara hérna og geri mitt besta en mér þótti gaman að þær skyldu stinga upp á mér og lít á þetta sem viðurkenningu til heimilisins og þeirra kvenna sem hér starfa. Þá ber þetta kannski vott um að gömul gildi séu komin aftur í tísku.“ Guðrún segist bera nokkurn ugg í brjósti sökum efnahagsástandsins. „Við reynum að fara vel með þá fjármuni sem við höfum úr að spila en það höfum við svo sem alltaf gert og erum eflaust nokkuð gamaldags.“ **vera@frettabldid.is**



*Elskulegi faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Jón Björnsson**

arkitekt,
Langagerði 17, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju 6. mars kl. 13.00.

***Birna Jenna Jónsdóttir***
***Björk Jónsdóttir***
***Jenna Lilja Jónsdóttir***
**tengdasynir og barnabörn.**



*Okkar ástkæra,*

**Anna Kragh Olsen Christensen**

áður til heimilis að Álftamýri 54,

er látin. Útförin fer fram frá heimabæ hennar, Horbo, föstudaginn 6. mars.

**Sveinn Christensen** — **Unnur Birgisdóttir**
**Björn Christensen** — **Sigfríður Friðþjófsdóttir**
**og börn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, sonur, bróðir, barnabarn og tengdasonur,*

**Árni Jakob Hjörleifsson**

Smáratúni 33, 230 Keflavík,

lést hinn 28. febrúar. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Geirþrúður Ó. Geirsdóttir**
**Kristófer Örn Árnason**
**Sigríður Árnadóttir**
**Arna Björk Hjörleifsdóttir** — **Högni Sturluson**
**Ingvi Þór Hjörleifsson** — **Aðalheiður Ó. Gunnarsdóttir**
**Halldór H. Hjörleifsson**
**Þuríður Halldórsdóttir**
**Geir Þorsteinsson** — **Linda Kristmannsdóttir**
**Ósk Sigmundsdóttir**
**og aðrir ástvinir.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnar Kristján Björnsson**

efnaverkfræðingur,
Skólabraut 3, Seltjarnarnesi,

verður jarðsunginn frá Langholtskirkju föstudaginn 6. mars kl. 13.00.

**Lovísa H. Björnsson**
**Árni Gunnarsson** — **Daniela Ilea Gunnarsson**
**Rannveig Gunnarsdóttir** — **Tryggvi Pálsson**
**Sigurjón Gunnarsson** — **Sigríður Olgeirsdóttir**
**Gunnar Örn Gunnarsson** — **Olga Bergljót Þorleifsdóttir**
**Halldór Gunnarsson** — **Anna Persson**
**Þórarinn Gunnarsson** — **Berglind Garðarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

ROLEX

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Göngum hreint til verks!
UMHVERFISMERKI SVANURINN
GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 4. mars 2009 – 9. tölublað – 5. árgangur
Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir

Orðskýringin
Hvað er S&P 500-vísitalan?

6

Jónas Fr. Jónsson
Ósanngjarnri gagnrýni svarað

4-5

Bjarni Már Gylfason
Aukin framleiðni er forsendan

6

# Gjaldeyrishöft senn tekin upp í Evrópu

Gjaldeyrishöft verða brátt útbreidd í Austur-Evrópu, að mati bandarísks efnahagsráðgjafa. Höft séu biðleikur fyrir nýja mynt.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

„Ég tel eðlilegt að halda í gjaldeyrishöft enn um sinn,“ segir dr. Daniel Levin, lögfræðingur sem búsettur er í Bandaríkjunum og efnahagsráðgjafi ríkisstjórna víða um heim. Hann segir Seðlabankann hafa átt þann kost einan að setja höft á gjaldeyrisviðskipti í enda nóvember eftir snarpt gengishrun og sé en raunveruleg hætta á að krónan hrynji á ný verði höftunum aflétt. Hann telur mjög líklegt að gjaldeyrishöft verði tekin upp í fleiri löndum á allra næstu vikum í löndunum við Eystrasalt og Austur-Evrópu enda setji Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sig ekki upp á móti þeim eins og sakir standa í alþjóðlegu efnahagslífi.

Levin hefur komið víða við þar sem efnahagskreppur hafa dunið yfir síðastliðinn aldarfjórðung og unnið með ríkissstjórnum landa við að vinna sig út úr vandanum. Levin var ráðgjafi stjórnvalda í Rússlandi í því upplausnarumróti sem skapaðist eftir fall kommúnismans auk þess að vinna náið með stjórnvöldum í Suður-Ameríku, Austur-Evrópu, í Afríku og Asíu.

Levin hefur komið hingað til lands margoft síðastliðin fimmtán ár en hann vann með Seðlabankanum að fyrstu skuldabréfaútgáfu bankans í Bandaríkjunum árið 1993.

Hann segir Seðlabankann ekki hafa átt um neitt að velja þegar ákveðið var að setja á höft á gjaldeyrisviðskipti hér í fyrrahaust. Stjórntæki bankans, svo sem stýrivextir, hafi ekki dugað til að halda erlendum fjárfestum í landinu og hafi þurft að grípa til annarra ráða.

„Ef Seðlabankinn hefði ekki sett höftin á þá hefðu fjárfestar reynt að skipta krónum út fyrir allt sem hönd á festi, svo sem evrur, bresk pund, Bandaríkjadali og svissneska franka. Þetta var raunveruleg hætta,“ segir Levin.

Hann segir flókið mál að létta á höftunum. Það verði ekki gert fyrr en erlendir fjárfestar sjái hag í því að koma hingað aftur. Fyrst verði pólitískur stöðugleiki að vera fyrir hendi og hjól efnahagslífsins að vera komin í gang. Nokkuð er í að sá stöðugleiki náist, að hans mati.

Levin bendir á að ríkisstjórnir fyrrum austantjaldslanda innan Evrópusambandsins (ESB) sem ekki hafi innleitt evruna, svo sem við Eystralt, Búlgaría, Tékkland, Pólland, Rúmenía og Ungverjaland, séu þegar byrjuð að ræða alvarlega um innleiðingu gjaldeyrishafta í kjölfar gengishruns og endurskoðunar matsfyrirtækja á lánshæfi þeirra. Reikna megi með að höftum verði komið á á næstu vikum.

„Þessi lönd munu ekki hafa neitt val bráðlega enda verða þau að stöðva gengishrunið með einhverju móti,“ segir Levin.

Aðspurður telur Levin óvíst hvort gjaldeyrishöft komi í veg fyrir aðildarviðræður landa að ESB. Sambandið hafi fram til þessa verið mjög opið fyrir inngöngu nýrra þjóða en slæm skuldastaða þeirra landa sem sitji á biðstofunni geti verið fyrirstaða. Margir risanna innan ESB, svo sem Þýskaland, hafi nóg með sitt nú þegar og séu nýbúnir að losna undan skuldaklafanum í kjölfar samruna við Austur-Þýskaland. „Þótt gjaldeyrishöft séu vissulega biðstöð fyrir upptöku annarrar myntar þá mega Íslendingar ekki einblína um of á upptöku evru í nánustu framtíð. Það eru aðrir kostir í boði til skemmri tíma, svo sem tenging við Bandaríkjadal, og þá verður að skoða með opnum huga,“ segir Daniel Levin.


DANIEL LEVIN Íslendingar verða að vera opnir fyrir öllum möguleikum í gjaldeyrismálum, segir efnahagsráðgjafi.
MARKAÐURINN/VALLI

## Fyrstu samningar í höfn

„Fyrstu samningar eru frágengnir og íhlutir á leið til landsins,“ segir Jóhann R. Benediktsson, framkvæmdastjóri sprotafyrirtækisins HBT á Suðurnesjum. Fyrirtækið vinnur að þróun orkusparandi lausna fyrir rafkerfi stórnotenda, svo sem frystihús og fjölveiðiskip.

Jóhann, sem áður var sýslumaður á Keflavíkurflugvelli, gekk í haust til liðs við bróður sinn, sem stofnað hafði HBT skömmu áður. Lítið hafði farið fyrir Jóhanni frá því hann sagði sýslumannsstarfinu lausu þar til hann kynnti HBT á þéttsetnum ársfundi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í gær.

Að sögn Jóhanns hafði frumkvöðull unnið að þróun tækninnar í áraraðir norður í landi þar til HBT gerði samning við hann um framleiðslu á tæknilausninni, sem þegar er komin í notkun. „Ég sé gífurleg sóknarfæri hér sem erlendis,“ segir Jóhann. - jab

## Hawkpoint ráðið til starfa

Ríkisstjórnin ákvað á fundi sínum í gær að ráða evrópska ráðgjafarfyrirtækið Hawkpoint til að vinna að samningagerð milli gömlu og nýju bankanna undir stjórn fulltrúa íslenskra stjórnvalda.

Verkefnið felst annars vegar í ráðgjöf vegna þeirra samninga sem þurfa að eiga sér stað á milli ríkisins fyrir hönd nýju bankanna og kröfuhafa þeirra gömlu í tengslum við uppgjör þeirra en hins vegar verður sérþekking fyrirtækisins nýtt til að skoða leiðir að uppgjörum bankanna.

Fjórum erlendum ráðgjafarfyrirtækjum var boðið að taka þátt í útboði vegna verkefnisins en tvö drógu sig í hlé vegna hagsmunatengsla, að því er segir á vef forsætisráðuneytis. - jab

## HELST Í ÚTLÖNDUM

**Ríkisbanki tapar |** Breski bankinn Northern Rock, sem breska ríkið þjóðnýtti fyrir ári, tapaði 1,4 milljörðum punda í fyrra. Þetta jafngildir 226 milljörðum íslenskra króna. Tapið er að mestu tilkomið vegna afskrifta á fasteignalánum.

**Enn óvissa |** Talsvert gengisfall var á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum í vikunni en fjárfestar eru almennt uggandi um að aðstæður á fjármagnsmörkuðum eigi eftir að versna frekar.



**Allt niður |** Kreppa er nú samkvæmt þumalputtareglum á Norðurlöndunum en hagvöxtur hefur dregist þar saman tvo ársfjórðunga í röð nema í Noregi. Að Íslandi undanskildu er ástandið verst í Svíþjóð.

**Þurfa hjálp |** Alþjóðabankinn, evrópski fjárfestingabankinn og evrópski þróunarbankinn ætla að verja 25 milljörðum evra, jafnvirði 3.600 milljarða króna til aðstoðar fyrirtækjum í Austur-Evrópu, svo sem í Úkraínu, Ungverjalandi, Hvíta-Rússlandi og Serbíu.

**Mesta tapið |** Royal Bank of Scotland tapaði 24,1 milljarði punda, um 3.900 milljörðum króna, í fyrra. Þetta er mettap í breskri fyrirtækjasögu. Bankinn hefur afskrifað háar upphæðir vegna kaupa á hollenska bankanum ABN Amro í hittifyrra.



## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Alfesca | -13,8% | -11,9% |
| Bakkavör | 1,1% | -25,3% |
| Eimskipafélagið | -16,7% | -40,0% |
| Icelandair | -4,8% | -8,3% |
| Marel | 2,3% | -34,3% |
| SPRON | 0,0% | 0,0% |
| Straumur | 10,3% | -13,4% |
| Össur | -6,5% | -11,8% |

**Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær.*
*Úrvalsvísitalan OMXI15 269*
*Úrvalsvísitalan OMXI6 820*

# Eignir Milestone heim

„Þetta eru vonbrigði enda fínar eignir sem við misstum vegna aðstæðna og vantrausts á markaði,“ segir Guðmundur Ólason, forstjóri Milestone.

Í gær var skrifað upp á samning um sölu á skaðatryggingafélaginu Moderna Försäkringar og sjóðstýringarfyrirtækinu Aktie-Ansvar auk þess sem stefnt er að því að selja líftryggingafélagið Moderna Liv og bankann Banque Invik. Félögin heyrðu öll undir sænska fjármálafyrirtækið Moderna, dótturfélag Milestone. Á móti kaupir Milestone íslenskar eignir sínar aftur, Sjóvá, Askar Capital og Avant, sem sænska fjármálaeftirlitið hafði tekið yfir.


GUÐMUNDUR ÓLASON

Salan er gerð í samráði við skilanefnd Glitnis sem er stærsti lánardrottinn Milestone.

Guðmundur segir vonbrigðin ekki síst felast í því að með sölunni sé horfið frá áformum um fjárhagslega endurskipulagningu Moderna, sem unnið hafi verið að sleitulaust frá í október auk þess sem nær ekkert hafi fengist fyrir þær vegna arfaslakra markaðsaðstæðna. - jab

# Biðin er skaðleg

„Bið eftir verðmati á bönkunum hefur mjög truflandi áhrif á rekstur útflutningsfyrirtækja,“ segir Hörður Arnarson, forstjóri Marel Food Systems.

Hann segir skort á verðmati bankanna hafa verri áhrif en gjaldeyrishöftin enda geti þeir ekki veitt ábyrgð fyrir innflutningi á íhlutum og öðrum kaupum að utan líkt og bankar geri við eðlilegar aðstæður. Mikilvægt sé að hraða verðmati á bönkunum svo þeir geti tekið að starfa eðlilega á ný. „Þetta er grafalvarlegt ástand. Við höfum beðið mjög lengi eftir því að bankarnir verði starfhæfir á ný,“ segir Hörður.


HÖRÐUR ARNARSON

Fjármálaráðuneytið greindi frá því í síðustu viku að birting verðmats hefði dregist og endurskoðunarfyrirtækið Deloitte myndi skila verðmati á bönkunum í enda mánaðar og breska fjármálafyrirtækið Oliver Wyman um miðjan næsta mánuð. - jab

# Úr Landsbankanum í endurreisnina

Gunnar Thoroddsen, fyrrum forstjóri Landsbankans í Lúxemborg, hefur verið ráðinn forstjóri endurreisnarsjóðs sem Straumur-Burðarás tilkynnti um stofnun á í nóvemberlok í fyrra.

Sjóðurinn, sem hafði vinnuheitið Phoenix en er nú nefndur ICM – Iceland Capital Management, er sjálfstæð eining með eigið starfsfólk, þótt hvatinn að stofnun hans hafi komið frá Straumi. Á uppgjörsfundi bankans í nóvember upplýsti William Fall, forstjóri bankans, að stefnt væri að skráningu hans á markað. Leggja átti sjóðnum til 40 milljónir evra í fyrstu skrefum, en að aðrir fjárfestar legðu til allt að 500 milljónir evra.

„Íslensk fyrirtæki eru almennt vel rekin. Eftir hremmingar sem eru að ganga yfir vantar þau aðgang að hlutafé,“ sagði William Fall og kvað sjóðinn koma þar til sögu. - óká



**Í LÚXEMBORG** Myndin er tekin við höfuðstöðvar Landsbankans í Lúxemborg, en bankinn þar fór í greiðslustöðvun í október og óskaði svo í byrjun desember eftir gjaldþrotaskiptum.

# Ísland ekki lengur land heldur sjóður

Ísland er gjaldþrota land, krónan búin að vera, skuldir margföld landsframleiðsla og fólk hamstrar mat og peninga samtímis því sem það sprengir upp Range Rover-jeppana sína til að ná peningum út úr tryggingafélögum.

Þetta eru inngangsorð úttektar á uppsveiflunni hér og hruninu í fyrrahaust, og birtist í aprílhefti bandaríska tímaritsins Vanity Fair undir heitinu Wall Street í freðmýrinni (e. Wall Street on the Tundra).

Höfundurinn Michael Lewis lýsir hruni íslenska efnahagslífsins á gamansaman en gagnrýninn hátt og ræðir við fjölda Íslendinga og erlenda aðila um málið. Þar á meðal er starfsmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem undrast hvernig vel menntuð þjóð gat ratað í þær þrengingar sem hún sitji nú í. Hann segir Ísland ekki lengur land, heldur vogunarsjóð, sem hafi stundað afar áhættusama fjármálastarfsemi byggða á aðgengi að ódýru lánsfé. Þjóðin hafi síðan lokað á alla þá sem gagnrýndu uppganginn.

Lewis segir menn ekki hafa velt vöngum lengi yfir fjárfestingu sinni og bendir á yfirtöku Kaupþings á Singer & Friedlander sem hófst árið 2003. Svipuðu máli hafi gegnt um kaup FL Group á stórum hlut í bandarísku flugrekstrarsamstæðunni AMR. Þar hafi menn síðan reynt að kenna Bandaríkjamönnum hvernig eigi að reka flugfélag.

Helsta niðurstaða Lewis er sú að karlar hafi stýrt landinu í þrot og slegið á hendur kvenna sem vildu draga úr áhættunni. Nú sé þeirra tími runninn upp. jonab@markadurinn.is

### MICHAEL LEWS

**Michael Lewis** er meðal þekktustu viðskiptablaðamanna Bandaríkjanna en á meðal verka hans er bókin Liar's Poker, sem segir sögu skuldabréfamiðlara á Wall Street á níunda áratugnum og fjallar um Salomon Brothers, sem var á meðal fremstu fjárfestingabanka heims. Hann er í dag deild innan bandaríska bankans Citigroup.



**MÓTMÆLI VIÐ AUSTURVÖLL** Einn af þekktustu viðskiptarithöfundum Bandaríkjanna segir íslenska karla hafa stýrt uppbyggingu fjármálageirans af fífldirfsku og vankunnáttu. MARKAÐURINN/VALLI




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 45312 02/09

# 8 AF HVERJUM 10

HORFÐU Á ÚRSLIT

SÖNGVAKEPPNI SJÓNVARPSINS

LAUGARDAGSKVÖLDIÐ 14. FEBRÚAR

**2**
HORFÐU ANNAÐ



SJÓNVARPIÐ

ANNAÐ OG MEIRA

Samkvæmt rafrænni mælingu Capacent Gallup.

# *Þriggja mánaða töf* á nauðsynlegum ákvörðunum

**Töf á stefnumörkun í ýmsum málum sem legið hefði getað fyrir í nóvember getur dýpkað hér kreppuna, segir Jónas Fr. Jónsson, fyrrverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins (FME), í spjalli við *Óla Kristján Ármannsson*. Hann segir gagnrýni á störf FME um margt ósanngjarna. Rannsókn á mögulegum brotum hafi hafist strax og mál fari nú að skila sér.**



**HORFT YFIR SVIÐIÐ** Jónas Fr. Jónsson lét af starfi forstjóra Fjármálaeftirlitsins núna um mánaðamótin. Hann horfir yfir farinn veg og veltir fyrir sér hvar betur hefði mátt standa að málum og bregst við gagnrýni á á FME sem hann segir um margt hafa verið ósanngjarna. MARKAÐURINN/STEFÁN

Dráttur á nauðsynlegum ákvörðunum við enduruppbyggingu fjármála og viðskiptalífs kann að verða dýr að mati Jónasar Fr. Jónssonar, fyrrverandi forstjóra Fjármálaeftirlitsins (FME). Brotthvarf hans úr starfi er hluti af endurnýjun á æðstu stöðum sem kallað hefur verið eftir í kjölfar bankahrunsins hér. Jónas kveðst sýna þeirri kröfu skilning þótt vissulega sé sárt að þurfa að hverfa frá verki í miðjum klíðum. Hann segir gagnrýni sem sett hefur verið fram á störf FME um margt ósanngjarna.

„Árin 2003 til 2005 þrefaldast stærðin á íslenska fjármálamarkaðnum. Á sama tíma aukast tekjur eftirlitsins um 15 prósent og meðalstöðugildum fjölgar um þrjú,“ bendir Jónas á. „Þegar ég kom til starfa seinni hluta árs 2005 sá ég að starfsmenn voru allt of fáir og fjárráð stofnunarinnar of lítil. Það þurfti að taka á upplýsingatæknimálum, starfsmannavelta var mikil og kannski ákveðin minnimáttarkennd í gangi gagnvart bönkunum. Valdheimildir voru þröngar og mjög afmarkað hvenær beita mátti stjórnvaldssektum.“ Jónas beitti sér fyrir auknum valdheimildum og að stofnunin hefði möguleika á að halda í lykilstarfsmenn, auk þess sem fjölgað var í starfsliði og strangt ráðningarferli tekið upp. Þá voru öll skýrsluskil rafvædd og unnið að þróun úrvinnslukerfis, auk þess sem unnið var að ISO vottun fyrir öryggi upplýsingakerfa.

„Þessi uppbygging var farin að skila sér í sterkari stofnun og ýmsir sem gáfu henni góða einkunn, meðal annars Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sem kom hér í eftirlit um mitt ár 2008. Í úttekt sjóðsins sagði að FME hefði bætt gæði og eflt starfsemi sína, aðlagað starfsemi sína að þeim breytingum sem orðið hafi á bankakerfinu og uppfylli reglur Basel um skilvirkt fjármálaeftirlit. Þeir töldu að í ljósi stærðar fjármálakerfisins þyrfti ef til vill meira að koma til, en að í heildina hefði vel tekist til,“ segir Jónas.

Þá telur Jónas að neyðarlögin og vinnan í kringum þau síðasta haust hafi í raun sýnt gæði starfsfólks FME og styrk stofnunarinnar. „Alþingi sýndi FME mikið traust með því að fela því mjög vandasamt verkefni með neyðarlögunum. Eftirlitið breyttist í krísumiðstöð þar sem menn unnu myrkranna á milli af ótrúlegri fórnfýsi við að koma í veg fyrir að bankaþjónusta á Íslandi stöðvaðist, skipa menn til að verja eignir bankanna og hefta það að eldarnir breiddust út og fleiri fjármálaþjónustufyrirtæki féllu. Auk starfsmanna FME unnu starfsmenn Seðlabankans, stjórnsýslunnar og bankanna mikið afrek.“

Til viðbótar áréttar Jónas, þvert ofan í það sem haldið hefur verið fram í opinberri umræðu, að strax hafi verið byrjað á rannsóknum á því hvort mögulega hefði átt sér stað refsivert athæfi. „Starfsmenn FME fóru meðal annars í að skoða verðbréfaviðskipti og ýmis atriði varðandi starfsemi verðbréfasjóða. Fengið var teymi af endurskoðendum til að fara ofan í saumana á málum hjá bönkunum. Sú vinna var mjög vönduð og hefur áfram verið unnið úr henni. Niðurstaða í fyrstu málunum ætti að liggja fyrir á næstunni, en breytingarnar sem urðu hjá FME hafa óneitanlega tafið þetta.“

Þá segir Jónas rangt sem sumir hafi haldið fram að FME hafi lítið beitt sér í eftirliti sínu. Frá miðju ári 2007, þegar FME fékk auknar sektarheimildir, og út árið 2008 hafi um 30 aðilar verið beittir stjórnvaldssektum, auk annarra aðgerða eftirlitsins. „FME hefur liðið fyrir það í umræðunni að ársskýrsla frestaðist vegna hrunsins auk takmarkaðra gagnsæisheimilda, sem gert hefur erfiðara að fjalla um starfsemina. Ég hef hvatt til aukinna gagnsæisheimilda og fagna nýframlögðu frumvarpi í þá veru.“ Hann áréttar að hlutverk og heimildir FME séu afmarkaðar í lögum og ekki hægt að beita íþyngjandi valdboði nema aðilar hafi farið á svig við lög. „Ég tel að FME hafi rækt lögbundið hlutverk sitt vel.“

### MÁLIN SEM TAKA ÞARF Á

Sömuleiðis kveðst Jónas telja að miðað við aðstæður hafi rétt leið verið valin í kjölfar neyðarlaganna. „Ef rétt er unnið úr eignasöfnunum og lagaumgjörðin um slit fjármálafyrirtækja bætt, mætti jafnvel ná betri heimtum en menn sjá fram á að gera í dag. En auðvitað miðast það líka við tímann sem menn hafa til verksins og efnahagsástandið. Verkefninu er langt í frá lokið.“

Um leið segir Jónas að skort hafi framtíðarstefnu og nauðsynlegar ákvarðanir. Þegar fyrsta áfanga björgunarstarfsins var að ljúka í nóvember, hafi dregið úr þeirri samstöðu og eindrægni sem einkennt hafði starfið fram að því. „Stjórnmálamenn fóru að leita sökudólgum til að beina athygli og óánægju frá sjálfum sér og skora jafnframt pólitísk stig. Umræðan varð mjög neikvæð, sem svo aftur hafði lamandi áhrif út í stjórnsýsluna og nýju bankana.“

Jónas segir mikilvægt að tekið verði á hlutum á á borð við hluthafa- og eignarhaldsstefnu ríkisins, hvort sameina eigi einhverja ríkisbankanna og hvernig taka eigi á skuldum einstaklinga og fyrirtækja. Þá eigi eftir að beita reglum, sem settar voru seint, um fyrirgreiðslu til sparisjóða og leysa úr málum tengdum „repolánum“ Seðlabankans til minni fjármálafyrirtækja. „Þessi mál hafa í raun verið í biðstöðu í þrjá mánuði, en margt af því sem fram kom í stefnupappírnum hjá samræmingarhópnum [um endurreisn fjármálakerfisins] var á borðinu strax í nóvember,“ segir hann. Hættan sé að krísan verði lengri eftir því sem dregst að taka ákvarðanir í þessum efnum. Til dæmis gæti hjálpað hlutabréfamarkaði, ef fyrir lægi hvort ríkið hygðist losa um eignarhluti og skrá einhver fyrirtækjanna sem fara í þess eigu. „Og þá er auðvitað mjög mikilvægt að taka skýra afstöðu um dreift eignarhald og búa ekki til fordæmi eins og gert var með sölu á stórum kjölfestueignarhlut í Búnaðarbanka og Landsbanka á sínum tíma.“ Eins segir Jónas mikilvægt að stofna úrvinnslufélag um erfiðustu eignir bankanna. „En ég tel það samt þurfa að vera þannig að bankarnir setji sjálfir mál í úrvinnslu í slíkt félag. Reynslan annars staðar sýnir að með því að losa sig við stór og erfið úrvinnslumál geta bankarnir einbeitt sér að eiginlegri bankastarfsemi og að hjálpa viðskiptavinum sem eigi framtíðina fyrir sér, jafnvel þótt þeir eigi í tímabundnum erfiðleikum.“

Að mati Jónasar hefur umræðan hins vegar verið mjög einhliða og ósanngjörn og beinst að því að segja kreppuna séríslenskt fyrir-



# eldhúsdagur

EFNI BLAÐSINS

MIÐVIKUDAGUR 4. mars 2009

### Hvað er persónukjör?

**Þorkell Helgason:**

Í þjóðmálaumræðu hefur persónukjör borið á góma, þ.e. möguleikar kjósenda til að velja sér þingmannsefni í kjörklefanum. Þorkell Helgason, reiknimeistari Landskjörstjórnar, segir hið íslenska fyrirkomulag falla í þann hóp þar sem áhrif kjósenda eru lítil. Hann setur saman helstu lykilatriði og valkosti í þeim efnum.

### Frumkvæði Alþingis

**Bryndís Hlöðversdóttir:**

Við heildarendurskoðun á stjórnarskránni er brýnt að huga að stöðu Alþingis og hlutverki þess í stjórnskipaninni. Í nágrannalöndum okkar hefur verið lögð mikil vinna í það á síðari árum að efla eftirlitshlutverk þinganna, en ekki hefur verið fjallað mikið um það í íslenskum stjórnskipunarrétti.

### Lýðræði og flokksræði

**Bjarni Harðarson:**

Innan gömlu flokkanna er því á tyllidögum haldið fram að flokkarnir sjálfir séu lýðræðislegar stofnanir enda geti hver sem er tekið þátt í starfi þeirra. Staðreyndin er aftur á móti sú að aðeins prósentubrot kjósenda tekur raunverulegan þátt í starfi stjórnmálaflokka og þeir sem reynt hafa vita að ótrúleg hending, baktjaldamakk og hrossakaup ráða niðurstöðum stofnana flokkanna. Þetta á jafnt við um þá alla.

### Skáld á villigötum?

**Þórólfur Matthíasson:**

Það er rétt sem Steinunn Sigurðardóttir rithöfundur segir í nýlegri grein í Fréttablaðinu, að finna má hæfa Íslendinga til að stýra Seðlabankanum og Fjármálaeftirlitnu. Nú ríður hins vegar á að segja skýrt og greinilega að við ætlum að endurreisa okkar helstu fjármálastofnanir. Ekkert mælir gegn því að útlendingar séu ráðnir til verksins.

Eldhúsdagur er nýtt vikulegt fylgirit Fréttablaðsins sem leggur áherslu á umræðu og skoðanaskipti um stjórnmál og þjóðmál. Leitast verður við að birta vandaðar og upplýsandi greinar um ýmis álitamál. Leitað verður eftir sjónarmiðum valinkunnra einstaklinga auk þess sem senda má gagnorðar greinar á netfangið **greinar@frettabladid.is.**




**Á ÞESSUM SÍÐUSTU OG VERSTU** Þessir ófrýnilegu gestir litu við í Landsbankanum á dögunum. Getur verið að jafnvel hungurvofan þurfi að arka í bankann og kría út yfirdrátt til að láta enda ná saman? FRÉTTABLAÐIÐ/ VALGARÐ

Stjórnarskráin og sjónlagaþing

# Enginn veit hvað átt hefur…



SKÚLI MAGNÚSSON
LÖGFRÆÐINGUR

Hefur stjórnskipun Íslands brugðist samfélaginu í grundvallaratriðum? Hefði kvótakerfi í fiskveiðum, stóriðjuframkvæmdir, einkavæðing fjármálafyrirtækja, eftirlit með fjármálafyrirtækjum, breytingar á skattalögum, stjórn peningamála og ríkissjóðs – svo einhver dæmi séu tekin um ætlaða sökudólga – orðið með öðrum hætti ef stjórnskipun Íslands hefði verið „lýðræðislegri?“ geymt ákvæði um „sameign þjóðarinnar á auðlindum“, umhverfisvernd, o.s.frv.? Ef miðað er við stjórnlög, eins og þau tíðkast í hinum vestræna heimi, verður ekki séð að önnur og nútímalegri stjórnskipan hefði nokkru breytt um þessi atriði. Það stenst ekki heldur samanburð við önnur vestræn samfélög, sem kenna sig við lýðræði og mannréttindi, að halda því fram að stórkostleg slagsíða hafi verið og sé enn á íslenskri stjórnskipun hvað þessi atriði varðar.

**Mikið í húfi**

Eitt af því sem nú er teflt fram sem viðbrögðum við efnahagslegu áfalli landsins er flýtimeðferð til ákveðinnar breytinga á stjórnarskrá lýðveldisins en að því loknu einhvers konar allsherjarendurskoðun stjórnskipunarinnar á vettvangi stjórnlagaþings. Í þessu sambandi hefur í almennri umræðu verið vísað til hugsanlegs afnáms þingræðisreglunnar, fyrirmynda í bandarískri stjórnskipun eða hugmynda Vilmundar Gylfasonar heitins af ótrúlegri léttúð, þar á meðal af lögfræðingum.

Þótt hugmyndin um stjórnlagaþing kunni að hljóma aðlaðandi, sefa reiði almennings með því að svara kalli um róttækar og umsvifalausar breytingar, eru hér miklir hagsmunir lagðir að veði. Við Íslendingar eigum nefnilega stjórnskipun sem í öllum meginatriðum er skýr, jafnvel þótt texti stjórnarskrárinnar sjálfrar kunni í sumum tilvikum að vera gamall og lítt aðgengilegur. Þessi eign er ekki eins sjálfsögð og margir kunna að ætla. Einmitt við núverandi aðstæður ætti mönnum þó að vera ljóst gildi þess að eiga stjórnskipun sem er skýr um skipan valdsins, valdmörk, ákvarðanatöku, o.s.frv., þannig að unnt sé að veita samfélaginu ábyrga og skynsama stjórn með langtímahagsmuni að leiðarljósi.

> Saga stjórnarskráa bendir raunar til þess að endingartími og tilætluð samfélagsleg áhrif þeirra aukist í öfugu hlutfalli við lengd þeirra og lagatæknilega fágun.

Það er engin góð ástæða til að rífa stjórnskipun Íslands upp með rótum við núverandi aðstæður þar sem stjórnvöld þurfa að setja sér skýr markmið til lengri og skemmri tíma – sum eflaust sársaukafull og misvinsæl – og hafa styrk og þol til þess að vinna að þeim. Við munum ekki leysa aðsteðjandi vandamál með breytingum á stjórnskipun Íslands. Saga stjórnarskráa bendir raunar til þess að endingartími og tilætluð samfélagsleg áhrif þeirra aukist í öfugu hlutfalli við lengd þeirra og lagatæknilega fágun.

Texti stjórnarskrár er í besta falli einn þáttur í þeirri viðleitni að koma á ákveðinni samfélagsskipan. Ef stjórnarskrá er ekki framfylgt og hlýtt af heilindum af öllum þeim sem í hlut eiga, ekki síst (en þó ekki eingöngu) valdhöfum, duga hástemmdar valdreifingar-, lýðræðis- og mannréttindayfirlýsingar skammt. Án hollustu við grunngildi stjórnskipunarinnar – tilgang hennar, grunnrök, þá grundvallarhagsmuni sem hún á að þjóna – verður engin stjórnarskrá samfélaginu til bjargar, hversu ítarleg og vel orðuð hún er. Þetta mætti styðja með dæmum úr almennri sögu stjórnarskráa en auk þess er íslensk stjórnarskrársaga ekki síður lærdómsrík að þessu leyti. Það er hættulegur barnaskapur að halda að ný og fögur stjórnarskrá muni verða allra meina bót.

**Ekki úrelt plagg**

Íslenska stjórnarskráin er ekki úrelt plagg þótt á henni séu ýmsir annmarkar sem fræðimenn og flestir aðrir sem til þekkja eru raunar að mestu sammála um hverjir séu og hvernig beri að mæta. Sjálfsagt er því að umræða um stjórnarskrána haldi áfram og sé leidd til lykta í opnu, lýðræðislega og stjórnskipulega réttu ferli.

Hins vegar er engin ástæða til að taka í skyndi stefnu út í óvissuna, gefa upp boltann fyrir allsherjarendurskoðun stjórnarskrárinnar með tilheyrandi fjárhagslegum kostnaði og ófyrirséðum afleiðingum. Efnahagskreppa og stjórnskipuleg ringulreið eru slæmur kokteill, svo ekki sé sterkar tekið til orða. Um stjórnarskrána gildir líkt og margt annað að enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur.

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



„Fermingar“

Glæsilegt sérblað um ferminguna mun koma út þriðjudaginn 10. mars n.k.
Allt sem tengist veislunni, athöfinni og hugmyndir að gjöfunum og margt fl.

**Auglýsendur vinsamlegast hafið samband við:**

**Benedikt Freyr sími: 512-5411 • benediktj@365.is**
**Bjarni Þór sími: 512-5471 • bjarnithor@365.is**
**Sigríður Dagný sími: 512-5462 • sigridurdagny@365.is**
**Hlynur sími: 512-5439 • hlynurs@365.is**

FRÉTTABLAÐIÐ




„Eldhúsdagur“

er nýtt vikulegt fylgirit Fréttablaðsins sem leggur áherslu á umræðu og skoðanaskipti um stjórnmál og þjóðmál. Leitast verður við að birta vandaðar og upplýsandi greinar um ýmis álitamál. Leitað verður eftir sjónarmiðum valinkunnra einstaklinga auk þess sem lesendur geta sent inn gagnorðar greinar á netfangið **greinar@frettabladid.is**

**Auglýsendur vinsamlegast hafið samband við:**
**Bjarna Þór Sigurðsson - sími: 512-5471**
**& 822-5062 - bjarnithor@365.is**

FRÉTTABLAÐIÐ




Kosningafyrirkomulag

# Hvað er persónukjör?

**ÞORKELL HELGASON**
stærðfræðingur og reiknimeistari Landskjörstjórnar



Í þjóðmálaumræðu hefur persónukjör borið á góma, þ.e. möguleikar kjósenda til að velja sér þingmannsefni í kjörklefanum. Hér verða dregin saman nokkur lykilatriði þessa máls. Að öðru leyti er bent á greinargerð um persónukjör sem finna má á vef landskjörstjórnar, landskjor.is, nánar tiltekið á síðunni http://www.landskjor.is/media/frettir/Personukjor9feb2009a.pdf.

**Skilgreiningar**

Hugtakið persónukjör getur verið misvíðfeðmt og virðist rófið í þeim efnum vera eftirfarandi og er þá kostunum raðað eftir því hvað þeir ganga langt:

P0: Frambjóðendum er skipað á framboðslista og í þeirri röð sem framboðin, flokkarnir, kjósa t.d. að loknum prófkjörum. Kjósendur velja lista en fá engu breytt um röð frambjóðenda. Þessi leið felur því ekki í sér persónukjör en er tilgreind sem grunnviðmiðun.

P1: Kjósendur velja sem fyrr lista en geta haft áhrif á röðun frambjóðenda á þeim sama lista með umröðun, útstrikun eða með því að draga einhverja sérstaklega fram með krossamerkingum. Misjafnt er hver eru áhrif þessara breytinga allt frá því að vera óveruleg upp í að þau geti verið afgerandi sé þátttaka nægileg.

P2: Listum er stillt upp í óskaröð framboða allt eins og í P0 en röðunin er aðeins til leiðbeiningar kjósendum. Beinar merkingar þeirra ráða því alfarið hverjir veljast af listunum á þing.

P3: Nú er listum stillt upp óröðuðum þannig að kjósendur ráða því alfarið hverjir á listunum komast á þing – og fá enga leiðsögn til þess á kjörseðlinum eins og í P2.

P4: Næsta skref í persónukjöri er að kjósendur megi tína til frambjóðendur af fleiri en einum lista. Þar sem það er leyft fylgir því að jafnaði pólitísk ábyrgð í þeim skilningi að vali á frambjóðanda fylgir að listi hans fær tilsvarandi hlutdeild í atkvæði kjósandans. Þetta er þó ekki algilt.

P5: Frambjóðendur standa ekki á listum heldur bjóða sig fram sem einstaklingar. Víðast hvar er frambjóðendunum þó heimilt, ef ekki skylt, að gera grein fyrir flokkstengslum sínum á kjörseðlinum. Segja má að fyrirkomulag einmenningskjördæma falli undir þessa gerð persónukjörs. Einnig eru dæmi um fjölmenningskjördæmi með persónukjöri af þessu tagi.

**Evrópa**

Velflest lýðræðisríki í Evrópu bjóða upp á persónukjör við þingkosningar sem fellur a.m.k. undir róttækari gerð leiðar P1 og allt að P4. Á Írlandi er löng hefð fyrir kerfi sem fellur undir P4. Sviss og Lúxemborg hafa líka slíkt kerfi. Af nálægum ríkjum sem viðhafa listakosningar er það einungis í Ísrael, Noregi, Portúgal og á Spáni þar sem engin eða veikburða tegund af persónukjöri er við kosningar til þjóðþinga.

**Norðurlönd**

Af Norðurlöndum ganga Finnar lengst í þessum efnum. Þar eru listar í stafrófsröð og kjósandinn krossar við einn frambjóðanda sem þýðir um leið að atkvæði er greitt viðkomandi lista. Þeir komast á þing fyrir sinn lista sem flesta fá krossana. Kerfi Finna fellur því undir flokk P3. Danir komast trúlega næst Finnum. Fyrirkomulag þeirra er fjölbreytilegt og verður ekki lýst hér. Aðeins sagt að þar hafa framboðslistar val um þrenns konar uppstillingu allt frá fullröðuðum listum, þar sem kjósendur hafa lítil áhrif á röðunina, upp í það að kjósendur geti valið sér með einum krossi mann af óröðuðum listum. Þeirra kerfi er því ýmist í flokki P1, P2 eða P3. Í kosningum til sænska Ríkisþingsins eru framboðslistar raðaðir en kjósendur mega velja með krossi einn frambjóðanda sérstaklega (af sama lista og þeir kjósa). Þeir frambjóðendur sem þannig fá stuðning a.m.k. 8% kjósenda síns lista komast upp fyrir flokksröðunina þegar kemur að því að þingsætum listans er ráðstafað. Sænska fyrirkomulagið fellur því milli flokks P1 og P2. Við kosningar til norska Stórþingsins er notað sama fyrirkomulag og hér á landi á árunum 1987-2000 (sjá neðar) sem veitir kjósendum afar rýra möguleika til breytinga. Norðmenn eru því á milli flokks P0 og P1!

**Ísland**

Hérlendis hefur gengið á ýmsu um persónukjör við Alþingiskosningar. Þegar við upphaf listakosninga var með lögum frá 1915 tekið upp það fyrirkomulag, sem enn gildir að grunni til, að listar eru boðnir fram raðaðir í óskaröð hvers framboðs. Raunar var þetta innleitt með lögum frá 1913 hvað varðar bæjarstjórnarkosningar í Reykjavík. Kjósendur gátu þá strax breytt röðuninni með talnamerkingum og jafnframt strikað út einstaka frambjóðendur en það er einskorðað við þann lista sem kjósandinn hefur merkt við. Áhrifin af þessum breytingum kjósenda hafa verið afar mismunandi. Ákvæðin og gildistími þeirra hafa verið sem hér segir:

1915-1959: Hver sætistala var ávísun á viss atkvæðisbrot sem síðan voru lögð saman hjá hverjum frambjóðenda og verður að atkvæðatölu frambjóðandans. Aðferðafræðin er kennd við Borda. Áhrif kjósenda voru allmikil undir þessu fyrirkomulagi. Það gerðist tvisvar á þessu árabili að frambjóðandi náði ekki kosningu vegna breytinga kjósenda.

1959-1987: Að nafninu til var notuð sama aðferð og áður en vægi kjósenda þó rýrt svo mjög að það þurfti þrefalt fleiri kjósendur að gera sömu breytingu til að ná sama árangri og áður.

1987-2000: Á þessu tímabili var túlkun röðunartalnanna gjörbreytt þannig að nú var með þeim verið að kjósa í viðkomandi sæti eins og í prófkjörum. Meira en helmingur kjósenda þurfti að gera sömu breytingu til að hreyfa við manni á lista, sem auðvitað gerðist aldrei!

2000-?: Með lögum frá árinu 2000 var í grundvallaratriðum horfið til baka til hinnar upphaflegu aðferðar frá 1913/15, aðferðar Borda, en þó í nokkuð öðrum búningi þannig að möguleikar kjósenda til breytinga eru að jafnaði minni en á tímabilinu 1915-1959. Þó gerðist það í síðustu kosningum, árið 2007, að tveir frambjóðendur færðust niður um sæti vegna breytinga kjósenda. Hvorugur þeirra missti þó þingsæti af þessum sökum.

Í öllum tilvikum má segja að hið íslenska fyrirkomulag persónukjörs falli undir flokk P1 og innan hans í þann hóp þar sem áhrif kjósenda eru lítil.

Nú er hugað að persónukjöri, jafnvel fyrir komandi kosningar. Í meðfylgjandi töflu eru dregnar saman helstu hugmyndir sem hafa verið á kreiki. Sem fyrr er kostunum raðað í róttækniröð í samræmi við almennu flokkunina sem fyrr er lýst.

Í töflunni er sérstaklega tekið fram hvort breytingarnar kalli á stjórnarskrárbreytingu eða ekki. Sé ekki svo mætti tæknilega séð breyta kosningalögum nú þannig að ákvæðin giltu við komandi kosningar. Þar með er enginn dómur felldur um það hvort það sé pólitískt raunhæft né heldur hvort vilji sé til þess. Eftir breytingar á stjórnarskránni sem tóku gildi árið 1999 þarf aukinn meirihluta á Alþingi, 2/3 atkvæða, til að breyta mjög mikilvægum ákvæðum kosningalaga. Fram kemur í töflunni hvort reyna kynni á þetta ákvæði.

Viðfangsefnið persónukjör er hvergi nærri tæmt í þessum greinarstúf. T.d. er í engu rætt um hvort skynsamlegra sé að kjósendur velji frambjóðendur með krossum, einum eða fleirum, eða raði þeim með tölustöfum. Röðunina þarf síðan að túlka sem kosningu í sæti, sem eins konar forgangsröðun (eins og gert er á Írlandi) eða yfir í atkvæðisbrot (sbr. aðferð Borda) og þá hvernig? Aftur skal vísað til greinargerðarinnar á vefsíðu landskjörstjórnar til frekari fróðleiks.

| FLOKKUN | LÝSING | INNAN STJÓRNARSKRÁR? | ÞARF 2/3 MEIRIHLUTA Á ALÞINGI? | UMSÖGN |
|---|---|---|---|---|
| P1 | Raðaðir listar eins og nú. Vægi breytinga kjósenda aukið frá því sem nú er. | Já | Umdeilt | Einföld breyting. |
| P1 eða P3 | Framboð mega velja á milli raðaðra og óraðaðra lista. Kjörseðlar ýmist með röðuðum eða óröðuðum listum. Athöfn (tölusetning) kjósenda þó óbreytt. | Já | Umdeilt | Þau framboð sem vilja geta boðið fram óraðað, aðrir geta haldið sig við gamla lagið að sinni. |
| P3 | Alfarið óraðaðir listar. Kjósendur velja frambjóðendur en af einum lista. | Já | Umdeilt | Eitt er látið yfir alla lista ganga. |
| P4 | Alfarið óraðaðir listar. Kjósendur mega velja þvert á lista. | Líklega | Já | Áhugavert en að mörgu er að hyggja. |
| P5 | Einstaklingar bjóða sig fram. Kjósendur velja þá úr sem þeir kjósa. | Nei | Nægir ekki | Mikil breyting á pólitískri menningu. |



**STÆRÐFRÆÐILEIKAR** fyrir 4. til 7. bekk og 8. til 10. bekk standa nú yfir á netinu. Fimm vikur í röð birtast á vefnum leikar.net tvö ný verkefni sem nemendur hafa viku til að leysa og skila.




VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

Næsta námskeið hefst 6. mars n.k.



Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving

UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414



VÉLFRÆÐINGUR

**Með reynslu til sjós og lands og reynslu óskar eftir vinnu á höfðuborgarsvæðinu. Ýmislegt kemur til greina. Hef reynslu af sölumennsku og markaðssetningu bæði innanlands og utan. Góð tungumálakunnátta fyrir hendi.** GSM: 893-1055





HITI Í BÚSTAÐINN



**Ryðfríir neysluvatnshitarar, hitöld (element), hitastillar, hitastýringar, rafhitarar til húshitunar og flest annað til rafhitunar.**

Við hjá Rafhitun erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun. Við bjóðum einungis úrvals tæki sem hafa sannað sig með áranlangri reynslu.

Rafhitun

Rafhitarar fyrir heita potta

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði • Sími: 565 3265 • www.rafhitun.is




Sæmundur í um 6.000 metra hæð daginn áður en hann komst á toppinn sem er í 6.962 metra hæð. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Gekk einn á Aconcagua

**Kreppan varð til þess að Sæmundur Þór Sigurðsson aflýsti skipulagðri ferð á Aconcagua í Argentínu og lagði á fjallið einn síns liðs. Ferðin gekk þó vonum framar þrátt fyrir tvísýnan lokasprett.**

Sæmundur Þór Sigurðsson, fararstjóri hjá ÍT ferðum, vann mikið þrekvirki á dögunum en þá gekk hann einn á Aconcagua í Argentínu sem er hæsta fjall í heimi utan Himalaya.

Sæmundur hóf ferðalagið í desember á síðasta ári og kleif tvö fjöll í Perú og eitt í Bólivíu til að koma sér í gírinn. „Ég ætlaði svo í skipulagða ferð á vegum ÍT ferða upp á Aconcagua en sökum kreppunnar var aurinn minn nánast uppurinn. Ég þorði því ekki annað en að aflýsa ferðinni en ákvað svo að leggja bara í hann upp á eigin spýtur án leiðsögu- og burðarmanna.“

Ferðalagið á toppinn tók tíu daga en að jafnaði eru göngugarpar um 15-20 daga að fara sömu leið. „Ég held að hæðaraðlögunin sem ég varð mér úti um í fjallgöngunum í Perú og Bólivíu hafi skipt sköpum. Þá bý ég auðvitað að því að vera Íslendingur og vanur alls kyns veðrum og vindum.“

Ferðalagið gekk að mestu vel. „Þetta er ekki svo erfið ganga en hæðin og veðrið geta gert fólki erfitt fyrir.“ Síðasti spölurinn tók mikið á og var Sæmundur að því kominn að snúa við á síðustu metrunum. „Ég var kominn með hámarkspúls og átti erfitt með andardrátt. Veðrið var vont og ég fór rétt skólengdina í hverju skrefi. Klukkan var orðin margt og ég var búinn að taka ákvörðun um að snúa við fyrir ákveðinn tíma til að lenda ekki í myrkri,“ lýsir Sæmundur og viðurkennir að um tíma hafi hann verið farinn að sætta sig við að fara ekki alla leið. Á þeim tímapunkti hitti hann björgunarsveitarmenn, sem hann hafði kynnst á leiðinni, sem voru á niðurleið. Sæmundi til mikillar ánægju sögðu þeir að yfirmaður björgunarsveitarinnar biði eftir honum á toppnum. Hann var um eina klukkustund að ganga síðustu 20 til 30 metra hækkunina en komst að lokum á toppinn. „Þó að skyggnið hafi ekki verið nema um 50 metrar var tilfinningin engri lík.“

Sæmundur segir fjallamennskuna dellu og stefnir hann ótrauður á aðra ferð á næsta ári. „Það er mikill áhugi fyrir Aconcagua á Íslandi og ætlum við hjá ÍT ferðum með hóp af fólki.“ Sæmundur stefnir þó ekki hærra og segir það ekki á dagskrá að ganga á Everest. „Mér finnast Himalayafjöllin spennandi en dánartíðnin á Everest er einfaldlega of há.“

Áhugasamir geta fengið að vita meira um ferðina laugardaginn 28. mars klukkan ellefu en þá verður Sæmundur með myndasýningu úr ferðinni í húsakynnum ÍT-ferða að Engjavegi 6.

*vera@frettabladid.is*


BÍLAOUTLET NOTAÐIR BÍLAR UMBOÐSSALA

Viltu losna við notaða bílinn fljótt?

Mikil traffík
Stór salur
VIÐ LEYSUM MÁLIÐ

Við höfum enga heimasíðu og svörum ekki í síma
Þú bara mætir á staðinn

Bílaoutlet - Korputorgi
Opið: mán-fös kl. 11-19, lau kl. 12-16

BÍLAOUTLET

# ;FERMINGAR

**NÁMSKEIÐ** geta verið góð fermingargjöf. Alls konar námskeið eru í boði fyrir þennan aldurshóp og er til dæmis hægt að gefa myndlistar-, ljósmynda- eða tungumálanámskeið.


Fermingargjöfin í ár er
Dúnsæng frá Dún og Fiður



DÚN & FIÐUR
Laugavegi 87 • sími: 511-2004




Bertoni-jakkaföt á 28.900 krónur, skyrtur á 4.900 krónur, skór á 9.900 og bindi á 3.900 krónur. Fáanlegt í Herra Hafnarfirði. Þar er líka hægt að fá svört jakkaföt með vesti frá 19.900 krónum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






# Frjálslegt við ferminguna

**Dökk jakkaföt og litríkir fylgihlutir verða áberandi í fermingarfatnaði drengja í ár að mati þeirra Gunnars Levíssonar, eiganda Herra Hafnarfjarðar, og Viðars Haraldssonar, verlsunarstjóra Retro.**

„Málið er að hafa þetta kasúal. Um það eru náttúrlega allir að hugsa í þessari kreppu. Áherslan verður því á svört fermingarföt í ár. Reyndar er svart á línuna, en litir á undanhaldi bæði hvað fermingarfötin varðar og svo almennt," segir Gunnar. Viðar tekur í sama streng. „Dökk, aðsniðin og strákaleg fermingarföt eru áberandi í ár. Langt í frá karlaleg eins og var kannski stundum áður."

Félagarnir segja nokkurt frelsi leyfast í skyrtum og fylgihlutum, þar brjótist litagleðin fremur fram. „Skyrtur í rauðu, bláu, svörtu og hvítu eru málið," bendir Viðar á. „Og við þær hægt að nota mjó bindi í ýmsums litum." Gunnar bætir við að bleikt og órans komi sterkt inn í bindum og sömuleiðis mynstur og myndir, til dæmis hauskúpur. Þá er viðbúið að einhverjir skarti slaufum og axlaböndum sem eru nýjung í ár, eins og Viðar bendir á.

Ráðgert er að fleiri láti hagsýni stjórna ferðinni en áður og eru Viðar og Gunnar sammála um að velja beri fermingarföt sem nota megi við fleiri tækifæri. „Hægt er að kaupa stakan jakka við gallabuxur og grófgerða skó," bendir Gunnar á. „Nota svo gallann eftir fermingu og skipta skyrtunni jafnvel út fyrir hettupeysu," segir Viðar, sem hallast að stílhreinum, svörtum fermingarskóm. „Ég vil svo bæta við að nýjung í ár eru vesti, sem kaupa má stök eða með jakkafötunum."

Þá fæst í báðum verslunum gott úrval jakkafata á feður fermingarbarna, þar sem sama virðist gilda í litavali. Dökkt á línuna og litríkt í bindum og fylgihlutum.

*roald@frettabladid.is*



Öll jakkaföt kosta 19.900 í Retro, skyrta 4.900, skór eru frá 9.900, slaufa er á 2.900. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


TIL FERMINGAGJAFA

FERÐATÖSKUR
ÍÞRÓTTATÖSKUR
BEAUTYBOX
BAKPOKAR
SEÐLAVESKI
TÖLVUTÖSKUR



Töskur og hanskabúðin
Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík. Sími 551-5814, th.is




Allt fyrir fermingarborðið í Föndru.

Föndur og gjafavara
FÖNDRA

Dalvegi 18, Kóp. Sími 568 6500 www.föndra.is
opið 10-18 virka daga, laugardaga 11-16




**MATREIÐSLUNÁMSKEIÐ** undir heitinu Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða? verður haldið hjá Manni lifandi í kvöld frá klukkan 20.00 til 22.00. Kennari er Ebba Guðný Guðmundsdóttir.





Á krakkanámskeiðum í stjörnufræði er leitað svara við ýmsum áhugaverðum spurningum er snerta himingeiminn. Sævar Helgi á von á að námskeiðin verði vel sótt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Krakkar og himingeimur

**Í tilefni af alþjóðlegu ári stjörnufræðinnar stendur Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness fyrir námskeiðum í stjörnufræði og -skoðun um næstu helgi sem ætluð eru krökkum á aldrinum fimm til þrettán ára.**

„Námskeiðið gengur í megindráttum út á að að fræða börn um það sem við getum séð á himninum eins og stjörnumerkin, tunglið og reikistjörnurnar. Þá tölum við um af hverju tunglið vex og dvínar og hvernig gígarnir á tunglinu myndast og sýnum það fremur leikrænt. Svo ætlum við að tala um Mars og líf í geimnum, hvernig Hómer Simpson getur frætt okkur um svarthol og fleira,“ segir Sævar Helgi Bragason hjá Stjörnuskoðunarfélagi Seltjarnarness, en helgina 7. og 8. mars stendur félagið fyrir krakkanámskeiðum í stjörnufræði og stjörnuskoðun í Valhúsaskóla.

Námskeiðin eru hluti af stóru alþjóðlegu verkefni sem kallast UNAWE, eða Universe Awareness, og er unnið með stuðningi UNESCO og haldið á vegum Alþjóðasambands stjarnfræðinga en sams konar námskeið eru haldin úti um allan heim. „Verkefnið gengur út á að færa börnum undur alheimsins á einfaldan hátt og víkka sjóndeildarhringinn. Í ár eru 400 ár liðin frá því að Galíleó beindi sjónauka til himins og er verið að minnast þess atburðar í yfir 140 löndum um allan heim, þannig þetta er stórt ár. Við héldum svona krakkanámskeið síðasta vetur við góðar undirtektir en þá komu yfir 50 krakkar með foreldrum sínum,“ útskýrir Sævar Helgi áhugasamur.

Hvert námskeið stendur yfir í tvær klukkustundir og er hugsað fyrir barn og eitt foreldri saman. „Á laugardaginn er námskeið fyrir krakka á aldrinum fimm til níu ára en á sunnudaginn fyrir krakka á aldrinum tíu til þrettán ára. Við munum búa til árekstrargíga, setja upp líkan af jörðinni og tunglinu, fjalla um geimverur og svarthol og fleira. Eftir námskeiðið verður síðan boðið upp á stjörnuskoðun, þegar veður leyfir, þar sem þátttakendur eiga þess kost að mæta með eigin sjónauka og læra á hann,“ segir Sævar Helgi og bætir við að stjörnufræðikennsla í grunnskólum hafi farið vaxandi. „Nú er ekki skylda að taka samræmt próf í náttúrufræði og þá fá kennarar meira frjálsræði með efnið og margir hafa tekið upp á því á að kenna stjörnufræði þar sem hún er áhugaverð og snertir spurningar sem allir spyrja sig.“

Nánari upplýsingar eru á stjornuskodun.is og astro.is þar sem einnig er hægt að skrá sig.

*hrefna@frettabladid.is*



Börn að leik. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Fræðsla um ofvirkni

**Fræðslufundur ADHD-samtakanna á morgun.**

Á fundinum, sem er klukkan 20 að Háaleitisbraut 13 í fræðslusal á fjórðu hæð, mun Ásdís A. Arnalds félagsfræðingur kynna niðurstöður rannsóknar á upplifun foreldra af því að eiga barn greint með ADHD, athyglisbrest með ofvirkni.

Allir eru velkomnir á fyrirlesturinn en nánari upplýsingar má finna á vefnum, adhd.is. *- hs*


TÓMSTUNDAHÚSIÐ
FJARSTÝRÐIR BENSÍNBÍLAR
Í ÚRVALI.





NETHYL 2, SÍMI 5870600, WWW.TOMSTUNDAHUSID.IS

VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi"

ERMAR
Síð og stutt
"body"





Verð frá 1.990 kr.
Rita
Bæjarlind 6 .. Eddufelli 2
S. 554-7030 S. 557-1730

Fermingar Boðskort
Verð
10-39 stk. 150kr./stk.
40 + stk. 145kr./stk.





myndval
Þönglabakka 4 (Mjódd) sími 557 4070
myndval@myndval.is
www.myndval.is

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

**www.heimkynni.is**
**Til leigu 3ja og 4ja herbergja íbúðir, lausar strax. Heimilistæki fylgja.**
**Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is**

Búseturéttaríbúðir - Leiguíbúðir
Sími 520 5788 · Veffang: www.buseti.is
BÚSETI
Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar

Nýuppgerð björt íbúð við Baldursgötu. Frábært aðstaða, ser inngangur. Þvottavél m. þurrkara, ískápur, internet. Hiti & rafmagn innifalið. Laus strax. uppl. í S. 823 9233.

2.herb. 71.fm íbúð til leigu í Lindunum Kóp. Laus strax. Uppl. í s. 892 3329.

2herb íbúð á 1.hæð í Mjóuhlíð 105Rvk, 90þ. rafm&hiti ekki innifalið. s:6604526,

**200 kópavogur**
Herbergi til leigu, Wc og sturta. 30 þús á mánuði. m/hita. Uppl. í s. 699 4265.

Lítið herbergi m/sérbaði og eldunaraðstöðu á Karlagötu (105). Þvottaaðstaða fylgir. 35þ/mán. 694 9732

101 Stúdíó Glæsileg Stúdíó íbúð 62fm í 101 til leigu verð 85.000,- upplýsingar 866-3957 eftir kl 17.00

4 herb. ca 100 fm. íbúð á jarðhæð í tvíbýli við Langholtsveg. uppl. 7720202

Björt og snyrtileg 2ja herberga íbúð, á annari hæð, með sér inngangi í hverfi 112. Leiga 95þ. á mán. uppl. 659-6118

Í Mosfellsbæ 2ja herb íb 65 m2 með rafm.hita, ísskáp,þvottavél allt sér 80.000 á mán.Laus. Páll 8960415

Herb. á gistiheimili í miðb. Aðg. að öllu + inter. V. frá 37 þ. S. 896 4661.

Herbergi Við Lokastíg . KR 25000 til 35000 langtímaleiga 861 4142 KL.10.oo til 16.oo en ekki á öðrum tímum

Íbúð til leigu í 101, leiga 130 þús á mán. Fyrir utan rafm og hita. Laus strax. Uppl. síma 863 1476 Email: gstop@hive.is

Stór glæsileg 3.herb 100fm.íbúð á Völlunum í Hfj. Stæði í bílageymslu, uppþvottavél, ískápur o.fl. o.fl. Verð 150 þús. Uppl. í síma 496 0706.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Fjölskylda með eitt barn óskar eftir 2 herb. íbúð á sv. 105 eða 103. S. 893 3026.

Óska eftir snyrtilegri 3ja herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu sem fyrst. Verðhugmynd 80-100 þús. S. 822 2434.

Einbýlishús - Parhús eða Raðhús 4-6 herb. óskast, jafnvel m/bílskúr. Frá 15.apríl eða 1.maí. Langtímaleiga. Góðri umgengni heitið og öruggar greiðslur. Uppl. í s. 868 6419 eða kleo@visir.is

4+ herbergja íbúð í Hlíðunum Óska eftir 4+ herbergja íbúð til leigu í Hlíðunum með innbúi frá 1. maí-31. ágúst. arnargeirsson@yahoo.com, 5881115

## Atvinnuhúsnæði

Meðleigjandi óskast í 120 fm húsnæði sem er staðsett uppá höfða. Erum 2 þar með hobbýviðgerðir. v. 45þús á mán. m. hita & rafm. Uppl í s. 895 3534.

Iðnaðarbil til leigu í Hafnarfirði, stærðir frá 85 ferm. Hagstæð leiga. Uppl. 8224200

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**www.geymslaeitt.is**
Til leigu geymslur frá 5 til 17 m2. Allar með sér inngangi. Bretti á 2.900.- Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Gisting

3ja herb íbúð í Reykjavík - skammtímaleiga. www.123.is/gisting eða 8998220

Tvö pör 30 ára vantar íbúð á Akureyri um páskana. Frekari upplýsingar í síma 849 7979, Hanna.

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN FRÁBÆRT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Verð frá 750 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com.

**www.leiguherbergi.is**
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Veitingahús Nings - Framtíðarstarf**
**Veitingahús Nings óska eftir vakstjóra. Unnið er á 15 daga vöktum. Skilyrði: starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, 22 ára eða eldri, hafa hreint sakavottorð og íslenskumælandi.**
**Endilega hafið samband í síma 822 8840 eða www.nings.is**

Einar Ben
RESTAURANT & BAR

**Viltu læra til þjóns undir handleiðslu eins mest verðlaunaða framreiðslumeistara landsins ?**
**Við á Einari Ben erum að leita að ungri og áhugasamri manneskju sem vill læra til þjóns. Við bjóðum upp á fjölbreytt nám fyrir metnaðarfullt fólk. Nemar okkar eru undir handleiðslu Stefáns Guðjónssonar margverðlaunaðs vínþjóns og framleiðslumanns ársins 2004.**
**Vinsamlegast hafið samband við Stefán. s. 693 6526.**

THULE KRAFT

**Iðnaðarmenn, Vinna í Noregi**
**Sendið ferilskrá og afrit af sveinsbréfi á thulekraft@gmail.com Sími: 662 8877**

Óskum strax eftir áræðanlegum framtakssömum starfsmanni með góða þjónustulund í verslunina Litir og Föndur Kópavogi. Umsóknir með ferilskrá og mynd koma eingöngu til skoðunar. Vinnutími 13 - 18 eða 10 -18 gudfinnaanna@simnet.is

Vantar mann með leyfi til að styrkleikaflokka timbur. Uppl. gefur Halldór í s. 840-7273

## Atvinna óskast

Bridi óskar eftir að komast í afleysingar á sjó. Get byrjað strax. (Meðmæli) S. 868 5090, Ástvaldur.

Karlmaður (22) og kona (21) leita eftir vinnu. Allt kemur til greina. Tölum ensku. S. 849 5018 & 844 8927.

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

# TILKYNNINGAR

## Fundir

**Aðalfundur**
**Aðalfundur Hafnarfjarðardeildar Rauða kross Íslands**
verður haldinn miðvikudaginn 11. mars kl. 18 við Strandgötu 24
Dagskrá: **Venjuleg aðalfundarstörf, önnur mál**
Fundarseta er öllum heimil.
Félagsmenn eru hvattir til að mæta.
Stjórnin
Rauði kross Íslands
Hafnarfjarðardeild

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 6666. opið allan sólarhringinn**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**
**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)


# Ertu í húsnæðis hugleiðingum?

Eru breytingar í vændum?
Þarftu hentugra húsnæði?
Vantar stærra húsnæði?

Sími sölumanna er 535 1000

Stakfell | Grunnur að góðu lífi
Fasteignasala íbúðarhúsnæðis • Lágmúli 7 • 108 Rvk.



Helgar
FRÉTTABLAÐIÐ
blað
alla laugardaga



**Kröftugra og stærra helgarblað á laugardögum.**

Nú fylgir Atvinnublaðið ásamt Heimili og hönnun Fréttablaðinu alla laugardaga ásamt áhugaverðum mánaðarlegum sérblöðum um ferðalög, fjölskylduna, mat og menningu.

Spennandi viðtöl, fréttaúttektir og fjölmargar aðrar áhugaverðar greinar gera helgarblað Fréttablaðsins að ómissandi lesefni um hverja helgi.

Atvinnublaðið
fylgir alltaf með Helgarblaðinu!

Allt sem þú þarft



Gott Fólk






## Vilt þú vinna hjá skemmtilegu og líflegu fyrirtæki?

**Vefdeild 365 miðla leitar að kraftmiklum .net forritara**

Helstu verkefni eru:
Viðhald og þróun margvíslegra .net kerfa, ss. Vísir.is, blogcentral.is, veftv-kerfis o.fl., skjölun kerfa, samskipti við innlenda og erlenda undirverktaka/birgja vegna verkefna

**Þekking/reynsla/menntun:**
- háskólamenntun æskileg, verkfræði, tölvunarfræði eða samsvarandi menntun
- mikil reynsla af visual studio 2005 og 2008
- reynsla á MS SQL Server 2005 og T-SQL
- þekking á HTML/DHTML, Java Script, XML, XSLT

**Viðkomandi þarf að:**
Geta unnið sjálfstætt og skilað verkefnum á réttum tíma, hafa góða samskiptahæfileika og þjónustulund, hafa gott vald á íslensku og ensku, geta unnið vel undir álagi og hafa a.m.k. þriggja ára reynslu af .net forritun

Sótt er um á vef 365 miðla - www.365midlar.is.
Frekari upplýsingar veitir Ágúst Valgeirsson framkvæmdastjóri tæknisviðs 365 í síma 5125540 eða agustv@365.is

2 | 2 SPORT | BYLGJAN 989 | FRÉTTABLAÐIÐ | VÍSIR.IS | 365

## Fasteignir


EIGNAMIÐLUN Mosfellsbæ

Einar Páll Kjærnested, lögg. fasteignasali

10 ár í Mosfellsbæ

Sími: 586 8080 · Kjarna · Þverholti 2 · 270 Mosfellsbær · www.fastmos.is

**Hjarðarland 4 – Mosfellsbær.**




**Opið hús í dag miðvikudag.**
**Svanþór (698 8555) sýnir frá kl 18:00 til 18:30.**

Mjög glæsilegt 203,9 fm parhús á tveimur hæðum með miklu útsýni. Á jarðhæð er forstofa, þrjú svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Á efri hæð er stór og glæsileg stofa, sjónvarpshol, svefnherbergi og stórt eldhús m/borðkrók. Falleg aðkoma er að húsinu, skjólgóð lóð og hellulagt bílaplan.
**Seljandi skoðar skipti á minni eign! Lækkað verð! 42,4 m.**

**Leigusali auglýstu FRÍTT ***
**Leigutaki auglýstu FRÍTT ***
*ekkert smátt letur

EIGNALEIGAN
Löggild leigumiðlun
www.eignaleigan.is
5 900 800


## Tilkynning

### Aðalfundarboð

Aðalfundur Íslandshreyfingarinnar verður haldinn fimmtudaginn 19. mars 2009 á Hallveigarstöðum, Túngötu 14, kl. 17-19.

**Dagskrá**
- Ávarp formanns, Ómars Ragnarssonar
- Tillaga stjórnar um breytt starf félagsins
- Lög félagsins
- Reikningar félagsins
- Stjórnarkjör
- Önnur mál

**Stjórnin.**

Tilkynna skal um þátttöku og framboð til stjórnar fyrir 12. mars nk. með tölvupósti á netfangið islandshreyfingin@islandshreyfingin.is eða í s. 868-8299. Einungis þeir sem hafa verið skráðir í félagið að lágmarki í réttan mánuð fyrir aðalfund hafa framboðs- og atkvæðisrétt á aðalfundi, skv. lögum félagsins.

## Útboð

### Útboð

Húsfélagið að Krummahólum 10, í Reykjavík, óskar eftir tilboðum í verkið

**"Krummahólar 10 - Gluggar og klæðning"**
**Helstu magntölur eru :**

- Klæðning útveggja ca. 900 m2
- Endurnýjun glugga 36 stk
- Glerlokun svala 120 lm

Útboðsgögn eru afhent á rafrænu formi hjá Eggerti Guðmundssyni bfí, að Smiðjuveg 11 í Kópavogi frá **fimmtudeginum 5. mars nk.**

Tilboði skal skila á skrifstofu Eggerts Guðmundssonar, Smiðjuveg 11 Kóp. (Gul gata) fyrir kl. 14.00 mánudaginn 16 mars nk, þar sem tilboð verða opnuð að viðstöddum bjóðendum sem þess óska.

Eggert Guðmundsson bfí
Smiðjuveg 11. Kóp.
S: 8204057
Eggert15@simnet.is

## Til leigu

**Til leigu í Kaupmannahöfn – einstakt tækifæri.** Raðhús á góðum stað. Þrjú svefnherbergi. Fullbúið húsgögnum og heimilistækjum. Engin flutningskostnaður. ADSL tenging, bílskúr og lítill fallegur garður. Mjög stutt í skóla og leikskóla. Stutt í lest, strætó, verslanir og á strönd. Sanngjörn leiga sem má greiðast í ísl. kr. fyrstu 2-3 mánuðina. Laust fljótlega. **Upplýsingar í síma 892 5997.**

## Atvinna

# Atvinna

Starfsfólk óskast í 50 til 100% starf í fataverslun. 18 ára og eldri. Skilyrði er að umsækjendur séu opnir, jákvæðir og hafa mikla þjónustulund.

**Uppl. í s. 820-1299 Viðar**

## Tilkynningar

FLJÓTSDALSHÉRAÐ

### Auglýsing um niðurfellingu svæðisskipulags Héraðssvæðis 1998-2010

Samvinnunefnd um svæðisskipulag Héraðssvæðis 1998-2010 auglýsir, skv. 1. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br., tillögu að breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010 með síðari breytingum.

Gerð er tillaga um að fella niður svæðisskipulag Héraðssvæðis 1998-2010 með síðari breytingum. Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Fljótsdalshéraðs Einhleypingi 1, Fellabæ, Borgarfjarðarhrepps og Fljótsdalshrepps, Végarði, frá og með 4. mars 2009 til 16 apríl 2009. Þau sveitarfélög sem málið varðar eru Fljótsdalshreppur, Borgarfjarðarhreppur og Fljótsdalshérað. Tillagan verður einnig til sýnis á heimasíðum sveitarfélaganna.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út fimmtudaginn 16. apríl 2009. Skila skal athugasemdum skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Fljótsdalshéraðs Lyngási 12, 700 Egilsstaðir. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests teljast henni samþykkir.

F.h. samvinnunefndar um svæðisskipulag Héraðssvæðis 1998-2010

**Ómar Þ. Björgólfsson**
**skipulags- og byggingarfulltrúi**
**Fljótsdalshéraðs.**

FLJÓTSDALSHÉRAÐ

### AÐALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS 2008-2028.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs auglýsir hér með tillögu að Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028, samkvæmt 18.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Tillagan er til sýnis á skrifstofum Fljótsdalshéraðs Einhleypingi 1, Fellabæ og hjá Skipulagsstofnun í Reykjavík frá 4. mars til og með 16. apríl 2009. Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu Fljótsdalshéraðs www.fljotsdalsherad.is

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til skila inn athugasemdum er til fimmtudagsins 16. apríl 2009.

Skila skal athugasemdum skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Fljótsdalshéraðs, Lyngási 12, 700 Egilsstaðir, eða á netfangið herad@alta.is Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkur henni.

**Skipulags- og byggingarfulltrúi**
**Fljótsdalshéraðs.**

www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

### Aðalskipulag Akureyrar 2005 - 2018. Tillaga að breytingu vegna æfingasvæðis við Skarðshlíð.

Bæjarstjórn Akureyrar auglýsir hér með skv. 1. mgr. 21 gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005 – 2018 samþykkta í bæjarstjórn 17. febrúar 2009. Með breytingunni er afmarkað 0,7 ha opið svæði til sérstakra nota, 1.33.16 O, norðan Skarðshlíðar. Opið svæði minnkar að sama skapi. Austurmörk íbúðarsvæðisins 1.33.13 Íb, eru lagfærð til samræmis við lóðamörk. Gert er ráð fyrir æfingasvæði í tengslum við íþróttasvæði Þórs handan Skarðshlíðar.

Tillöguuppdráttur ásamt greinargerð mun liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 1. hæð, frá 4. mars til 15. apríl svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Akureyrarbæjar: www.akureyri.is undir: Stjórnkerfið/Skipulag og lausar lóðir.
Samhliða þessari auglýsingu er auglýst tillaga að deiliskipulagi skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 þar sem skilgreind eru lóðarmörk æfingasvæðis fyrir frjálsar íþróttir sem stækkar núverandi íþróttasvæði Þórs við Skarðshlíð.
Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. 16:00 miðvikudaginn 15. apríl 2009 og skal athugasemdum skilað skriflega til Skipulagsdeildar Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 3. hæð. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

**4. mars 2009**
**Skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar.**

www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

### Æfingasvæði við Skarðshlíð. Tillaga að deiliskipulagi.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar auglýsir hér með skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 tillögu að deiliskipulagi æfingasvæðis við Skarðshlíð, samþykkta í bæjarstjórn 17. febrúar 2009.

Deiliskipulagssvæðið liggur milli Skarðshlíðar og Hörgárbrautar. Skilgreind eru lóðarmörk æfingasvæðis fyrir frjálsar íþróttir sem stækkar núverandi íþróttasvæði Þórs handan Skarðshlíðar. Ekki er gert ráð fyrir varanlegum byggingum á svæðinu. Lóð nr. 46 við Skarðshlíð minnkar um 1182 m2 og er sá hluti felldur inn í æfingasvæðið.

Tillöguuppdráttur ásamt greinargerð mun liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 1. hæð, frá 4. mars til 15. apríl 2009, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Akureyrarbæjar: www.akureyri.is undir: Stjórnkerfið/Skipulag og lausar lóðir.

Samhliða þessari auglýsingu er auglýst breyting á aðalskipulagi Akureyrar 2005 - 2018, skv. 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, þar sem afmarkað er opið svæði til sérstakra nota norðan Skarðshlíðar. Athugasemdafrestur hennar er frá 4. mars til 15. apríl 2009.

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. 16:00 miðvikudaginn 15. apríl 2009 og skal athugasemdum skilað skriflega til Skipulagsdeildar Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 3. hæð. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

**4. mars 2009**
**Skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar.**

Efnahagshrunið

# Eyðilagði frjálshyggjan Bretland og Hafnarfjörð?

RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR
bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði og varaþingmaður

Þessa dagana keppast ýmsir við að kenna Sjálfstæðisflokknum um allt það sem miður hefur farið í efnahagsmálum þjóðarinnar. Hvað sem tautar og raular þá fullyrða andstæðingar flokksins að fall íslenska bankakerfisins sé bein afleiðing nærri 18 ára valdasetu Sjálfstæðisflokksins og hinnar óskilgreindu, svokölluðu „nýfrjálshyggju“.

Vissulega var ýmislegt sem betur hefði mátt fara hjá stjórnvöldum, í stjórnkerfinu, hjá bönkunum og í útrásinni. Það er ekki hægt að þræta um niðurstöðuna, hún liggur fyrir. Hins vegar breytir það engu um að það var alþjóðleg fjármálakreppa sem átti hér stærstan hlut að máli.

Þar af leiðandi hefur rúmlega tíu ára valdaseta jafnaðarmanna í Bretlandi kallað yfir Breta slíkar hörmungar og tjón að þessi voldugа þjóð rambar nú á barmi gjaldþrots eftir að hafa þjóðnýtt stóran hluta þarlends bankakerfis.

En lítum okkur nær. Í Hafnarfirði, eina fjölmenna bæjarfélagi landsins þar sem Samfylkingin er í meirihluta, hefur fjármálastjórnin hreint ekki verið til fyrirmyndar. Raunar er fjárhagsstaða Hafnarfjarðar áberandi verst af öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

Núverandi meirihluti olli atvinnuástandi í bænum óbætanlegu tjóni þegar hann, eftir að hafa samið við Alcan um stækkun álversins í Hafnarfirði, þorði ekki að mæla með samningnum við kjósendur. Sama afstöðuleysi varð til þess að bærinn klúðraði sölu á eignarhluta sínum í Hitaveitu Suðurnesja, þegar Orkuveita Reykjavíkur kom með sannkallað ofurtilboð á hápunkti alþjóðlegu efnahagsbólunnar sumarið 2007.

Lausafjárvandræði og lántaka bæjarsjóðs á okurvöxtum með veði í húsnæði bæjarins segir meira en mörg orð um stöðuna. Eftir sex ár í meirihluta og mikla og illa ígrundaða framkvæmdagleði hefur Samfylkingin líklega náð að setja heimsmet í skuldaaukningu. Því trúði ég vart mínum eigin eyrum þegar Lúðvík Geirsson bæjarstjóri útskýrði á bæjarstjórnarfundi nýlega að slæm fjárhagsstaða og skuldasöfnun Hafnarfjarðarbæjar væri frjálshyggjustefnu Sjálfstæðisflokksins í landsmálum að kenna.

Íslenska flokkakerfið

# Lýðræði og flokksræði

BJARNI HARÐARSON
bóksali

*Stjórnmálamenn eru með fáeinum undantekningum í starfi hjá sínum flokkum og þurfa raunar ekki að hafa áhyggjur af því að þeir séu að gera eitthvað rangt, þeir geta stutt sig við flokkinn.*

Gunnar Karlsson ritaði athyglisverða grein um lýðræðið í Eldhúsdag fyrir viku og tók þar til varna fyrir margt í okkar kerfi. Þó að ég sé sammála ýmsu sem Gunnar segir um ágæti fulltrúalýðræðisins langar mig að gera athugasemd við hugmyndir hans um flokksræðið sem er tvímælalaust mikill áhrifavaldur um ógöngur okkar Íslendinga í dag.

Innan gömlu flokkanna er því á tyllidögum haldið fram að flokkarnir sjálfir séu lýðræðislegar stofnanir enda geti hver sem er tekið þátt í starfi þeirra. Staðreyndin er aftur á móti sú aðeins prósentubrot kjósenda tekur raunverulegan þátt í starfi stjórnmálaflokka og þeir sem reynt hafa vita að ótrúleg hending, baktjaldamakk og hrossakaup ráða niðurstöðum stofnana flokkanna. Þetta á jafnt við um þá alla.

Stjórnmálaflokkanna er í engu getið í stjórnskipan Íslands og þar er gert ráð fyrir að alþingismenn séu engu háðir nema samvisku sinni og standi kjósendum einum reikniskil gerða sinna. Staðreyndin er allt önnur. Stjórnmálamenn eru með fáeinum undantekningum í starfi hjá sínum flokkum og þurfa raunar ekki að hafa áhyggjur af því að þeir séu að gera eitthvað rangt, þeir geta stutt sig við flokkinn. Þeir eru að spila í liði, hluti af heild og beygja sig undir „lýðræðislega“ ákvörðun flokksins.

Um leið er hið raunverulega lýðræði fótumtroðið þar sem fólk kýs sér fulltrúa til þingsetu sem það treystir. Þegar svo sömu fulltrúar eru frjálsir frá eigin samvisku og eigin sannfæringu er sú kosning til lítils. Gott dæmi um þetta flokksræði er umræða vetrarins um að bæði Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur breyti ESB afstöðu þingmanna sinna með flokksþingum. Þar með breyta flokkarnir í raun og veru niðurstöðu kosninganna þar sem tiltekinn fjöldi ESB andstæðinga var kosinn til þings en flokkarnir geta fækkað þeim svo um munar!

Annað dæmi um flokksræðið er þegar tveir menn, Jón Baldvin Hannibalsson og Davíð Oddsson, sömdu um það á fundi úti í Viðey að Ísland tæki þátt í EES. Ákvörðun sem hefur orðið þjóðarbúinu dýrkeypt. Eftir Viðeyjarfundinn var aðkoma Alþingis að EES ákvörðuninni meira skuespil heldur en raunveruleg málstofa valdastofnunar.

Flokksræðið er einnig stór þáttur í óförum okkar þjóðarbús í dag þegar kemur að gagnrýnni hugsun á Alþingi Íslendinga. Í stað þess að alþingismenn starfi eftir samvisku sinni og beiti sér til að komast að niðurstöðum um flókin mál er þeirra hlutverk að rugga ekki viðkvæmum bát vinsælda og tískustrauma. Þessvegna var það illa séð að nokkur þingmaður væri að agnúast út í útrásarvíkingana sem voru, eins og Gunnar Karlsson bendir á, vinsælir meðal þjóðarinnar. Þingmenn sem vinna hjá stjórnmálaflokkum verða að læra að haga sér. En þjóðin hefur í raun og veru ekkert við þannig þingmenn að gera.










Staða Alþingis

# Frumkvæði Alþingis

BRYNDÍS HLÖÐVERSDÓTTIR
lögfræðingur. Stýrir vinnuhópi Alþingis um þingeftirlit.



Það er oft talað um að Alþingi skorti frumkvæði og hafi ekki nægilegt sjálfstæði gagnvart framkvæmdarvaldinu. Virðist sem flestir séu sammála um að eitt af því sem þurfi að taka breytingum sé að Alþingi sé styrkt í viðleitni sinni til að veita framkvæmdarvaldinu verðuga viðspyrnu. Ég tek heilshugar undir það og tel brýnt að í tengslum við heildarendurskoðun á stjórnarskránni sé hugað að stöðu Alþingis og mikilvægu hlutverki þess í stjórnskipaninni.

Ef nefna á til sögunnar mikilvægustu hlutverk þingsins kemur löggjafarhlutverkið fyrst upp í hugann, auk fjárstjórnarvaldsins, ásamt eftirlitshlutverkinu. Um það síðastnefnda hefur ekki verið fjallað mikið í íslenskum stjórnskipunarrétti, en í nágrannalöndum okkar hefur verið lögð í það mikil vinna á síðari árum að efla eftirlitshlutverk þinganna.

Skipaðir hafa verið vinnuhópar og fé kostað til rannsókna á samskiptum þinga og ríkisstjórna, sem síðan hefur gjarnan skilað sér í réttarbótum á þessu sviði.

### Starfshópur Alþingis um þingeftirlit

Í umboði forsætisnefndar Alþingis hefur frá því í júní síðastliðnum verið starfandi hópur sérfræðinga sem hefur það hlutverk að skoða lagaumhverfi þingeftirlits á Íslandi.

Vinnuhópnum er meðal annars ætlað að skoða ákvæði stjórnarskrárinnar sem lúta að eftirlitshlutverki þingsins, ákvæði þingskapa, lög um ráðherraábyrgð og landsdóm, ásamt því að fara yfir stjórnskipunarleg álitaefni í tengslum við eftirlitshlutverk þingsins og gera grein fyrir þróuninni á þessu sviði í nágrannalöndum okkar.

Þá skal hópurinn meta hvort þörf sé á að setja skýrari reglur um upplýsingaskyldu ráðherra til þingsins, hvort skýra þurfi betur rétt þingnefnda til eftirlits með störfum framkvæmdarvaldsins, hvernig þingið eigi að meðhöndla mál þar sem fram koma ásakanir um brot ráðherra í starfi og hvort rétt sé að auka möguleika minnihluta þingmanna til eftirlits með störfum ráðherra.

Hópnum er einnig falið að leggja mat á hvort þörf sé á skýrari reglum um ráðherraábyrgð með hliðsjón af kröfum um skýrleika refsiheimilda, hvort gera þurfi breytingar á málsmeðferð fyrir landsdómi í ljósi almennrar þróunar á sviði mannréttinda og réttarfars og hvort ástæða sé til að hafa áfram sérlög um ráðherraábyrgð. Af þessari upptalningu úr erindisbréfi vinnuhópsins má vera ljóst að forsætisnefnd þingsins hefur lagt í metnaðarfulla vinnu, sem mun skila sér í formi ítarlegrar skýrslu til þingsins á vordögum.

### Alþingi sýni meira frumkvæði

Frumkvæði Alþingis til að setja af stað vandaða rannsókn á lagaumhverfi þingeftirlits hér á landi, með aðkomu allra flokka á þingi er lofsverð viðleitni til að efla þingið og aðhald þess með framkvæmdarvaldinu. Alþingi mætti í auknum mæli taka frumkvæði jafnt við lagasetningu sem önnur verkefni, í stað þess að bíða eftir því frá ríkisstjórn eins og oft vill verða.

Þetta á ekki síst við þegar kemur að málum sem beinlínis snúa að eftirlitshlutverki þingsins. Slík mál á Alþingi sjálft að vinna, á sínum eigin forsendum þótt stuðningur ríkisstjórnar hverju sinni sé vissulega mikilvægur.

Embættisskipanir

# Skáld á villigötum?

ÞÓRÓLFUR MATTHÍASSON
prófessor í hagfræði



Í útvarpsviðtali einhverntíma eftir bankahrun og fyrir búsáhaldabyltingu mælti ég með því að kallaðir yrðu til erlendir sérfræðingar til að manna lykilstöður í íslensku fjármálalífi. Ég var ekki einn um þá skoðun. Ráðningu erlendra sérfræðinga í lykilstöður má styðja margvíslegum rökum. Bankahrunið afhjúpaði þá staðreynd að íslensk stjórnvöld og íslenskar eftirlitsstofnanir höfðu sofnað á verðinum. Vegna þessa sofandaháttar hafa stórir hópar fólks og fjárfesta vítt um lönd orðið fyrir verulegum og óafturkræfum búsifjum. Orðspor Íslands og fjármálastofnana sem tengjast Íslandi með einum eða öðrum hætti hefur beðið mikla hnekki.

Bankahrunið og kreppuástandið kalla á skjót og góð viðbrögð á mörgum sviðum efnahags- og atvinnumála. Meðal forgangsmála er að endurvekja traust á íslenska bankakerfinu og sýna umheiminum að sofandaháttur eftirlitsstofnana og stjórnsýslustofnana hafi verið aflagður. Það er líka mikilvægt að koma því til skila að einstaklingar í forsvari fyrir lykilstofnunum séu að kljást við að leysa úr vandamálum og ekki uppteknir við að fegra fyrri aðkomu að stjórnun íslensks efnahagslífs. Auk þess er æskilegt að forsvarsmenn Seðlabanka og Fjármálaeftirlits hafi þekkingu og skilning á því hvernig farið skuli að því að endurreisa bankakerfi sem hefur hrunið til grunna.

### Verkin tala, ekki þjóðernið

Það er rétt sem Steinunn Sigurðardóttir rithöfundur segir í nýlegri grein í Fréttablaðinu að finna má Íslendinga sem uppfylla öll þau skilyrði sem eðlilegt er að setja þegar ráða skal Seðlabanka og Fjármálaeftirliti nýja forsvarsmenn bæði tímabundið og til langframa. Nú skiptir hins vegar mestu að segja skýrt og greinilega og með trúverðugum hætti að við ætlum að endurreisa Seðlabanka og Fjármálaeftirlit og skapa þeim aðstöðu til að leika lykilhlutverk í endurreisninni. Tímabundin setning Norðmannsins Svein Harald Öygard í stöðu seðlabankastjóra sendir bæði erlendum og innlendum fjármálastofnunum og erlendum eftirlitsstofnunum og matsfyrirtækjum þau skilaboð að Ríkisstjórn Íslands vilji efla Seðlabankann faglega. Á endanum dæmum við svo Svein Harald af verkum hans en ekki þjóðerni.

Steinunn Sigurðardóttir veltir upp hvort heimilt sé að setja erlendan ríkisborgara tímabundið í starf Seðlabankastjóra. Lögfræðingar skeggræða þýðingu ákvæðis stjórnarskrárinnar um að eigi megi skipa aðra en íslenska ríkisborgara í embætti. Upplýsingar frá m.a. Carlos Ferrera sem að eigin sögn þurfti að bíða íslensks ríkisborgararéttar til að fá skipun í prestsembætti sem hann hafði áður fengið setningu í benda til þess að framkvæmdin hafi verið sú fram að þessu að setja erlenda ríkisborgara í embætti. Þessi framkvæmd virðist hafa gengið hnökralaust fram að þessu, öllum til hagsbóta. Þannig hafa mikilvægar stofnanir fengið góða starfskrafta og afbragðsmenn (og konur) hafa ekki verið neyddar til að afsala sér ríkisfangi til að öðlast starf. Fyrrverandi kirkjumálaráðherra, Þorsteinn Pálsson, bar stjórnsýslulega ábyrgð á setningu erlends ríkisborgara í prestsembætti. Nú efast annar fyrrverandi kirkjumálaráðherra, Björn Bjarnason, um gildi ákvarðana núverandi seðlabankastjóra. Ætli hann vilji ógilda giftingar og greftranir austur á landi í leiðinni?

### Landráð?

Steinunn spyr hvort það séu ekki landráð að hleypa Norðmanni í gagnasafn Seðlabankans. Þetta er stórundarleg spurning.

Í fyrsta lagi hafa fjölmargir erlendir ríkisborgarar starfað hjá Seðlabankanum án þess að komið hafi til teljandi tjáningarvanda eða landráðabrigsla.

Í öðru lagi þá má spyrja hvaða ríkisleyndarmál séu varðveitt í Seðlabankanum. Er það viðbragðsáætlun A og viðbragðsáætlun B vegna bankahruns? Fyrrverandi seðlabankastjóri upplýsti um viðbragðsáætlun A („við borgum ekki“) í frægu viðtali í Kastljósi í október síðastliðinn og margir hagfræðingar hafa ítrekað spurt um áætlun B í framhaldinu. Eða er það áætlun fyrri bankastjórnar um uppbyggingu gjaldeyrisvarasjóðs fyrir lýðveldið Ísland? Eða er það áætlunin um beitingu lausafjárskyldu og bindiskyldu til að hefta ofvöxt íslenska bankakerfisins?

Nú, í þriðja lagi þá vekur spurning Steinunnar vangaveltur um hvort banna skuli Ingimundi Friðrikssyni að fara til starfa undir herravaldi ríkisstjórnar hans hátignar Haraldar V af Noregi? Verðum við ekki að ætla að Ingimundur búi yfir vitneskju um ætlaðar „leyniáætlanir“ íslenskra stjórnvalda á sviði peningamála og fjármála.

Í fjórða lagi hafa íslensk stjórnvöld undirgengist að útlendingar frá Alþjóða gjaldeyrissjóðnum fylgist með gjörðum Seðlabankans.

Í fimmta lagi mætti spyrja hví Steinunn Sigurðardóttir hellti ekki úr skálum reiði sinnar þegar fyrrverandi forsætisráðherra Íslands réði til sín norskan hernaðarsérfræðing til að stjórna viðbrögðum stjórnvalda við bankahruninu í október.

Að lokum þetta: Það er fagnaðarefni að núverandi ríkisstjórn skuli grípa til aðgerða til að auka traust á Seðlabankanum og öðrum opinberum eftirlits- og stjórnsýslustofnunum á sviði fjármála. Seðlabankinn þarf stjórnanda með afburðaþekkingu á hagfræði og peningastefnu, bankamálum og uppbyggingu hrunins bankakerfis. Hvort hann getur sungið, skrifað, ort eða skammast á íslensku skiptir engu máli.

Af netinu

STEINGRÍMUR SÆVARR ÓLAFSSON
pressan. is



### Nú er horfið Norðurland …

Hvar var ég þá í pólitík? Maður sem hvergi er skráður í stjórnmálaflokk en hefur í gegnum árin þrjóskast við að skilgreina sig sem miðjumann. Hvar er þessi miðja og hver er á henni? Er yfirhöfuð til eitthvað sem heitir miðja? 2009. Áhugi á stjórnmálum hefur aldrei verið meiri. Allir og bróðir hans eru í framboði. Allir virðast geta sett sig á bása með stjórnmálaflokkum. Ég hef áhuga á þjóðmálum. Ég hef áhuga á hverjir sitja á þingi og í sveitarstjórnum og hvað þeir gera. Ég hef áhuga á því hvernig landinu okkar er stjórnað. En hvar á ég þá heima í stjórnmálum? Ég veit það ekki. En ég veit að ég á ekkert sameiginlegt með Framsóknarflokknum. Norðurland er horfið, ég á hvergi heima.





Ástandsskoðun
fyrir jeppa og fólksbíla

Ertu að kaupa eða selja notaðan bíl?
Eða viltu bara vera viss um að bíllinn þinn sé í fullkomnu lagi?

ARCTIC TRUCKS
arctictrucks.is





Arctic Trucks býður:
- fullkomna skoðunarstöð fyrir jeppa og fólksbíla
- skoðanir framkvæmdar af fagfólki
- nákvæm skoðunarskýrsla fylgir öllum skoðunum

Verð:
- Fólksbílar og jepplingar kr. 6.900,-
- Jeppar kr. 7.800,-
- Breyttir jeppar (38" og yfir) kr. 8.500,-

Nánari upplýsingar á www.arctictrucks.is
Tímapantanir í síma 540 4900

Arctic Trucks • Kletthálsi 3 • 110 Reykjavík • Sími 540 4900

bæri og með séríslenskum blórabögglum. „Það er nóg að horfa til Bretlands til að sjá að þar eru veruleg vandræði í fjármálageiranum og stjórnvöld hafa gripið inn í með beinum hætti. Þetta vill oft gleymast enda eru margir sem vilja slá sig til riddara með því að koma fram í umræðuna með sem stærstum yfirlýsingum.“

**STJÓRNVÖLD STUDDU ÚTRÁSINA**

Sömuleiðis segir Jónas horft fram hjá því hversu alþjóðlegir bankarnir voru og hér sé um alvarlegustu og dýpstu krísu að ræða frá 1930. „Í Bandaríkjunum hafa síðan í ársbyrjun 2008, hátt í 50 bankar fallið og þar á meðal eru heimsþekkt nöfn,“ segir hann. Þá eigi breska ríkið nú hlut í stærstu bönkum þar og víða í Evrópu hafi ríki gripið til aðgerða til stuðnings fjármálafyrirtækjum. „Þá hafa tvö ESB-ríki, Lettland og Ungverjaland leitað til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins,“ segir hann og bendir á að talað sé um fyrstu dagana í október síðastliðnum sem dagana þar sem fjármálakerfi heimsins nánast hrundi. „Munurinn á Íslandi og öðrum ríkjum er einfaldlega sá að við erum með gjaldmiðil sem ekki er alþjóðlega viðurkennd mynt og hvorki ríki né Seðlabanki höfðu styrk til að styðja við bakið á bönkunum í þessum einstæðu erfiðleikum í heiminum.“

Þegar leitað er svara við spurningunni um af hverju fjármálakerfið hér hafi fengið að vaxa svo segir Jónas að hafa verði í huga að það sé kerfisleg spurning sem sé ekki málefni FME. „Hér var hlutfallslega mesti vöxturinn á árunum 2004 og 2005, sérstaklega með uppkaupum erlendis,“ segir hann og bendir á að ekkert banni fyrirtækjum að vaxa, meðan þau haldi sig innan ramma laganna. „Þá var pólitísk stefna hér að styðja við bakið á vexti og viðgangi fjármálageirans. Þegar kerfið var rúmlega sjöföld landsframleiðsla haustið 2006 var sett fram stefna um Ísland sem alþjóðlega fjármálamiðstöð og í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar vorið 2007 er áréttað að hér stefni menn að því að tryggja að fjármálastarfsemi hér geti áfram vaxið.“ Um leið bendir Jónas á að eftir að lausafjárkrísan var skollin á haustið 2007, hafi fjármálafyrirtækin ekki vaxið með uppkaupum á fyrirtækjum erlendis, meðal annars hafi verið hætt við kaupin á hollenska bankanum NIBC sem hefði annars stækkað kerfið um fjórðung. Fyrri helming ársins 2008 hafi efnahagsreikningur bankanna dregist saman um sjö prósent í evrum talið.

Í stjórnkerfinu sátu menn ekki auðum höndum „Samstarfshópur FME, Seðlabankans og ráðuneytanna hittist reglulega til að fara yfir stöðuna og möguleg úrlausnarefni, kæmi til áfalls. Þá voru settar upp mögulegar sviðsmyndir. Árið 2007 fór fram norræn viðbúnaðaræfing og hjá FME var starfandi viðbúnaðarhópur allt árið 2008 þar sem aukin var verulega öll upplýsingaöflun um áhættuþætti hjá bönkunum. Bankarnir voru hvattir til að minnka efnahagsreikning sinn og hagræða í rekstri, gæta að útlánagæðum, fjármögnun og lausafjárstöðu,“ segir Jónas og áréttar að hefðbundnir mælikvarðar í hálfsársuppgjörum bankanna hafi ekki bent til vandræða síðasta haust, né aðrar upplýsingar sem frá þeim komu. Hvorki endurskoðendur bankanna né lánshæfismatsfyrirtæki hafi gert athugasemdir við stöðuna. Þá hafi stjórnvöld hér, ekki fremur en önnur, séð fyrir fallið í haust. „Menn hafa spurt af hverju bankarnir hafi staðist álagspróf FME í byrjun ágúst en fallið tveim mánuðum síðar. Skýringin er sú að álagsprófið snýr að styrk eiginfjár, sem FME hefur eftirlit með. Það var hins vegar ekki eiginfjárvandi sem felldi bankanna heldur lausafjárvandi, fyrst og fremst í erlendri mynt. Eignir bankanna virðast hins vegar vera rýrari en uppgjörin bentu til og skoða þarf hvort ástæðurnar séu að þær hafi rýrnað vegna þróunar efnahagsmála, vegna þess að bankana skorti afl eftir greiðslubrot til að styðja við þær eða hvort óvarlega hafi verið farið í útlánum og jafnvel á svig við lög.“

Jónas segir vert að rifja upp að vinnuhópur um möguleg viðbrögð við fjármálaáfalli hafi skilað skýrslu 2006 þar sem lagt var til að auknar heimildir yrðu veittar til að grípa inn í rekstur fyrirtækja, án þess að þær tillögur hafi verið gerðar að lögum. „Svipuð sjónarmið setti ég svo fram í samstarfshópnum eftir norrænu viðlagaæfinguna 2007 auk þess að hvetja til þess að stjórnvöld hefðu fyrirliggjandi afstöðu um hámark fjárhagslegs stuðnings við fjármálakerfið, ef einhvern tímann reyndi á það.“

Eftir á að hyggja segir Jónas líka hægt að velta fyrir sér hvort hér hefði þurft að stækka gjaldeyrisforðann, eða skoða atriði á borð við inngöngu í ESB og upptöku evru, eða hafa umhverfið á einhvern hátt ólystugra fyrir fjármálafyrirtækin. „Slík úrræði hefðu þá kallað á lagasetningu eða beitingu á einhverjum úrræðum sem FME hafði ekki. Síðan er einnig hægt að segja að bankarnir hafi brugðist of seint við með að draga saman seglin miðað við þróun mála frá haustinu 2007, en eigendur og stjórnendur bankanna bera ábyrgð á rekstri þeirra og taka þær viðskiptaákvarðanirnar sem mestu ráða um þróun starfseminnar.“



**UNDIRRITUN** Geir H. Haarde og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir undirrita stjórnarsáttmála í maílok 2007.
MARKAÐURINN/GVA

## STEFNUYFIRLÝSING ÞINGVALLASTJÓRNAR

Formaður Sjálfstæðisflokksins, Geir H. Haarde forsætisráðherra, og formaður Samfylkingarinnar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, verðandi utanríkisráðherra, kynntu stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar í ráðherrabústaðnum á Þingvöllum skömmu fyrir hádegi 23. maí 2007. Úr þeirri yfirlýsingu var ekki annað hægt að lesa en ný ríkisstjórn ætlaði sem sú fyrri að standa að baki fjármála- og útrásarfyrirtækjum og styddi þróun undangenginna ára. Í tíð fyrri ríkisstjórnar Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks voru línur lagðar um að hér skyldi stefnt að frekari uppbyggingu alþjóðlegrar fjármálastarfsemi.

Eftirfarandi kemur fram í kafla stefnuyfirlýsingar Þingvallastjórnarinnar um atvinnulífið:

„Í umbreytingu íslensks atvinnulífs á undanförnum árum felst meðal annars aukið vægi ýmiss konar alþjóðlegrar þjónustustarfsemi, þar á meðal fjármálaþjónustu. Ríkisstjórnin stefnir að því að tryggja að slík starfsemi geti áfram vaxið hér á landi og sótt inn á ný svið í samkeppni við önnur markaðssvæði og að útrásarfyrirtæki sjái sér áfram hag í að hafa höfuðstöðvar á Íslandi. Áhersla verður lögð á að efla Fjármálaeftirlitið til þess að íslenski fjármálamarkaðurinn njóti fyllsta trausts.“



www.vbs.is

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Ef til vill þurfum við að stíga í alla sömu polla og Finnar gerðu í efnahagskreppunni þar.

# *Er hægt að læra af mistökum annarra?*

**Óli Kristján Ármannsson**

Finnar gengu í gegnum djúpa efnahagskreppu í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar og lentu líka í hruni fjármálakerfis síns. Landið stendur um margt sterkara á eftir, en leiðin í batann var þyrnum stráð.

Þar var ekki gripið nógu fljótt til aðgerða til stuðnings heimilum og fyrirtækjum, Finnar fóru í stjórnarskipti eftir hrunið og lentu í miklu og langvinnu atvinnuleysi sem enn er að baka þeim vandræði nærri tuttugu árum síðar. Hér virðumst við ófær um að læra af reynslu þeirra og virðumst ætla að stíga í sömu pollana á leiðinni til endurreisnarinnar. Með breyttum áherslum í atvinnumálum og framlögum til rannsókna og þróunar og með inngöngu í Evrópska efnahagssvæðið er landið nú um margt í öfundsverðri stöðu.

Svipaða sögu er að segja af Svíum sem lentu í bankakreppu á tíunda áratugnum en stigu kannski í heldur færri polla en Finnar. Í báðum löndum þurfti að reisa við hrunið bankakerfi. Því þarf ekki að undra þótt við gerum okkur vonir um að geta nýtt reynsluna sem til varð á þessum árum.

Í febrúarbyrjun var kynnt skýrsla sænska bankasérfræðingsins Mats Josefsson þar sem lögð var til „sænska leiðin“ í að endurskipuleggja bankana, þar með að setja „erfiðar“ eignir nýju bankanna yfir í sérstakt eignaumsýslufélag þar sem hægt væri að lágmarka afföll á lengri tíma, meðan nýju bankarnir fengju ráðrúm til að einbeita sér að kjarnastarfsemi sinni og stuðningi við lífvænlegri fyrirtæki og almenning í landinu.

**Mánuði fyrr var Göran Persson, fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar, hér á ferð og sagði að við myndum komast í gegnum kreppuna þótt það yrði erfitt. Hann sagði mikilvægt að grípa strax til viðeigandi aðgerða, jafnvel þótt þær kynnu að verða óvinsælar.**

Mánuði fyrr var Göran Persson, fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar, hér á ferð og sagði að við myndum komast í gegnum kreppuna þótt það yrði erfitt. Hann sagði mikilvægt að grípa strax til viðeigandi aðgerða, jafnvel þótt þær kynnu að verða óvinsælar.

Því skýtur skökku við að þegar í nóvember skuli hafa legið fyrir mörg af þeim málum sem þegar þurfti að taka afstöðu til á vettvangi stjórnmálanna, svo sem um stofnun eignastýringarfyrirtækis og hluthafa- og eignarhaldsstefnu ríkisins. Þetta upplýsir Jónas Fr. Jónsson, fyrrum forstjóri Fjármálaeftirlitsins, í viðtali við Markaðinn í dag, en hann lítur yfir farinn veg í tilefni af starfslokum hans hjá FME núna um mánaðamótin.

Merkilegt er að heyra lýsingu Jónasar á því hvernig dró úr samstöðu þeirri og eindrægni sem einkennt hafi fyrsta áfanga björgunarstarfsins þegar kom fram í nóvembermánuð. Hann lýsir því hvernig stjórnmálamenn hafi leitað sökudólga til að beina athygli og óánægju frá sjálfum sér. „Umræðan varð mjög neikvæð, sem svo aftur hafði lamandi áhrif út í stjórnsýsluna og nýju bankana,“ segir hann og bendir réttilega á að ekki megi bíða lengur með aðgerðir. Blessunarlega eru vísbendingar um að verið sé að ýta úr vör einhverjum þeim verkefnum sem nauðsynleg eru, en blóðugt að hugsa til þess að þrír mánuðir kunni að hafa farið til spillis. Fólk og fyrirtæki sem í örvæntingu reynir að halda sér á floti í efnahagskreppunni hefur ekki efni á þriggja mánaða bið.

Tími er kominn til að horfast í augu við að kreppan er ekki séríslenskt fyrirbæri með séríslenskum sökudólgum. Við vorum veik fyrir í lok þenslutíma með ónýtan gjaldmiðil og ójafnvægi í stærð fjármálakerfis í hlutfalli við aðrar þjóðhagsstærðir þegar á brast með efnahagslegu fárviðri í heiminum sem á sér fáa sína líka. Nú þarf að byggja upp.




# Aukin framleiðni er forsendan

Til að búa til harða og endingargóða steypu þarf að blanda saman vatni, sementi og sandi með viðeigandi hætti. Sé samsetning efnanna röng eða gæði þeirra léleg uppfyllir steypan ekki þær kröfur sem til hennar eru gerðar. Sömu lögmál eiga við um landsframleiðsluna – gæði og magn fer eftir aðföngum og samsetningu þeirra. Efnahagsumhverfið og ramminn um atvinnulífið skiptir einnig sköpum.

Efnahagslíf okkar hefur orðið fyrir miklu áfalli. Mikilvægi þess að fjalla um undirstöður vaxtar og verðmætasköpunar er ótvírætt. Þekking og skilningur á gangi efnahagslífsins hefur vaxið jafnt og þétt allt frá því að hagfræðin varð til sem nútímafræðigrein á 18. öld. Líklega hefur ekkert svið hagfræðinnar verið jafn ítarlega rannsakað og hagvöxtur, uppspretta hans og forsendur. Hráefnin í landsframleiðsluna eru vel þekkt – mannafl, fjármagn og náttúruauðlindir. Efnahagsumhverfið sem framleiðslan fer fram í ræður miklu sem og leikreglur samfélagsins og hvatar til tækniþróunar og hagræðingar. En rétt eins og með steypuna þarf að blanda hráefnunum í landsframleiðsluna saman á sem bestan hátt. Í því felst mikil áskorun og möguleikar til að ná árangri eru endalausir.



**BYGGINGARVINNA** Greinarhöfundur fjallar um forsendur vaxtar og verðmætasköpunar í framtíðinni og bendir á að í þeim efnum skipti sköpum aðföng, efnahagsumhverfi og ramminn um atvinnulífið. MARKAÐURINN/VILHELM

### UNDIRSTAÐA LÍFSKJARA

Samanlagt virði vöru og þjónustu sem framleidd eru í landinu á einu ári kallast landsframleiðsla og hagvöxtur er hlutfallsleg breyting hennar milli ára að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Hagvöxtur byggir á aukinni notkun framleiðsluþátta á borð við vinnuafl, fjármagn og náttúruauðlindir eða betri nýtingu á þeim – öðru nafni framleiðni. Efnahagsleg velmegun byggist á framleiðslu og þar með neyslustiginu.

Landsframleiðsla og fjármunaeign er takmarkaður mælikvarði á lífsgæði sem verða ekki metin út frá veraldlegum gæðum einum saman. Hins vegar er landsframleiðslan mælikvarði á getu samfélagsins til að framleiða lífsgæði á borð við heilbrigðisþjónustu, menntun, löggæslu og öryggi. Í löndum þar sem landsframleiðsla á mann er hæst eru lífsgæði líka há.

Framleiðni gegnir lykilhlutverki í framþróun atvinnulífsins. Framleiðni er yfirleitt mæld sem hlutfallið milli verðmætis framleiðslunnar og verðmæta aðfanga til framleiðslunnar. Þannig mælir framleiðni hversu skilvirk framleiðslan er og hvernig vinnuafl og fjármagn nýtist til verðmætasköpunar. Framleiðniaukning er grunnforsenda hagvaxtar. Framleiðni fer síðan eftir mannauði samfélagsins, fjármagnsstofni, tækniþekkingu, náttúruauðlindum og stofnanaumgjörð hagkerfisins. Nóbelsverðlaunahafinn í hagfræði 2008, Paul Krugman, orðaði þetta skemmtilega: „Framleiðni er ekki allt, en til langs tíma litið er framleiðni næstum allt. Geta samfélagsins til auka lífsgæði yfir lengri tímabil eru að langmestu leyti byggð á getu þess að auka framleiðni hvers starfsmanns.“

ORÐ Í BELG



**Bjarni Már Gylfason**
hagfræðingur Samtaka iðnaðarins.

### MIKILVÆGUSTU HAGSMUNIRNIR

Íslenskur iðnaður skapar um fjórðung allra verðmæta sem framleidd eru í landinu á hverju ári. Um fimmtungur vinnuaflsins starfar í ólíkum greinum iðnaðarins og útflutningur á iðnvarningi skapar næstum helming af útflutningstekjum þjóðarinnar. Í þeim umbrotum sem framundan eru í efnahagslífi þjóðarinnar mun framlag iðnaðarins skipta miklu máli. Iðnaðurinn samanstendur af fjölbreyttri flóru fyrirtækja í ólíkum atvinnugreinum. Þrátt fyrir að vera innbyrðis ólík er þó fleira sem tengir þau saman en greinir þau að. Hagsmunir í mikilvægustu málaflokkum er snúa að starfsskilyrðum iðnaðarins eru í öllum meginatriðum þau hin sömu.

Íslenskur iðnaður hefur alla burði til vaxtar og framfara og í honum er mikill aflvaki aukinnar velmegunar í landinu. Við þær aðstæður sem nú eru uppi er hins vegar mikilvægt að horfa hvar stærstu hagsmunirnir liggja. Ef eingöngu er horft til fjölda fyrirtækja og starfsmanna þeirra er ekki síður mikilvægt að standa vörð um mannaflsfrekustu iðngreinarnar. Þegar mest var störfuðu um 16.000 manns í mannvirkjagerð. Tölur um atvinnuleysi í greininni, frosthörkur á fasteignamarkaði og deyfð í opinberum framkvæmdum vekja ugg. Í ljósi stærðar greinarinnar og hins mikla fjölda manna sem í henni starfar verða aðgerðir til stuðnings atvinnulífinu sérstaklega að mannaflsfrekum iðngreinum. Atvinnuleysi er líka afar kostnaðarsamt. Frá samfélagslegum sjónarhóli er afar óhagkvæmt að borga fólki fyrir að gera ekki neitt í gegnum atvinnuleysisbætur. Ein afleiðing aðgerðaleysis getur orðið stóraukin ásókn í svarta atvinnustarfsemi með tekjutapi fyrir ríkissjóð og öðrum alvarlegum afleiðingum.

### HVATAR ERU NAUÐSYNLEGIR

Ein af lykilforsendum vaxtar og verðmætasköpunar í framtíðinni er fjárfesting í nýrri tækni og nýjum atvinnutækifærum. Í nánustu framtíð mun draga úr erlendum lántökum þjóðarinnar og því mun innlendur sparnaður í auknum mæli þurfa að standa undir fjárfestingum. Fall bankanna og hrun á verðbréfamörkuðum hefur dregið úr tiltrú fólks á gildi þess að taka áhættu og fjárfesta í atvinnulífinu. Ein af forsendum þess að hægt sé byggja upp sterkt atvinnulíf er að skapa hvata fyrir fjárfestingu í atvinnulífinu. Ekki er síður mikilvægt að laða til landsins erlenda aðila sem komið geta að fjárfestingum í atvinnulífinu. Leiða má að því líkur að óstöðugur efnahagur, gengissveiflur og verðbólga hafi dregið úr áhuga á fjárfestingum hér á landi. Stöðugt efnahagsumhverfi er því ein af forsendum vaxtar og verðmætasköpunar sem er viðfangsefni Iðnþings 2009 sem fram fer á morgun. Þannig má tryggja viðunandi styrk og endingu steypunnar sem hagkerfið þarf að byggjast á í framtíðinni.

ORÐSKÝRINGIN

## S&P 500

S&P 500 stendur fyrir Standard & Poor´s vísitöluna amerísku. Hún er hlutabréfavísitala sem reiknuð er út frá grunni 500 félaga sem eru skráð í kauphöllunum í New York og á Nasdaq National Market. Vísitalan er reiknuð þannig að hvert fyrirtæki í grunni hennar fær vægi í hlutfalli við markaðsvirði.

Vísitalan náði um áramót svipuðum lægðum og í kreppunni miklu á þriðja og fjórða áratug síðustu aldar.

Í Standard og Poor‘s vísitölunni er að vinna óslitin markaðsgögn allt frá árinu 1825. Því er ekki að undra að gripið sé til vísitölunnar í sögulegum samanburði. Í áramótablaði Markaðarins var fjallað um S&P vísitöluna, en þar kom fram að af þeim 183 árum sem mælingin nær til hafi árssveiflan í flestum tilvikum verið hækkun upp á núll til 10 prósent, eða í 45 ár. Þar á eftir kemur hækkun á bilinu tíu til tuttugu prósent, en sú hafi verið raunin 36 ár tímabilsins. Lækkun frá núlli og í tíu prósent hafi svo orðið 29 ár af tímanum. Frá 1825 hafa markaðir hækkað oftar en þeir hafa lækkað, í 129 skipti á móti 55 lækkunarárum.



**Í KAUPHÖLLINNI Í NEW YORK Í BANDARÍKJUNUM**

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. RITSTJÓRI: Óli Kr. Ármannsson, *olikr@markadurinn.is* RITSTJÓRN: Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, *jonab@markadurinn.is* AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 512 5000** SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 miðlar ehf. PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu
Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.


Veljum
íslenskt
í BYKO
Veljum íslenskt
– okkar hagur!
SI
KÓPAL
glitra
UMHVERFISVÆN MÁLNING
0%
ENGIN LEYSIEFNI
STOFN 20
BYKO
málning
-það segir sig sjálft-
Íslensk gæðamálning!

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**BANKAHÓLFIÐ**

## Sprotakjaftæði

„Stundum verða menn þreyttir á öllu þessu sprotakjaftæði," sagði Össur Skarphéðinsson, iðnaðar- og sprotamálaráðherra, á ársfundi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í gær. Össur hefur verið ötull forsvarsmaður íslenskrar frumkvöðlastarfsemi eftir efnahagshrunið í haust og gripið til margra ráða til að gera litlum og framsæknum hugsuðum kleift að gera raunhæfustu drauma sína að veruleika. Össur sló á létta strengi þrátt fyrir allt í gær og sagði andstöðuna gegn sprotastarfinu ekki bíta á sig. Þvert á móti eflist hann í trúnni á að frumkvöðlaverkin styrki landið enda stoðirnar dreifðari nú en þegar flest byggðist á fjármálageiranum.



## Nýjar valdablokkir

*Á bókamarkaðnum í Perlunni liggur á borðum með ritum um dulspeki, handanheima og búnaðarhætti liðinna tíða hin merka bók Valdablokkir riðlast eftir Óla Björn Kárason, fyrrum ritstjóra Viðskiptablaðsins, nú einn af ritstjórum netmiðilsins AMX. Bókin kom út á lokaári síðustu aldar og er nú orðin ansi merk sagnfræðiheimild. Mæla má með bókinni nú en þetta er önnur kreppan sem hún gengur í gegnum. Verðmiðinn er í takt við tíðina, 290 kall. Reyndar á það sama við um Valdablokkirnar og Milljarðamæringana en löngu er orðið tímabært að gefa út framhald þessarar áhugaverðu bókar sem endar á lofræðu um sprotafyrirtækin Oz og Decode.*



## Gleymda krónan

Gengi krónunnar hefur veikst síðan á föstudag þegar norski sérfræðingurinn Svein Harald Øygard tók við eldheitum stóli seðlabankastjóra af þeim Davíð Oddssyni og Eiríki Guðnasyni. Krónan hafði verið að styrkjast nokkuð dagana á undan, reyndar ekki verið sterkari síðan fyrir bankahrunið í október. Seðlabanki Íslands hefur verið næsta einráður á gjaldeyrismarkaði síðan höftin voru sett á í desember og haldið genginu uppi. Mönnum var á orði að einbeiting miðlara hafi öll farið í bankastjóraskiptin og hafi þeir því gleymt krónunni í bili. Hún taki ekki sveig upp á við fyrr en menn snúi sér að tölvunum aftur.



**79** milljóna króna hagnaður varð af rekstri Íslandspósts á síðasta ári. Heildartekjur félagsins námu 6,6 milljörðum króna og höfðu aukist um 7 prósent frá fyrra ári.

**5** milljarða króna eignir eru komnar í nýjan verðbréfasjóð sem Eignastýring Íslandsbanka stofnaði um áramót undir heitinu Ríkissafn – ríkisskuldabréf og innlán.

**50** milljónir Bandaríkjadala er upphæðin sem Reykjavik Geothermal vonast til að safna frá fjárfestum vegna virkjanaverkefna í þremur löndum. Guðmundur Þóroddsson, fyrrum forstjóri REI og Orkuveitunnar, stofnaði félagið í ágúst í fyrra.







**80 + 390**

1. vinningur

ÍSLENSKI BÓNUS VINNINGURINN 9 MILLJÓNIR

# 470 MILLJÓNIR

## Verður þú moldríkur í dag?

Potturinn í Víkingalottóinu stefnir í 80 milljónir, Ofurpotturinn stefnir í 390 milljónir og íslenski bónuspotturinn stefnir í 9 milljónir.

**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða á næsta sölustað eða á lotto.is**

Fáðu þér miða fyrir kl. 17 í dag eða taktu séns á að missa af þessu!

VÍKINGA LOTTÓ

Alltaf á miðvikudögum!

ENNEMM / SÍA / NM37096

# Gorenje þvottavél




A Orkunýtni

A Þvottahæfni

1200 snúninga þvottavél

WA50120

Einföld, hljóðlát þvottavél og góð þvottavél með íslenskum leiðavísi.

Tilboð 86.900

RÖNNING

Reykjavík · Borgartún 24 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200

PIPAR • SÍA • 90265






NOKKUR ORÐ

Alma Guðmundsdóttir

# Nýtt, notað og endurnýtt

Eftir að kreppan skall á hafa fatamarkaðir og bílskúrssölur notið sívaxandi vinsælda. Kolaportið er alltaf troðfullt og margir halda nú sína eigin markaði úti um allan bæ. Nemendur, félagasamtök og fleiri halda nú ýmiss konar markaði til fjáröflunar í stað þess að selja annan varning sem áður rauk út. Klósettpappírssala verður reyndar seint úreld, en færri vilja eyða pening í rækjur eða humar eins og verð á matvælum er í dag.



Það er gaman að fylgjast með því hvað hlutirnir geta breyst á stuttum tíma. Sumir hafa reyndar alltaf lagt það í vana sinn að kaupa notað frekar en nýtt ef það er hægt, en ég veit um nokkra sem höfðu ekki svo mikið sem stigið fæti inn í Kolaportið, Góða hirðinn eða annars konar markaði áður en kreppan skall á. Það var kannski ekki af því að þeir höfðu eitthvað á móti því, heldur sáu þeir einfaldlega enga ástæðu til þess fyrr en nú. Sumir þeirra áttu ónotaðar flíkur inni í fataskáp með merkimiðanum á, en hafa í dag sópað út úr skápunum hjá sér og gefið föt í safnanir eða haldið eigin markaði. Sjálfri finnst mér ótrúlega skemmtilegt að gramsa á slíkum mörkuðum og fæ miklu meira út úr því að finna flotta notaða flík eftir mikla leit, heldur en að kaupa nýja út úr búð.

Mér finnst ekki einungis jákvætt að fólk sé að hugsa um að endurnýta föt og aðra muni, heldur er gott að finna viðhorfsbreytinguna sem þessu fylgir. Lífsgæðakapphlaupið er á „hold“, fólk er þakklátt ef það hefur vinnu og það skammast sín enginn fyrir að reyna að afla sér aukatekna, hvort sem það felst í að selja gömul föt eða öðru.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





GERÐUBERG Menningarmiðstöð

Miðvikudaginn 4. mars kl. 20
**Nýjar hugmyndir fyrir veisluborðið!**
**Sonja Sanum Tittor** verður með sýnikennslu í ávaxtaútskurði að hætti Tælendinga

Fimmtudaginn 5. mars kl. 12:15
**Klassík í hádeginu**
Flytjendur eru Hanna Dóra Sturludóttir, sópran og Nína Margrét Grímsdóttir, píanóleikari

Sunnudaginn 8. mars kl. 14 www.moguleikhusid.is
**Alli Nalli og tunglið**
Möguleikhúsið frumsýnir leikrit byggt á sögum Vilborgar Dagbjartsdóttur. Fyrir áhorfendur á aldrinum 1-7 ára.

**Kvæðamannafélagið Iðunn** Allir velkomnir
Kvæðalagaæfing miðvikudaginn 4. mars kl. 20
Aðalfundur 6. mars kl. 20: Chris Foster og Bára Grímsdóttir flytja þjóðlög, hagyrðingar láta gamminn geisa og fl.

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16
Leiðsögn fyrir hópa. Netfang: gerduberg@reykjavik.is s. 575 7700
Gerðubergi 3-5 | 111 Reykjavík | Sími 575 7700 | www.gerduberg.is

512 50 50 Auglýsingasími
Mest lesið

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Kardemommubærinn (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 7/3 kl. 14:00 U | Lau 28/3 kl. 14:00 U | Sun 19/4 kl. 17:00 U |
| Lau 7/3 kl. 17:00 U | Lau 28/3 kl. 17:00 U | Lau 25/4 kl. 14:00 U |
| Sun 8/3 kl. 14:00 U | Sun 29/3 kl. 14:00 U | Lau 25/4 kl. 17:00 U |
| Sun 8/3 kl. 17:00 U | Sun 29/3 kl. 17:00 U | Sun 26/4 kl. 14:00 U |
| Lau 14/3 kl. 14:00 U | Lau 4/4 kl. 14:00 U | Sun 26/4 kl. 17:00 U |
| Sun 15/3 kl. 14:00 U | Lau 4/4 kl. 14:00 U | Sun 3/5 kl. 14:00 U |
| Sun 15/3 kl. 17:00 U | Sun 5/4 kl. 17:00 U | Sun 3/5 kl. 17:00 U |
| Lau 21/3 kl. 14:00 U | Sun 5/4 kl. 17:00 U | Þri 5/5 kl. 18:00 U |
| Lau 21/3 kl. 17:00 U | Lau 18/4 kl. 14:00 U | Sun 10/5 kl. 14:00 U |
| Sun 22/3 kl. 14:00 U | Lau 18/4 kl. 17:00 U | Sun 10/5 kl. 17:00 U |
| Sun 22/3 kl. 17:00 U | Sun 19/4 kl. 14:00 U | Lau 16/5 kl. 14:00 U |

Ósóttar pantanir seldar þremur dögum fyrir sýningu

Hart í bak (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 5/3 kl. 20:00 U | Lau 14/3 kl. 20:00 aukas. U | Mið 25/3 kl. 20:00 aukas. Ö |
| Fös 6/3 kl. 20:00 U | Mið 18/3 kl. 20:00 U | Mið 1/4 kl. 20:00 aukas. |

Aukasýningar í sölu, sýningum lýkur í apríl

Þrettándakvöld (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 13/3 kl. 20:00 frums. U | Fim 26/3 kl. 20:00 4.sýn. | Fim 16/4 kl. 20:00 7.sýn. |
| Fim 19/3 kl. 20:00 2.sýn. | Fös 27/3 kl. 20:00 5.sýn. | |
| Fös 20/3 kl. 20:00 3.sýn. | Fös 3/4 kl. 20:00 6.sýn. | |

Í samstarfi við Nemendaleikhús LHÍ

Skoppa og Skrítla í söng-leik (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 7/3 kl. 13:00 U | Lau 14/3 kl. 14.30 | Lau 28/3 kl. 13:00 U |
| Lau 7/3 kl. 14:30 | Lau 21/3 kl. 13:00 | Lau 28/3 kl. 14:30 |
| Lau 14/3 kl. 13:00 Ö | Lau 21/3 kl. 14:30 | |

Eterinn (Smíðaverkstæðið)

| | | |
|---|---|---|
| Mán 16/3 kl. 21:00 fors. Ö | Fim 19/3 kl. 21:00 fors. Ö | Fim 26/3 kl. 21:00 |
| Þri 17/3 kl. 20:00 fors. Ö | Fös 20/4 kl. 21:00 frums. U | Fös 27/3 kl. 21:00 |



**TÓNLIST** Guðrún Ásmundsdóttir er sögumaður á barnatónleikum á laugardag.

# Smáfuglar vinna í Grundarfirði

Um síðustu helgi fór fram í annað sinn kvikmynda- og menningarhátíðin Northern Wave í Grundarfirði. Um 200 manns sóttu hátíðina heim, bæði erlendir gestir sem og heimafólk og var öll gistiaðstaða í Grundarfirði fullbókuð um helgina en bærinn býr bæði að hóteli og farfuglaheimili. Hátíðin var opnuð með kokkteil í boði Grundarfjarðarbæjar. Sýningar hófust svo með erlendum stuttmyndum. Gjörningahópurinn The Weird girls tók upp myndband og heimildarmynd meðan á hátíðinni stóð og frumsýndu brot úr henni á laugardeginum en þá voru sýndar teiknimyndir og tónlistarmyndbönd.

Á hátíðinni voru ekki aðeins sýndar stuttmyndir heldur voru einnig haldnir fernir tónleikar, með hljómsveitunum Dlx Atx, Sykur, Anonymous og ameríska harmonikkuleikaranum Matt Rock en á laugardagskvöld sáu Dj Kiki-OW og DJ MOKKI úr Weird girls um tónlistina. Á laugardeginum hélt franski leikstjórinn og gestadómari hátíðarinnar í ár, Bertrand Mandico, fyrirlestur fyrir fullu húsi og sýndi brot úr myndum sínum. Á sunnudeginum voru svo sýndir tveir klukkutímar af íslenskum stuttmyndum.

Hátíðin var haldin í samkomuhúsi Grundarfjarðar en hápunktur hátíðarinnar var á sunnudaginn þegar verðlaunin voru kynnt. Fyrstu verðlaun að upphæð 100.000 krónur voru veitt stuttmyndinni Smáfuglum eftir Rúnar Rúnarsson. Önnur verðlaun að upphæð 70.000 krónur fékk pólska klippimyndin The Wedding eða Giftingin eftir Maciek Salomon sem var viðstaddur hátíðina ásamt vini sínum Maciek Szupica sem vann verðlaun á hátíðinni í fyrra fyrir besta tónlistarmyndbandið. Sérstaka viðurkenningu fékk svo myndin Harmsaga eftir Valdimar Jóhannsson. Fyrstu verðlaun í flokki tónlistarmyndbanda fékk myndbandið Hair eftir Milos Tomic frá Tékklandi. Verðlaunin voru styrkt af tveimur stærstu fyrirtækjum Grundarfjarðar, Guðmundi Runólfssyni hf. og Soffaníasi Cecilssyni hf. Hátíðin hefur nú fengið styrk frá Menningarsjóði Vesturlands fyrir næsta ár svo allt bendir nú til þess að Northern Wave festi sig í sessi árlega á þessum fyrstu vetrarmánuðum í Grundarfirði.

- pbb




**KVIKMYNDIR** Stuttmynd Rúnars heldur áfram að sópa að sér verðlaunum.

# Karnival dýranna

**Á laugardag kl. 13 verða barna- og fjölskyldutónleikar í Salnum í Kópavogi þar sem flutt verður verkið Karnival dýranna eftir Camille Saint-Saëns. Verkið er víðkunnugt, eins konar tónlistardýragarður þar sem leikari og hljóðfæraleikarar sameinast og skapa heim sem auðvelt er fyrir unga sem aldna að lifa sig inn í. Flytjendur á tónleikunum eru kennarar í Tónlistarskóla Kópavogs ásamt leikurunum Guðrúnu Ásmundsdóttur og Sigurþóri Heimissyni. Þetta er ellefu manna hljómsveit og í henni eru á ferðinni hænur og hanar, asnar og skjaldbökur, fíll og kengúrur og er þá ekki allt talið. Hljómsveitin flytur fleiri verk, til dæmis Flug býflugunnar eftir N. Rimskí-Korsakov. Sérstakur kynnir á tónleikunum er Maxímús Músíkús.**

**Frá klukkan 12.30 verða fjöllistamenn frá Götuleikhúsinu og einnig tveir andlitsmálarar sem bjóða upp á ókeypis andlitsmálun. Börn eru beðin að koma klædd í grímubúninga á tónleikana ef þau geta.**



**LEIKLIST** Margrét Helga Jóhannsdóttir frumsýnir einleik annað kvöld.

# Margrét Helga í einleik

Annað kvöld heldur áfram einleikssyrpa í Borgarleikhúsinu sem hófst fyrir fáum vikum með frumsýningu á Sannleika Péturs Jóhanns. Nú kemur Margrét Helga Jóhannsdóttir fram í einleik, en nú eru liðnir tveir áratugir síðan hún sló í gegn á Litla sviði Borgarleikhússins í Sigrúnu Ástrósu. Einleikurinn sem Margrét flytur heitir Óskar og bleikklædda konan eftir Éric-Emmanuel Schmitt sem er vel kunnur íslenskum leikhúsgestum af fyrri verkum hans sem hér hafa verið flutt: Abel Snorko (Þjóðleikhúsið 1998), Gestinum (LR/Þýbilja 2002) og Hjónabandsglæpum (Þjóðleikhúsið 2007).

Verkið fjallar um Óskar, tíu ára dreng sem þjáist af hvítblæði og bíður hins óhjákvæmilega á spítala. Eldri kona sem er sjálfboðaliði á sjúkrahúsinu, virðist vera sú eina sem hefur þroska og þor til að ræða hið óumflýjanlega við Óskar og ráðleggur honum að skrifa bréf til Guðs. Leikstjóri er Jón Páll Eyjólfsson. Leikmynd og búninga annast Snorri Freyr Hilmarsson.

Frumsýning er annað kvöld kl. 20.

- pbb



## > SAKNAR PABBA SÍNS

Rokkarinn Pete Doherty vill ólmur sættast við föður sinn sem neitar að tala við hann fyrr en Pete hættir eiturlyfjaneyslu sinni. „Ég er næstum alveg hættur en þetta er erfitt. Hann lítur svo á að ef ég er í einhverri neyslu þá er ég ekki sonur hans. Ég elska manninn og vildi óska að við gætum farið á fótboltaleiki eins og við gerðum."



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Hefur alltaf verið syngjandi

„Ég hef eiginlega alltaf verið syngjandi," segir Karen Pálsdóttir fimmtán ára, en hún sendi nýverið frá sér lagið Því ástin. Lagið er gamalt sænskt Eurovision-lag eftir Bobby Ljunggren, en íslenskan texta gerði Ingibjörg Gunnarsdóttir. Karen vakti fyrst athygli á Músíktilraunum í fyrra, en þar lenti hún í öðru sæti ásamt Óskari Axel Óskarssyni rappara og í kjölfarið hlaut lagið Unglingar talsverða útvarpsspilun.

„Ég held að mig hafi virkilega farið að langa að verða söngkona í kringum ellefu ára aldurinn, annars ætlaði ég alltaf að verða dýralæknir," segir Karen sem hefur verið í söngtímum hjá Regínu Ósk Óskarsdóttur síðastliðna þrjá vetur í Söngskóla Maríu Bjarkar. „Regína er alveg frábær og hefur kennt mér heilmikið. Hún hjálpaði mér með lagið Því ástin, benti mér á hvað væri sniðugt að gera og fékk Örlyg Smára til að taka það upp og útsetja," bætir hún við.

Aðspurð segist hún stefna á frekara söngnám og segir popptónlistina heilla hvað mest. „Ég er að hugsa um að fara í FÍH og Menntaskólann í Hamrahlíð þegar ég klára Öldutúnsskóla. Ég stefni á að gera allt sem ég get til að halda áfram í tónlistinni, því það er það skemmtilegasta sem ég geri," segir Karen. Því ástin fæst nú ókeypis til niðurhals í takmarkaðan tíma á tonlist.is og frekari upplýsingar um Karen má finna á www.myspace.com/karenpmusic. - ag



**ÞVÍ ÁSTIN** Karen Pálsdóttir lenti í öðru sæti í Músíktilraunum í fyrra, en hún hefur nú sett gamalt sænskt Eurovision-lag í nýjan búning. Hér er hún með Örlygi Smára og Regínu Ósk sem hafa aðstoðað hana.



**GUSGUS** Hljómsveitin GusGus heldur sína fyrstu tónleika á árinu á Nasa 20. mars.

# GusGus með tónleika

GusGus heldur sína fyrstu tónleika á árinu á Nasa 20. mars. Hljómsveitin spilaði síðast hér á landi á Iceland Airwaves-hátíðinni við fínar undirtektir. Eftir það spilaði GusGus erlendis, meðal annars í Moskvu, Tókýó og Berlín. Síðastnefndu tónleikarnir voru lofaðir í hástert af þýskum fjölmiðlum og sjónvarpsstöðinni MTV sem voru á tónleikunum ásamt útsendurum virtra plötuútgefenda sem hafa verið áhugasamir um hljómsveitina.

Á tónleikunum á Nasa mun GusGus vafalítið gefa áheyrendum forsmekkinn af væntanlegri plötu sinni, 24/7 sem kemur út í júní. Forsala miða á tónleikana fer fram á Midi.is og í Skífunni.

# Anita á rauða dreglinum

**Anita okkar Briem vakti athygli ljósmyndara þegar hún mætti á frumsýningu stórmyndarinnar Watchmen á mánudagskvöldið.**

Spennumyndin Watchmen var frumsýnd með viðhöfn í Hollywood á mánudagskvöldið. Allar stjörnur myndarinnar og ýmis þekkt nöfn úr Hollywood voru mætt. Þar á meðal var íslenska leikkonan Anita Briem sem getið hefur sér gott orð þar í borg að undanförnu. Ljósmyndarar fylgdust með hverju fótmáli Anitu og tóku eftir glæsilegu veski sem hún bar.



**STJÖRNUR** Vanessa Hudgens og Zac Efron úr High School Musical voru meðal gesta.





NORDICPHOTOS/GETTY

**FALLEGT BROS** Anita Briem tók sig vel út á rauða dreglinum í Hollywood.



**GLÆSILEG** Bleikur kjóll Anitu vakti athygli og ljósmyndarar tóku eftir veskinu sem hún bar.



**JIMMY FALLON** Fyrsti þáttur Jimmys Fallon í stað Conans O´Brien þótti heppnast mjög vel. NORDICPHOTOS/GETTY

# Góðir gestir hjá Fallon

Robert De Niro, Justin Timberlake og Van Morrison voru gestir í fyrsta kvöldþætti Jimmys Fallon á sjónvarpsstöðinni NBC í stað Conans O´Brien sem tekur af Jay Leno í sumar.

Fallon, sem hefur leikið í þáttunum Saturday Night Live og í nokkrum bíómyndum, þótti standa sig vel. Þátturinn var aldrei langdreginn og Fallon lék á als oddi. Gerði hann meðal annars grín að De Niro, sem er þekktur fyrir stuttaraleg svör í viðtölum. Húsbandið The Roots stóð sig einnig með prýði og hélt uppi góðri stemningu.


# Átt þú rétt á bótum eftir slys?

*Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum þér að kostnaðarlausu!*

Hjá FORTIS starfar samhentur hópur lögfræðinga með víðtæka reynslu af lögmannsstörfum. Við leitumst við að veita persónulega og alhliða þjónustu á flestum sviðum lögfræðinnar og sérhæfum okkur í skaðabótamálum vegna umferðar- og vinnuslysa, skilnaðar- og sambúðarslitamálum svo fátt eitt sé nefnt.

*Höfum áratuga reynslu af uppgjöri slysabóta.*

KRAFTAVERK



FORTIS Lögmannsstofa

*Gylfi Thorlacius hrl.*
*Svala Thorlacius hrl.*
*S. Sif Thorlacius hdl.*
*Kristján B. Thorlacius hdl.*
*Guðmundur Ómar Hafsteinsson hdl.*

www.fortis.is

Laugavegi 7 • 101 Reykjavík • Sími: 520 5800 • fortis@fortis.is


# Sveitarstjóri og læknir eru Ekkiþjóðin

„Ekkiþjóðin heitir bandið. Skrifað svona. Ekkiþjóðin," segir Grímur Atlason sveitarstjóri.

Hann ásamt félögum sínum, Lýði Árnasyni lækni og Hrólfi Vagnssyni, sem sér um að réttir tónstigar séu farnir, voru við upptökur á nýrri plötu sem gefa á út fljótlega í orðsins fyllstu merkingu. „Með áherslu á að gefa. Platan verður sem sagt gefins. Við tókum upp sextán lög um helgina. Í læknabústaðnum í Bolungarvík. Hver borgar brúsann? Nú, Lýður. Og kannski ég," segir Grímur. Hann gefur lítt fyrir spurninguna um hvort tilgangur útgáfunnar sé ekki bara athyglissýki á háu stigi. „Tilgangurinn er að skemmta fólki og hafa gaman af lífinu. Bandið mun spila í bland við Grjóthrun í Hólshreppi á Aldrei fór ég suður. Sem er að venju um páskana. Það liggur fyrir umsókn þar um sem vel var tekið í." Grímur segir að Mugison, sem er æðstráðandi á tónlistarhátíðinni, sé vel við Lýð lækni. Og svo sé reyndar um flesta Vestfirðinga ef undan eru skildir fáeinir kvótagreifar. Og sveitarstjóri Dalabyggðar hefur þetta til marks um það. „Ég var einu sinni í bíl með honum í Hnífsdal þar sem hann braut um það bil allar umferðarreglur. Löggan stoppaði okkur og ég sagði við löggumann: Lýður er góður maður. Og okkur var sleppt!"

Textarnir sem Ekkiþjóðin syngur einkennist af bullandi þjóðfélagsádeilu. En tónlistarstefnan er polki og reggí í bland. - jbg



**GRÍMUR ATLASON** Ekkiþjóðin ætlar að gefa út nýjan disk í orðsins fyllstu merkingu.

**LÝÐUR ÁRNASON** Tónlist hljómsveitarinnar einkennist af bullandi þjóðfélagsádeilu í textum en tónlistin er reggí og polki.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
40% AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKUR HEILL KJÚLINGUR
MERKT VERÐ 872 KR./KG. 523 kr./kg.
1679
HOLTA KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2798 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR 1679 kr./kg.
959
KS FROSIÐ LAMBALÆRI
MERKT VERÐ 1198 KR./KG.
20% AFSLÁTTUR 959 kr./kg.
399
KF NÝTT KJÖTFARS
399 kr./kg.
398
BÓNUS FERSK PIZZA
MARGARITA 400g PEPPERONI 420g
398 kr.
399
KF KOFAREYKT SVEITABJÚGU
MERKT VERÐ 498 KR./KG.
20% AFSLÁTTUR 399 kr./kg.
498
BÓNUS ÍSPINNAKASSI
24 stk. 498 kr.
698
BÚHNYKKUR ÝSUBITAR
ROÐ OG BEINLAUSIR 698 kr./kg.
895
COCOAPUFFS RISAPAKKI
1300g 895 kr.
ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
VINSÆLASTA KAFFIÐ Í BÓNUS Í DAG
298
DILETTO KAFFI
400g 298 kr
198
BÓNUS KLEINUHRINGIR
2 STK. 198 kr.
198
BÓNUS NÝBAKAÐ
BLÁBERJAMUFFINS 198 kr.
198
BÓNUS NÝBAKAÐIR KORNKUBBAR
4 STK 198 kr.
198
BÓNUS MJÚKAR
KRINGLUR 4 STK.
198 kr.
1998
HANGIÁLEGG
MERKT VERÐ 2498 KR./KG.
1998 kr./kg.
VISA
BÓNUS BÝÐUR BETUR
OPIÐ MIÐVIKUDAG 12.00 TIL 18.30
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur



**U2** Bono og félagar í U2 ætla í umfangsmikla tónleikaferð um Bandaríkin.

# Spila á leikvöngum

Hljómsveitin U2 hyggur á umfangsmikla tónleikaferð um Bandaríkin á þessu ári þar sem hún mun spila á íþróttaleikvöngum. Þetta verður í fyrsta sinn síðan í PopMart-tónleikaferðinni árið 1997 sem U2 fer í slíka ferð um Bandaríkin.

Ekki hefur verið tilkynnt hvenær tónleikaferðin hefst eða hvar verður spilað en stefnt er á að hafa miðaverðið óvenju lágt. Einnig er hugmyndin sú að áhorfendastæðin verði staðsett hringinn í kringum sviðið. „Þetta er verkfræðileg lausn sem skapar aukna nánd hljómsveitarinnar við áhorfendur,“ sagði Bono. Bætti hann við að sveitin vildi spila á íþróttaleikvöngum til að gefa nýjum aðdáendum sínum af ungu kynslóðinni tækifæri til að komast á U2-tónleika.

# Stebbi og Eyfi á stjá

**Félagarnir Stefán Hilmarsson og Eyjólfur Kristjánsson, eða Stebbi og Eyfi, eru komnir á stjá eftir nokkurt hlé og ætla að halda nokkra tónleika á næstunni. Þeir fyrstu verða í Hafnarborg í Hafnarfirði á föstudagskvöld kl. 20.30.**

**Á efnisskránni verða bæði þeirra eigin lög og annarra. Með hverjum aðgöngumiða fylgir plata þeirra, Nokkrar notalegar ábreiður, á meðan birgðir endast. Hún kom út árið 2006 og hefur að geyma perlur eins og Góða ferð, Og svo er hljótt og Draumur um Nínu,**

**Þeir félagar verða svo með tónleika í Hótel KEA á Akureyri á skírdag 9. apríl og líklega verða þeir í Hlíðarfjalli um páskana, enda annálaðir skíðagarpar.**

**Einnig eru fyrirhugaðir tónleikar á Akranesi, Egilsstöðum og á Goslokahátíð í Vestmannaeyjum 6. júlí.**

# Falleg og áhrifarík Fordlândia

Jóhann Jóhannsson hefur víða komið við á þeirri löngu leið sem aðskilur fyrstu hljómsveitina hans, hina hávaðasinnuðu rokksveit The Daisy Hill Puppy Farm, sem sendi frá sér tvær smáskífur á níunda áratugnum og tónlistina sem hann fæst við í dag. Henni mætti lýsa sem stórum þemaverkum einhvers staðar á mörkum sígildrar tónlistar, kvikmyndatónlistar og raftónlistar. Í millitíðinni var hann meðal annars meðlimur í Ham, Lhooq og Apparat Organ Quartet og hann hefur stjórnað upptökum á plötum, samið leikhús- og kvikmyndatónlist og tekið þátt í fjölmörgum samstarfsverkefnum sem mörg hver sameina ólíkar gerðir tónlistar og aðskildar listgreinar.

Þegar maður lítur yfir ferilinn þá eiga þessi ólíku verkefni Jóhanns samt margt sameiginlegt. Jóhann er maður hugmynda, – á bakvið tónlistina hjá honum er alltaf einhver hugmynd. Og hann er líka maður hljómgæða. Sándið skiptir ætíð máli hvort sem við erum að tala um Daisy Hill, poppsmellinn Dís úr samnefndri kvikmynd eða Fordlândiu.

Fordlândia er fjórða stóra þemaverkið sem Jóhann gefur út. Fyrst komu Englabörn 2002, þá Virðulegu forsetar 2004 og IBM 1401 – A Users Manual sem kom út 2006. Fordlândia er annar hluti þríleiks um bandaríska tæknijöfra, IBM-verkið var fyrsti hlutinn. Fordlândia er meðal annars gerð undir áhrifum frá Hendy Ford og Fordlândiu sem var tíu þúsund ferkílómetra landsvæði sem hann keypti í Brasilíu á þriðja áratug síðustu aldar. Þarna mitt inni í óbyggðunum byggði hann amerískt þorp og gúmmíverksmiðju til að framleiða hjólbarða, en rann fljótlega á rassinn með allt saman. Mislukkuð áform stórhuga vísindamanna veittu Jóhanni líka innblástur við gerð plötunnar.

Fordlândia er magnað verk. Tónlistin byrjar ofur hæg og ljúf, en smám saman magnast verkið. Þau ellefu lög sem mynda Fordlândiu eru nokkuð fjölbreytt tónlistarlega. Hluti plötunnar er hljóðritaður með 50 manna tékkneskri strengjasveit, sum laganna eru lituð af glæsilegum pípuorgelleik og sums staðar malla raftólin í bakgrunninum.




**TÓNLIST**

**Fordlândia**

Jóhann Jóhannsson

★★★★

Tónlistin á Fordlândiu er einhvers staðar á mörkum sígildrar tónlistar, kvikmynda- og raftónlistar, en fyrst og fremst er hún falleg og áhrifarík.

Þetta er mikilfengleg tónlist, falleg og melódísk og hrífur mann auðveldlega með sér. **Trausti Júlíusson**





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SHOPAHOLIC | kl. 5:50D - 8D - 10:20D | L |
| SHOPAHOLIC | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| DESPEREAUX m/ísl. tali | kl. 5:50 | L |
| DEFIANCE | kl. 5:50 - 8:30 | 16 |
| FRIDAY THE 13TH | kl. 10:20 | 16 |
| CHIHUAHUA m/ísl. tali | kl. 5:50 | L |
| BENJAMIN BUTTON | kl. 8:30 | 7 |
| ROLE MODELS | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| BEDTIME STORIES | kl. 5:50 | L |
| YES MAN | kl. 8 | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| CONFESSIONS SHOPAHOLIC | kl. 6D - 8:10D - 10:20D | L |
| DEFIANCE | kl. 10:40D | 16 |
| BENJAMIN BUTTON | kl. 7 - 10:10 | 7 |
| BLOODY VALANTINE - 3D | kl. 6(3D) | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| SHOPAHOLIC | kl. 8 - 10:20 | L |
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 8 | 12 |
| FRIDAY THE 13TH | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SHOPAHOLIC | kl. 8 | L |
| DEFIANCE | kl. 8 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| SHOPAHOLIC | kl. 8 - 10:10 | L |
| FRIDAY THE 13TH | kl. 10:30 | 16 |

SAMbio.is

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE INTERNATIONAL D | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| THE INTERNATIONAL LÚXUS D | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| ÆVINTÝRI DESPERAUX | kl. 4 - 6 | L |
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 5.15 – 8 – 10.40 | 12 |
| THE PINK PANTHER 2 D | kl. 4 - 6 | L |
| FANBOYS | kl. 8 -10.10 | L |
| SKÓGARSTRÍÐ 2 | kl. 3.45 | L |
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 4 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 6 - 9 | 12 |
| THE PINK PANTHER 2 | kl. 6 - 8 | L |
| FROST/NIXON | kl. 5.30 - 10 | 12 |
| HOTEL FOR DOGS | kl. 5.30 | L |
| VALKYRIE | kl. 9 | 12 |
| BRIDE WARS | kl. 8 - 10 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE INTERNATIONAL | kl. 5.30 - 9 | 16 |
| ÆVINTÝRI DESPERAUX | kl. 6 | L |
| MILK | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| THE WRESTLER | kl. 8 - 10.15 | 14 |
| THE READER | kl. 8 - 10.20 | 14 |
| VICKY CRISTINA BARCELONA | kl. 5.50 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE INTERNATIONAL | kl. 8 - 10.15 | 16 |
| ÆVINTÝRI DESPERAUX | kl. 6 | L |
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 8 | 12 |
| THE PINK PANTHER 2 | kl. 6 | L |
| FANBOYS | kl. 10.15 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁSBÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus




MIÐVIKUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR 500 KR Á ALLAR MYNDIR

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| ÆVINTÝRI DESPEREAUX | kl. 6 - Ísl.tal | L |
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 12 |
| THE PINK PANTHER 2 | kl. 8 og 10 | L |
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 12 |




SPARISJÓÐURINN Í KEFLAVÍK OG VÍKING KYNNA MEÐ STOLTI
PÓSTLISTAFORSALA
BRAVÓ HEFST Í DAG KL. 10:00!
ALMENN FORSALA HEFST
Á MORGUN KL. 10:00.
MINNINGARTÓNLEIKAR
Rúnar Júlíusson
2. MAÍ Í LAUGARDALSHÖLL
ÁHÖFNIN Á HALASTJÖRNUNNI • BJARTMAR GUÐLAUGSSON • BJÖRGVIN HALLDÓRSSON
BUFF • DEEP JIMI AND THE ZEP CREAMS • EIRÍKUR HAUKSSON • HJALTALÍN • MEÐLIMIR HLJÓMA
JÓHANN HELGASON • KARLAKÓR KEFLAVÍKUR • KRUMMI • KK • LIFUN • PÁLL ÓSKAR
UNUN & HELGI BJÖRNS • SÁLIN HANS JÓNS MÍNS • STUÐMENN • MEÐLIMIR TRÚBROTS
TÓNLISTARSTJÓRI: ÞÓRIR BALDURSSON • SVIÐSSETNING & HANDRIT: BJÖRN G. BJÖRNSSON
SÉRSTAKIR GESTIR
BALDUR & JÚLÍUS SYNIR RÚNARS
MARÍA BALDURSDÓTTIR EKKJA RÚNARS
BARNABÖRN RÚNARS
SPARISJÓÐURINN
Sparisjóðurinn í Keflavík
VÍKING
BYLGJAN 989
Miðasala á midi.is
og á sölustöðum Miða.is
GEIMSTEINN & bravó!

## > Katrín mætt í 5. sinn á Algarve-bikarinn

Íslenska kvennalandsliðið hefur leik á Algarve-bikarnum í dag þegar liðið mætir Noregi klukkan 15.00 að íslenskum tíma. Íslenska liðið fær nú að taka þátt í aðalkeppninni í fyrsta sinn en íslensku stelpurnar hafa síðustu tvö ár verið með í neðri hluta Algarve-bikarsins. Nú keppa þær við bestu kvennalandslið heims. Katrín Jónsdóttir, fyrirliði liðsins, hefur spilað alla 16 leiki íslenska landsliðsins í Algarve-bikarnum frá upphafi. Hún var með í fyrstu tvö skiptin, 1996 og 1997, og hefur síðan verið fyrirliði liðsins undanfarin tvö ár þar sem stelpurnar okkar hafa unnið sex af átta leikjum sínum.



**sport**
sport@frettabladid.is

**HÖSKULDUR EIRÍKSSON:** SKRIFAÐI UNDIR ÞRIGGJA ÁRA SAMNING VIÐ KR

# *Var alltaf draumurinn að koma aftur í KR*

Höskuldur Eiríksson er genginn til liðs við æskufélagið sitt, KR. Þaðan fór hann árið 2003 til Víkings en er nú kominn „heim“ eins og hann segir sjálfur.

„Það var annaðhvort að hætta í fótbolta eða fara í KR,“ sagði Höskuldur. „Ég er uppalinn KR-ingur og sá ekki fyrir mér að spila með öðru liði í úrvalsdeildinni en með KR.“

Hann fór fyrst til Víkings og þaðan til FH þar sem hann lék síðasta sumar. Þaðan fékk hann sig lausan undan samningi sínum nú fyrir skömmu.

„Þegar ég fór frá Víkingi var fyrsta hugsunin að fara í KR. En það strandaði á því að það þurfti að losa mig undan samningi við Víking og þar strandaði málið hjá KR. Fljótlega eftir það kom FH til sögunnar og fannst mér það spennandi tækifæri.“

Höskuldur varð Íslandsmeistari með FH í sumar en spilaði þó ekki nema sjö leiki þar sem hann var oft meiddur. „Ég spilaði eins mikið hjá FH og ég mögulega gat og alltaf þegar ég var heill. Ég gat því ekkert kvartað undan fáum tækifærum.“ Höskuldur varð að fara í aðgerð vegna meiðsla sinna nú í vetur og segir hann að það hafi verið upphafið að endinum hjá FH. „Það eru allir klúbbar að draga saman seglin og þeir fóru fram á að við myndum ganga frá þessu máli á þennan hátt. Þeir sáu fram á að ég yrði aftur í meiðslavandræðum í sumar.

En ég stend í þakkarskuld við FH og fyrir allt það sem þeir gerðu fyrir mig. Ég vildi ekki vera baggi á þeim og við gengum frá þessu máli í góðu.“ Höskuldur er nýbyrjaður að hreyfa sig á nýjan leik eftir aðgerðina. „Ég skokkaði í fyrsta skipti í vikunni og sú áætlun sem ég er með nú gerir ráð fyrir því að ég verði kominn á fullt í byrjun apríl. Ef ekkert annað kemur upp á fram að móti kem ég vonandi sterkari til leiks en í fyrra.“ Hann segir það alltaf hafa verið ætlunin að koma aftur einn daginn í KR. „Mér finnst eins og ég sé kominn heim. Það var draumurinn að fara aftur í KR áður en ég myndi hætta þessu. Mér finnst ég eiga óklárað erindi þar og vil sýna að ég get plummað mig með KR.“



## ÚRSLITIN Í GÆR

### *Enska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| Liverpool-Sunderland | 2-0 |
| 1-0 David N'Gog (52.), 2-0 Yossi Benayoun (65.) | |
| Portsmouth-Chelsea | 0-1 |
| 0-1 Didier Drogba (79.). | |
| West Brom-Arsenal | 1-3 |
| 0-1 Nicklas Bendtner (4.), 1-1 Chris Brunt (7.), 1-2 Kolo Touré (38.), 1-3 Nicklas Bendtner (44.) | |
| Staða efstu liða: | |

### *Enska B-deildin*

| | |
|---|---|
| Blackpool-Burnley | 0-1 |
| Jóhannes Karl Guðjónsson sat allan tímann á bekknum hjá Burnley. | |
| QPR-Norwich | 0-1 |
| Heiðar Helguson lék fyrstu 74. mín. hjá QPR | |
| Sheff Wed-Reading | 1-2 |
| Brynjar Björn Gunnarsson var skipt útaf á loka mínútunni hjá Reading. | |

### *Enska C-deildin*

| | |
|---|---|
| Crewe-Carlisle | 1-2 |
| Gylfi Sigurðsson lék allan leikinn með Crewe. Þetta var fyrsta tap lærisveina Guðjóns Þórðar sonar í fimm leikjum. | |

### *Iceland Express kvenna*

| | |
|---|---|
| KR-Grindavík | 64-57 (27-35) |

**Stig KR:** Hildur Sigurðardóttir 20 (11 frák., 5 stoðs.), Margrét Kara Sturludóttir 16 (8 frák., 5 stolnir), Sigrún Sjöfn Ámundadóttir15 Guðrún Ósk Ámundadóttir 11, Helga Einarsdóttir 2 (6 varin), Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 12 fráköst (8 í sókn).
**Stig Grindavíkur:** Lilja Ósk Sigmarsdóttir 11, Ólöf Helga Pálsdóttir 11, Petrúnella Skúladóttir 11 (8 frák., 7 stolnir), Ingibjörg Jakobsdóttir 8 Íris Sverrisdóttir 7 (8 stoðs.), Berglind Anna Magnúsdóttir 6, Jovana Lilja Stefánsdóttir 3.
**KR** er 1-0 yfir í einvíginu en það þarf að vinna tvo leiki til að komast í undanúrslitin.

# Mörkin létu bíða eftir sér í gær

**Chelsea og Liverpool eru áfram jöfn í öðru sætinu eftir sigra í ensku úrvalsdeildinni í gær. Liverpool vann Sunderland 2-0 og Didier Drogba tryggði Chelsea þriðja 1-0 sigurinn í fjórum leikjum undir stjórn Hiddink.**

**FÓTBOLTI** Það tók bæði Liverpool og Chelsea langan tíma að brjóta á bak aftur varnir Sunderland og Portsmouth í leikjum liðanna í ensku úrvalsdeildinni í gær en á endanum tókst báðum liðum að skora og eru þau því enn þá með jafnmörg stig í öðru sæti deildarinnar. Arsenal minnkaði forskot Aston Villa í baráttunni um 4. sætið með 3-1 sigri á West Bromwich.

Didier Drogba og Nicolas Anelka hafa verið duglegir að skora sigurmörk síðan að Gus Hiddink tók við stjórastöðunni hjá Chelsea. Stórsókn Chelsea í fyrri hálfleik bar ekki árangur og það var ekki fyrri en á 79. mínútu leiksins að Drogba náði að skora. Jose Bosingwa sendi þá boltann fyrir á Drogba sem afgreiddi boltann meistaralega í netið. Hiddink hefur stjórnað Chelsea í fjórum leikjum og þrír þeirra hafa unnið 1-0 og sá fjórði vannst 2-1 með marki frá Frank Lampard í uppbótartíma.

Hermann Hreiðarsson lék allan tímann í vörn Portsmouth og rétt eftir leik var það tilkynnt að Paul Hart myndi halda áfram sem stjóri liðsins út tímabilið. Portsmouth er nú tveimur stigum frá fallsæti og það stefnir því í harða fallbaráttu hjá Hemma og félögum.

Liverpool hefði vel getað bætt við fleiri mörkum gegn Sunderland og reynt að vinna upp forskotið sem Chelsea hefur í marktölu. Liverpool lét sér tvö mörk nægja í 2-0 sigri. Chelsea hefur því sjö marka forskot á Liverpool.

David Ngog braut ísinn hjá Liverpool með sínu fyrsta marki í úrvalsdeildinni eftir að fyrirliðinn Steven Gerrard skallaði fyrirgjöf Albert Riera til hans. Ngog átti einnig þátt í öðru markinu en Martin Fulop, markvörður Sunderland, missti þá klaufalega fyrirgjöf hans frá sér og Yossi Benayoun skoraði í tómt markið.

Forskot Manchester United á Chelsea og Liverpool minnkaði í fjögur stig í gær en ensku meistararnir geta aftur aukið það í sjö stig með sigri á Newcastle í kvöld.

Nicklas Bendtner fann loksins skotskóna í 3-1 útisigri Arsenal West Brom. Daninn skoraði fyrst mark leiksins eftir aðeins fjórar mínútur og kom Arsenal í 3-1 fyrir lok fyrri hálfleiks. West Bromwich jafnaði skömmu eftir að Bendtner skoraði fyrsta markið en Rússinn Andrej Arsjavin lagði upp mark fyrir Kolo Touré sem kom Arsenal aftur yfir. Eftir þennan sigur munar aðeins þremur stigum á Arsenal og Aston Villa en Villaliðið á leik inni.

ooj@frettabladid.is



**MIKILVÆGT MARK** Didier Drogba fagnaði vel sigurmarki sínu í gær. NORDICPHOTOS/GETTY




Úrslitakeppni Iceland Express-deildar kvenna í körfu:

# KR-liðið vann upp 13 stiga forskot í lokin

**KÖRFUBOLTI** KR-konur eru komnar í 1-0 í einvígi sínu á móti Grindavík í 1. umferð úrslitakeppni Iceland Express-deildar kvenna eftir sjö stiga sigur, 64-57, í sveiflukenndum og stórskemmtilegum leik í DHL-Höllinni í gær.

Grindavík kom baráttuglatt og fullt af sjálfstrausti til leiks með Petrúnellu Skúladóttur í fararbroddi og var átta stigum yfir í hálfleik, 27-35.

KR-liðið er þekkt fyrir frábær áhlaup í þriðja leikhluta en Grindavík stóð það af sér þrátt fyrir að hafa ekki skorað fyrstu fjóra og hálfu mínútu hálfleiksins.

Útlitið var allt annað en bjart fyrir KR-liðið þegar tæpar 9 mínútur voru eftir af leiknum og Grindavík var þrettán stigum yfir, 39-49. Þá læstu KR-konur aftur vörninni, skoruðu 11 stig í röð og komust loks yfir í 57-56 með þriggja stiga körfu frá Hildi Sigurðardóttur. KR endaði leikinn síðan á því að stela tveimur boltum á úrslitastundu og vann að lokum með sjö stigum eftir að hafa skorað síðustu 7 stigin.

Hildur Sigurðardóttir (20 stig, 11 fráköst, 5 stoðsendingar) átti frábæran leik hjá KR og dreif sitt lið áfram í gegnum allt mótlætið. Sigrún Ámundadóttir (15 stig, 9 fráköst) og Margrét Kara Sturludóttir (16 stig, 8 fráköst, 5 stolnir) voru einnig öflugar. Þá voru Helga Einarsdóttir og Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir frábærar í vörninni með 8 varin skot og 6 stolna bolta saman.

Hjá Grindavík var Petrúnella frábær í fyrri hálfleik en stigalaus í þeim seinni. Lilja Ósk Sigmarsdóttir og Ólöf Helga Pálsdóttir voru báðar í góðum gír í sókninni en enginn tók af skarið þegar sóknin stirðnaði upp í lokin. - óój



**KOMU TIL BAKA** Helga Einarsdóttir og félagar í KR unnu síðustu 8 mínúturnar með 20 stigum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**EKKERT GENGUR HEIMA** Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Heimavöllur Keflvíkinga:

# Versta gengi í aldarfjórðung

**KÖRFUBOLTI** Karlalið Keflavíkur tapaði fjórða heimaleik sínum í röð á mánudagskvöldið þegar liðið fékk nágranna sína í Njarðvík í heimsókn í Toyota-höllina.

Keflavík hefur ekki tapað fleiri heimaleikjum í röð í úrvalsdeild karla síðan liðið tapaði fimm leikjum í röð 1983-84 eða fyrir 25 árum.

Það má segja Keflavíkurliðinu til varnar að í síðustu fjórum heimaleikjum sínum hefur Keflavík spilað á móti KR (1. sæti), Grindavík (2. sæti), Snæfell (3. sæti) og Njarðvík (5. sæti).

Þetta er aðeins í þriðja skiptið í sögu úrvalsdeildar sem Keflavík tapar þremur heimaleikjum í röð. Keflavík er einnig búið að tapa jafnmörgum heimaleikjum í deildinni í vetur eins og liðið var búið að gera síðustu fimm tímabil á undan. - óój

**Ný dæmi**
um verð og gæði

mazda

# Við erum á tánum í dag - fyrir þig

Semdu við okkur um verð.



-17%

**Mazda6 Touring**
2,0 bensín sjálfskiptur 4 dyra
Fast númer MX591
Skrd. 07/2007. Ek. 49.000 km.
Ásett verð 2.640.000 kr.
Afsláttur 450.000 kr.
Tilboðsverð 2.190.000 kr.



-15%

**Mazda3 Touring Plus**
1,6 bensín sjálfskiptur 4 dyra
Fast númer NL558
Skrd. 10/2005. Ek. 44.000 km.
Ásett verð 1.990.000 kr.
Afsláttur 300.000 kr.
Tilboðsverð 1.690.000 kr.



-16%

**Mazda3 Touring Plus**
1,6 bensín sjálfskiptur 4 dyra
Fast númer OF534
Skrd. 05/2007. Ek. 14.000 km.
Ásett verð 2.480.000 kr.
Afsláttur 390.000 kr.
Tilboðsverð 2.090.000 kr.

Fjöldi annarra Mazda bíla í boði.
Hringdu núna í síma 515-7000.

**Fáðu þér notaðan bíl hjá Mazda í dag, Bíldshöfða 8.**

Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu notaðan bíl fyrir þig - farðu síðan á bgs.is og sannreyndu tilboð dagsins í dag. Komdu í Brimborg

selja gamla

kaupa nýjan notaðan

CITROËN



-30%

**Citroën C5 SX**
2,0 bensín sjálfskiptur 5 dyra
16" álfelgur
Fast númer TZ728
Skrd. 12/2004. Ek. 52.500 km.
Ásett verð 2.130.000 kr.
Afsláttur 640.000 kr.
Tilboðsverð 1.490.000 kr.

# Áfram Ísland:

- Nýtum það sem við eigum;
- Endurnýtum gjaldeyrinn;
- Kaupum notaðan bíl;
- Komdu í Brimborg í dag.



-27%

**Citroën Berlingo Van**
1,4 bensín beinskiptur 6 dyra
Fast númer DY566
Skrd. 07/2005. Ek. 49.500 km.
Ásett verð 1.350.000 kr.
Afsláttur 360.000 kr.
Tilboðsverð 990.000 kr.



-25%

**Citroën C4 SX Saloon**
1,6 bensín beinskiptur 5 dyra
Fast númer OS893
Skrd. 06/2005. Ek. 37.700 km.
Ásett verð 1.860.000 kr.
Afsláttur 470.000 kr.
Tilboðsverð 1.390.000 kr.

**Fáðu þér notaðan bíl hjá Citroën í dag, Bíldshöfða 8.**

*Notað*

**Eingöngu bílar sem sérfræðingar Citroën og Mazda mæla með**

Fjöldi annarra Citroën bíla í boði.
Hringdu núna í síma 515 7000.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Cohn & Wolfe Public Relations Íslandi

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | notadir.brimborg.is



> **Adam Rodriguez**

„Ég veit heilmikið um konur en skil þær samt ekki.“ Rodriguez fer með hlutverk Erics Delko í þættinum CSI: Miami sem Skjáreinn sýnir í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON HLUSTAR Á TÓNLEIKA

# *Sú rödd var svo fögur*

Í gærkvöldi var endurflutt dagskrá á pörtum af tónleikum Ragnhildar Gröndal og Eivarar Pálsdóttur frá 2004 á Rás 2 Ríkisútvarpsins. Lifandi flutningur er reyndar viðamikill partur af þjónustu ríkisstofnunarinnar og stórt safn er til með hljóðritunum íslenskra tónlistarmanna frammi fyrir áheyrendum.

Meðan útvarpshljómsveitin var og hét útsetti Emil Thoroddsen langar syrpur sem spilaðar voru að kvöldi til beint fyrir áheyrendur. Seinna tóku fjölbreyttari dagskrár við, mest af klassíska skólanum. Djass og popp þess tíma var minna. Þó man maður á hátíðisdögum danshljómsveitir ýmsar koma fram í útvarpssal eins og það var kallað og þær voru sumar þátttakendur í spurninga- og skemmtiþáttunum gömlu. Við erum þá að ræða árin milli sextíu og sjötíu þegar útvarpið var lifandi allan daginn á öllum heimilum og víða á vinnustöðum eftir hingaðkomu transistortækjanna, ferðaútvörp voru þau kölluð og voru mikil þarfaþing.

Það var gaman að heyra þær stöllur og vitaskuld á útvarpið á báðum rásum að gera meira af því að senda beint út músik af öllu tagi, þá líka hinn blandaða ym tónlistar sem nú er í boði af margvíslegu tagi. það er jú hlutverk þess og þá má ekki gleyma að hafa úti víðtæka kynningu á efninu, á báðum rásum og í sjónvarpi.



## MIÐVIKUDAGUR



▶ **19.35** Newcastle - Man. Utd., beint STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **21.00** Britain´s Next Top Model SKJÁREINN



▶ **21.10** Kiljan SJÓNVARPIÐ



▶ **21.15** The Sopranos STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.10** Oprah STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**15.50 Sjónleikur í átta þáttum** (e)

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin** (51:52)

**17.55 Gurra grís** (78:104)

**18.00 Disneystundin** Stjáni, Sígildar teiknimyndir og Nýi skóli keisarans.

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.15 Bráðavaktin** (ER) (14:19) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg.

**21.00 Svipmyndir af myndlistarmönnum - Else Marie Hagen** (Portraits of Carnegie Art Award 2008) Í stuttum þáttum er brugðið upp svipmyndum af myndlistarmönnum sem tóku þátt í Carnegie Art Award samsýningunni 2008.

▶**21.10 Kiljan** Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. Kolbrún Bergþórsdóttir og Páll Baldvin Baldvinsson eru álitsgjafar þáttarins.

**22.00 Tíufréttir**

**22.20 Sýningar** (Forestillinger:  - Katrin) (3:6) Danskur myndaflokkur eftir Per Fly. Leikstjórinn Marko er að setja upp gamanleikrit eftir Shakespeare og það gengur á ýmsu dagana fyrir frumsýningu. Aðalhlutverk: Mads Wille, Sonja Richter, Sara Hjort Ditlevsen og Pernilla August.

**23.20 Kastljós** (e)

**00.00 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Ný skammastrik Emils**

**10.00 Johnny Dangerously**

**12.00 Totally Blonde**

**14.00 Manchester United. The Movie**

**16.00 Ný skammastrik Emils**

**18.00 Johnny Dangerously**

**20.00 Totally Blonde** Gamanmynd um unga konu sem telur sig knúna til þess að lita á sér hárið til að hrista upp í ástarlífinu, því ljóskur skemmta sér víst betur.

**22.00 The Mudge Boy**

**00.00 Coronado**

**02.00 Talladega Nights. The Ballad of Ricky Bobby**

**04.00 The Mudge Boy**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Dynkur smáeðla, Doddi litli og Eyrnastór, Könnuðurinn Dóra og Krakkarnir í næsta húsi.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella** (265:300)

**10.15 Tim Gunn's Guide to Style** (6:8)

**11.05 Ghost Whisperer** (45:62)

**11.50 Men in Trees** (11:19)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (138:260)

**13.25 Sisters** (28:28)

**14.10 E.R.** (2:22)

**14.55 The O.C.** (12:27)

**15.40 BeyBlade**

**16.03 Leðurblökumaðurinn**

**16.23 Íkornastrákurinn**

**16.48 Ruff's Patch**

**16.58 Gulla og grænjaxlarnir**

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar** Lífið í Ramsey-götu gengur sjaldnast sinn vanagang enda eru í búar það einkar skrautlegir og skemmtilegir.

**17.58 Friends** (15:24) Það gengur á ýmsu hjá vinunum þegar þeir frétta að Barry og Mindy hafi skilið. Þeir fara að ímynda sér hvar þeir væru ef þeir hefðu farið aðrar leiðir í lífinu.

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.24 Veður**

**19.35 The Simpsons** (20:22) Eftir að hafa séð kvikmynd með kynþokkafullri dansmeyju skellir Lisa sér á steppnámskeið og Bart og Milhouse flýja úr útilegu og fela sig í verslunarmiðstöð.

**20.00 Gossip Girl** (5:25)

**20.45 Final Approach** Fyrri hluti framhaldsmyndar mánaðarins.

▶**22.10 Oprah** Skemmtilegur þáttur með vinsælustu spjallþáttadrottningu heims.

**22.55 Sex and the City** (9:12)

**23.20 The Mentalist** (3:23)

**00.05 E.R.** (2:22)

**00.50 Mar adentro**

**02.55 Doom**

**04.40 Gossip Girl** (5:25)

**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**17.35 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bak við tjöldin.

**18.05 PGA Tour 2009 - Hápunktar** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.

**19.00 NBA tilþrif** Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.

**19.25 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.

**20.55 Mallorca - Barcelona** Bein útsending frá leik í spænska bikarnum.

**22.55 Meistaradeild Evrópu** Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.

**00.35 Meistaradeild Evrópu. Meistaramörk** Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð úr Meistaradeild Evrópu.

**01.05 Mallorca - Barcelona** Útsending frá leik í spænska bikarnum.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Liverpool - Sunderland** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**15.15 WBA - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**16.55 Portsmouth - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**18.35 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**19.05 Coca Cola mörkin 2008/2009** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.

▶**19.35 Newcastle - Man. Utd.** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**21.35 Man. City - Aston Villa** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**23.45 Tottenham - Middlesbrough** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Káta maskínan** (5:9) (e)

**09.15 Vörutorg**

**10.15 Óstöðvandi tónlist**

**17.35 Vörutorg**

**18.35 Rachael Ray**

**19.20 Top Design** (9:10) Ný, bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir innanhússhönnuðir keppa til sigurs. (e)

**20.10 90210** (9:24) Bandarísk unglingasería sem slegið hefur í gegn í Bandaríkjunum. Silver býður vinkonunum í heimsókn en það breytist fljótt í villt partí þar sem leyndarmál og lygar koma upp á yfirborðið. Annie og Ethan reyna að fela sambandið fyrir vinum sínum og Dixon trúir Silver fyrir fjölskylduleyndarmálum.

▶**21.00 Britain's Next Top Model** (8:10) Bresk raunveruleikasería þar sem leitað er að efnilegum fyrirsætum. Kynnir þáttanna og yfirdómari er breska fyrirsætan Lisa Snowdon. Það eru stöðugar erjur milli stúlknanna og allt á suðupunkti. Þær hitta stjörnustílista sem er miskunarlaus í gagnrýni sinni á fataval þeirra. Í myndatökunni fá stelpurnar útrás fyrir reiði sína þegar þær fá að skvetta málningu hver yfir aðra.

**21.50 CSI. Miami** (21:21) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Það er komið að lokaþætti vetrarins og nýr meinafræðingur mætir til starfa en endist ekki lengi

**22.40 Jay Leno**

**23.30 Law & Order** (21:24) (e)

**00.20 Vörutorg**

**01.20 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Lífsblómið** Í umsjón Steinunnar Önnu Gunnlaugsdóttur. Rætt er um heilsu- og hugarfar.

**21.00 Kolfinna** Kolfinna Baldvinsdóttir ræðir um stjórnarhætti Íslands.

**21.30 Birkir Jón** Varaformaður Framsóknarflokksins Birkir Jón Jónsson ræðir um stjórmálin.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Alicante

Flugsæti

Verð frá 39.900 kr.

og 15.000 Vildarpunktar

fyrir flug fram og til baka, með flugvallarsköttum – allar brottfarir í sumar.

Beint flug með Icelandair í allt sumar til Alicante, Mallorca og Tyrklands.



Beint morgunflug

alla þriðjudaga frá 26. maí til 20. okt.

Kynntu þér ferðamöguleikana og skráðu þig í ferðaklúbbinn á VITA.is

vita

VITA er lífið

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

ÍSLENSKA/SIA.IS VIT 45354 02/09

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.00**

### Gossip Girl



Einn vinsælasti framhaldsþátturinn í bandarísku sjónvarpi. Þættirnir eru byggðir á samnefndum metsölubókum og fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkin sé ótæpileg þá snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að klæðast í næsta glæsipartíi. Í þætti kvöldsins ætlar allt um koll að keyra á meðan tískuvikan í New York stendur yfir, og það reynir á vináttubönd – gömul sem ný.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Final Approach

**Stöð 2 kl. 20.45**

Stöð 2 sýnir fyrri hluta framhaldsmyndar mánaðarins í kvöld. Vel þjálfaðir og miskunnarlausir hryðjuverkamenn, vopnaðir kjarnorkusprengju, ræna flugvél og hóta að brotlenda henni inn í miðri Los Angeles. Fyrrum sérfræðingur Alríkislögreglunnar, Jack Bender, er staddur um borð og reynir að koma í veg fyrir ódæðisverkið. Aðalhlutverk: Dean Cain og Anthony Michael Hall.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Sögur úr Síðunni
**15.30** Seiður og hélog
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Pipar og salt
**21.10** Út um græna grundu
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.19** Bak við stjörnurnar
**23.10** Krossgötur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (137:260)
**16.30 Hollyoaks** (138:260)
**17.00 Seinfeld** (17:24)
**17.30 X-Files** (1:24)
**18.15 The Sopranos**
**19.00 Hollyoaks** (137:260)
**19.30 Hollyoaks** (138:260)
**20.00 Seinfeld** (17:24) Jerry stendur Leó frænda að búðahnupli og Georg neyðist til að kaupa bók sem hann stelst til að lesa inni á salerni í bókabúðinni.
**20.30 X-Files** (1:24) Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast er þau rannsaka yfirnáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.
**21.15 The Sopranos** Stöð 2 og Stöð 2 Extra rifja upp þessa geysivinsælu þætti þar sem fylgst er með fjölskyldumanninum og mafíuforingjanum Tony Soprano í daglegu lífi. Þrátt fyrir að eiga mikillar velgengni að fagna í starfi og eiga góða fjölskyldu er hann þjáður á sálinni og á stöðugt í vandræðum með að finna jafnvægi milli vinnu og einkalífs.
**22.00 Burn Notice** (13:13) Njósnarinn Michael Westen kemst að því sér til mikillar skelfingar að hann hefur verið settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem ekki er lengur treystandi og njóta því ekki lengur verndar yfirvalda. Til að ná endum saman gerist hann einkaspæjari í heimabæ sínum þar sem verkefnin geta orðið ansi ómerkileg fyrir „alvörunjósnara“.
**22.45 Rescue Me** (12:13)
**23.30 Auddi og Sveppi**
**00.00 Sannleikurinn um Pétur Jóhann**
**00.30 Sjáðu**
**01.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC PRIME

**10.20** Coupling **10.45** The Black Adder **11.20** The Inspector Lynley Mysteries **12.05** The Inspector Lynley Mysteries **12.50** Coupling **13.15** The Weakest Link **14.00** EastEnders **14.30** Coupling **14.55** The Black Adder **15.30** The Weakest Link **16.15** The Inspector Lynley Mysteries **17.05** The Inspector Lynley Mysteries **17.55** EastEnders **18.25** The Weakest Link **19.10** Coupling **19.40** The Black Adder **20.15** Jonathan Creek **21.05** The Chase **21.55** The Black Adder **22.30** Coupling **23.00** The Chase **23.50** The Inspector Lynley Mysteries **0.40** The Inspector Lynley Mysteries

## DR 1

**12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Men jeg vil ikke bytte...... **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Pigerne Mod Drengene **15.30** Braceface **15.50** Nitternes koncert **16.00** Svampebob Firkant **16.25** F for Får **16.30** SYV **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd? **19.00** DR1 Dokumentaren - Bankerot **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** HåndboldOnsdag **21.30** SportNyt **21.35** HåndboldOnsdag **22.30** OBS **22.35** Onsdags Lotto **22.40** Når mor og far drikker

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Berlin, Berlin **12.30** Viten om **13.00** NRK nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** Walkabout **14.00** NRK nyheter **14.05** Par i hjerter **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Slipp naboene løs **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Lille Prinsesse **17.10** Ugler i mosen **17.35** Yoko! Jakamoko! Toto! **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** E6 - en reise gjennom nordmenns hverdag **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** Sporløst forsvunnet **21.30** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.45** Lov og orden. New York **23.25** Life on Mars

## SVT 1

**13.55** Recept mot katastrofen **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Plus **16.25** Öga mot öga **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Sommer **21.00** Entourage **21.25** The Sarah Silverman Program **21.50** Kulturnyheterna **22.05** 183 dagar **23.05** Mästarnas mästare **00.05** Sändningar från SVT24


Gerðu bestu kaupin
í Debenhams


Bestu Kaupin
Dömubolur
Margir litir
Verð 1390,-


Bestu Kaupin
Herrasloppur
Tveir litir
Verð 1990,-


Bestu Kaupin
Dömunáttbuxur
Verð 2990 ,-


Bestu Kaupin
Herrasokkar
Sjö í pakka
Verð 1990,-


Bestu Kaupin
Hettupeysa
Verð 2990,-


Bestu Kaupin
Dömunærbuxur
Fást í svörtu og hvítu
Fimm í pakka
Verð 1990,-


Bestu Kaupin
Thomas Nash bindi
Margir litir
Verð 1390,-


Bestu Kaupin
Barnakjólar
Tveir litir
3 til 8 ára
Verð 2990,-


Bestu Kaupin
Thomas Nash skyrtur
Þú kaupir eina og færð aðra á hálfvirði
Margir litir
Verð 3990,-

Gæði og gott verð!

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er Grænn kostur. Þar fæ ég mér gjarnan rétt dagsins. Gott er að hafa sætar kartöflur með og klettasalat og strá fræjum yfir ásamt góðri olíu. Síðan fæ ég mér vatn beint úr krananum með.“*

Ragnheiður Alfreðsdóttir hjúkrunarfræðingur.

# Manúela í vandræðum með brúðarkjólinn

„Ég ætlaði til Rómar að leita að brúðarkjól en hætti við það og nú er stefnan tekin á Flórída um næstu helgi að leita,“ segir Manúela Ósk Harðardóttir en hún og eiginmaður hennar, Grétar Rafn Steinsson knattspyrnumaður, skipuleggja nú seinna brúðkaup sitt á Íslandi í sumar.

„Við giftum okkur auðvitað úti í Hollandi þar sem viðstaddir voru þeir allra nánustu. Það var því alltaf ætlunin að við myndum gifta okkur hér heima líka og halda stóra veislu.“ Brúðkaupið verður í júní en séra Hjálmar Jónsson mun gefa parið saman í Dómkirkjunni. Veislan verður svo á efstu hæð Turnsins. „Turninn var með eina salinn sem tók nógu marga án þess að það yrði troðið. Ég er búin að bóka hljómsveitina og allt slíkt en það er leyndarmál, það verður eitthvað að koma á óvart. Stefnan er að þetta verði bara hresst partí enda bara spurning um að hafa það gaman þetta kvöld.“

Manúela er þó enn í vandræðum með kjólinn og eitthvað annað sem eftir á að græja enda ekki auðvelt mál að hennar sögn að skipuleggja brúðkaup milli landa. „Ég finn engan kjól hér í Bretlandi. Ég er líka frekar erfið með þetta. Veit svo innilega hvað ég vil ekki og finn alltaf eitthvað að öllum kjólunum. Liturinn skiptir kannski ekki öllu máli en ég veit að ég vil stóran og mikinn kjól – enda fyrst maður er bara að gera þetta einu sinni, þá af hverju ekki?“ segir Manúela og segist vonast til að eitthvað gerist í leitinni um næstu helgi. Manúela skrifar þessa dagana pistla á Pressuna og segir að hún muni setja þar inn létt pistlaskrif um daginn og veginn og það sem henni detti í hug. „Þetta er fínt, ég hef alltaf haft áhuga á tísku og hönnun og slíku og má setja þarna inn efni eins og tími gefst til.“

- jma





**GLEÐI Í TURNINUM** Manúela segir að þau Grétar Rafn hafi valið Turninn undir brúðarveisluna og hafi stærð salarins ákvarðað valið.



**LÁRÉTT**
**2.** kyrr, **6.** í röð, **8.** rá, **9.** loga, **11.** þófi, **12.** verslað, **14.** digurmæli, **16.** í röð, **17.** traust, **18.** ennþá, **20.** tímaeining, **21.** velta.

**LÓÐRÉTT**
**1.** afl, **3.** þys, **4.** planta, **5.** holufiskur, **7.** vonsvikinn, **10.** inngangur, **13.** ot, **15.** ruddi, **16.** húðpoki, **19.** nudd.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** lygn, **6.** rs, **8.** slá, **9.** eld, **11.** il, **12.** keypt, **14.** grobb, **16.** hí, **17.** trú, **18.** enn, **20.** ár, **21.** snúa.
**LÓÐRÉTT: 1.** þrek, **3.** ys, **4.** glitbrá, **5.** nál, **7.** sleginn, **10.** dýr, **13.** pot, **15.** búri, **16.** hes, **19.** nú.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Hann fór í níu slíkar flugferðir.
2. Ásta Möller.
3. Samfylkinguna.


vísir.is
„...ég sá það á vísi“


## JÓN ÓLAFSSON: SENA LEGGUR FYRIR SIG BÓKAÚTGÁFU

# Skrifar ævisögu Villa Vill

„Ég fór með þessa hugmynd til þeirra og átti allt eins von á því að þeir vildu finna einhvern þekktan rithöfund í þetta verkefni. Og ég hefði kyngt þeim rökum. En maður hefur svo sem séð þekkta rithöfunda skrifa um bransann og fundist það uppskrúfað og skrítið,“ segir Jón Ólafsson tónlistarmaður. Hann hefur nú tekist á hendur það verkefni að rita ævisögu Vilhjálms Vilhjálmssonar heitins, eins ástsælasta söngvara þjóðarinnar. Það er Sena sem gefur út og sætir tíðindum að útgáfufyrirtækið ætli nú að reyna fyrir sér í bókaútgáfu. „Við erum að skoða alla möguleika,“ segir Ísleifur Þórhallsson hjá Senu.

Sá sem mun halda utan um bókaútgáfu Senu verður Jón Þór Eyþórsson. Að sögn Ísleifs fer Sena varlega af stað í þessum efnum og er ritun ævisögu Villa Vill fyrsta verkefnið. Stefnt er að tveimur til þremur titlum útgefnum fyrir næstu jól. Og munu þeir sverja sig í ætt þeirrar starfsemi sem Sena hefur staðið í. „Of snemmt er um það að tala en þau eru tengd inn í tónlistarheiminn. Okkur líst mjög vel á Jón. Hann hefur „passion“ fyrir þessu.

Svo skiptir miklu máli að sá sem skrifar þessa bók sé með bransann í blóðinu. Þekki það hvernig er að vera í stúdíói og taka upp lög, að standa á sviði … vera tónlistarmaður. Og svo fær hann öflugan ritstjóra í lið með sér,“ segir Ísleifur. Sá ritstjóri er enginn annar en Kristján B. Jónasson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda, sem mun vera Senu til ráðgjafar í bókaútgáfunni.

Jón hefur ekki fengist við bókaskriftir áður en segir tíma til kominn að ögra sér. „Ég treysti mér í þetta og er ánægður með að þeir skuli sýna mér þetta traust. Þeir hafa séð eitthvað í gömlu sjónvarpsþáttunum mínum, einhverja glóð sem má breyta í bál.“

Jón er byrjaður á þessu verkefni sem krefst gríðarlega mikillar heimildarvinnu og stefnir Jón á að fara á söguslóðir, Akureyri og Lúxemborg þar sem Vilhjálmur bjó, auk þess sem hann ræðir við samferðamenn Vilhjálms. „Ég hef stúderað Vilhjálm og mér finnst sem hann hafi fyrst verið farinn að sýna virkilega hvað í honum bjó þegar hann féll frá. Var orðinn alvöru listamaður en ekki bara söngvari, til dæmis með þessa texta sína. Og farinn að hafa meiri áhrif.“

jakob@frettabladid.is



**JÓN ÓLAFSSON** Frumraun hans í bókaskrifum er rit um hinn ástsæla Villa Vill sem féll frá langt fyrir aldur fram.



**VILHJÁLMUR VILHJÁLMSSON** Um hann hefur verið fjallað á ýmsa lund svo sem í blaða- og tímaritagreinum, minningartónleikum, í útvarpi og sjónvarpi. Og nú er komið að bók um kappann.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Nokkurt kapp er hlaupið í prófkjörsbaráttu Samfylkingar á Norðausturlandi þar sem Kristján Möller og **Sigmundur Ernir Rúnarsson** sækjast eftir efstu sætum og hafa að sögn myndað kosningabandalag. En þeir skyldu þó ekki vanmeta Loga Má Einarsson arkitekt sem býður sig fram í 1. til 3. sæti. Logi Már er fyrrum dansari í Skriðjöklum og hefur Raggi Sót verið ráðinn sem sérlegur kosningastjóri Loga á suðvesturhorninu. Raggi gantast nú með það að Sigmundur Ernir sé farinn að tala um árin hjá KA þar nyrðra og er alveg búinn að gleyma veru sinni í antisportistafélaginu í MA þar sem stranglega var bannað að hlaupa nema korter í sex á föstudögum og þá beint í ríkið.



Víst er að ýmsir nafntogaðir einstaklingar sækja heilsuræktarstöðina Laugar og vakti athygli í gær að öldungurinn síungi og rithöfundurinn **Sigurður A. Magnússon** tók vel á því í tækjunum. Sigurður skar sig úr ekki sökum aldurs heldur var hann ekki í æfingagalla eins og þorri fólks þar heldur var hann klæddur hversdagsklæðnaði að hætti fagurkera í rithöfundastétt meðan hann stundaði líkamsrækt sína.



Gamla hippamussan **Bjartmar Guðlaugsson** sló heldur betur í gegn meðal rappara og hipphoppara á Prikinu um helgina. Hann barði gítar sinn eins og trommu og tók nokkra af slögurum sínum og kom það honum á óvart að gestir staðarins, sem sannarlega eru af annarri kynslóð, kunnu alla textana og sungu hástöfum með.

- jbg









Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



# Hjaltalín spilar á Hróarskeldu

„Okkur finnst þetta auðvitað æðislega gaman. Ég hef sjálf aldrei farið og var eiginlega búin að ímynda mér að ég myndi ekki fara úr þessu,“ segir Sigríður Thorlacius, söngkona í Hjaltalín. Hljómsveitin hefur verið bókuð til að koma fram á Hróarskelduhátíðinni í Danmörku í sumar. Hátíðin fer fram helgina 2.-5. júlí og meðal þekktra sveita sem boðað hafa komu sína eru Coldplay, Madness og Oasis. Ekki liggur fyrir hvenær eða á hvaða sviði Hjaltalín spilar en tónleikarnir verða á aðaldagskrá hátíðarinnar. Nokkur hundruð Íslendingar sækja Hróarskelduhátíðina á hverju ári og þessi tíðindi vega eflaust upp á móti fréttum af háu miðaverði þetta árið vegna efnahagsástandsins.

Fyrsta plata Hjaltalín, Sleepdrunk Seasons, hefur verið gefin út í Bretlandi og víða um Evrópu og hlotið góða dóma. Sveitin hefur verið dugleg við tónleikahald og stefnan er að taka sumarið með trompi. Hjaltalín hefur verið boðið að spila á fjölmörgum tónlistarhátíðum. „Ja, það er alla vega komið gróft plan,“ segir Sigríður. „Hugmyndin er að vera með bækistöðvar í Berlín part úr sumri og vera svo nánast um hverja helgi í einhverjum skemmtilegheitum.“

*Þið ætlið semsagt bara að leika ykkur úti í löndum á meðan Íslendingar eru í miðri kreppu?*

„Reyndar er það nú ekki svo að við eigum í vandræðum með að eyða öllum peningunum okkar. Þetta er nú meira hugsað í sparnaðarskyni, svo við eyðum ekki öllu í ferðalög. Svo snýst nú góða lífið ekki alltaf um peninga.“

- hdm



**SPILA Á HRÓARSKELDU** Sigríður Thorlacius og félagar hennar í Hjaltalín hafa bókað sig á Hróarskelduhátíðina í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




~~3.680,-~~ **1.790,-**




~~2.990,-~~ **1.490,-**




~~4.490,-~~ **1.990,-**




~~3.490,-~~ **1.990,-**




~~3.290,-~~ **1.790,-**




~~4.380,-~~ **1.490,-**

DYNAMO REYKJAVÍK

**ÞAÐ HEFUR ALDREI VERIÐ ÓDÝRARA AÐ LÁTA SÉR LÍÐA VEL.**






**Heilsu- og hamingjudagur í Perlunni í dag!**
Bækur sem nudda, strjúka, styrkja, efla og stilla á ótrúlegu verði.

Bókamarkaðurinn
Perlunni
Alla daga til 15. mars




~~2.290,-~~ **1.190,-**




~~2.990,-~~ **990,-**




~~3.990,-~~ **1.990,-**




~~2.990,-~~ **990,-**




~~2.797,-~~ **890,-**



~~3.736,-~~ **990,-**

Opið frá kl. 10 – 18

**Komdu á Bókamarkaðinn og dekraðu við sálina!**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



STÆRSTI FASTEIGNA- OG LEIGUVEFUR LANDSINS ER NÚ AÐGENGILEGUR Á VÍSI

visir.is




**BAKÞANKAR**
Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

## *Með Clapton úti á engi*

Dag nokkurn á öndverðum sjöunda áratug síðustu aldar kom ungur maður að tali við stöðvarstjóra á lestarstöð skammt frá Beaulieu á Englandi. Sá ungi bar ekki höfuðið hátt enda hafði hann lognast útaf nóttina áður á drykkjusamkomu á tjaldsvæði í nágrenninu en vaknað síðan glerþunnur og peningalaus úti á engi. Þar að auki var hann búinn að gera í brækurnar og æla yfir sig allan. Menn sem þannig er ástatt fyrir eru ekki líklegir til að ná einhverjum árangri í samningaviðræðum. En stöðvarstjóri sá aumur á þeim unga og hripaði skuldarviðurkenningu svo hann kæmist heim til Ripley.

**AF** hverju í ósköpunum skyldi hann hafa gert það? Hvað fær menn til að treysta einhverjum sem er með allt niðrum sig? Ekki nóg með það heldur lætur hann reyna á þolmörk samferðafólksins sem var almennilega til fara og þurfti að þola návist þessa útataða saurlífsseggs.

**STÖÐVARSTJÓRINN** hefur verið meðvitaður um það að skuldir má afskrifa en mannsandann aldrei. Jafnvel þótt hann sé í lægstu skör niðurlægingarinnar. Og oft vill það nú verða þannig að sá sem þekkir lægðirnar fær oft viljann og máttinn til að lyfta mannsandanum í efstu hæðir. Og stöðvarstjórinn hafði á réttu að standa. Lífið er oft eins og rússibani og þó maður rekist á einhvern sem kominn er á fjóra fætur væri manni hollast að staldra við áður en hann er afskrifaður líkt og skuld fyrrverandi auðkýfings. Enda rættist heldur betur úr þessum unga manni, Eric Clapton að nafni, þó vissulega hafi hann lognast út af við sullið nokkrum sinnum síðan. Clapton hefur komist til æðstu metorða enda lyft anda ófárra upp til skýja með tónlist sinni. Hann hefur einnig opnað meðferðarstofnun fyrir vímuefnafíkla og því afeitrað marga sem áttu það á hættu að vakna illa á sig komnir úti á engi.

**VIÐ** Íslendingar erum einmitt núna nývaknaðir úti á engi eftir svakalegt svall og ástandið er ekki upp á marga fiska; kannski nokkrar gulldeplur. Samningsstaða okkar er því svipuð og hjá gítarleikaranum knáa í árdaga. Ég vil því benda sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á sjálfsævisögu Erics Clapton, en hún er á tilboði núna, kostar ekki nema átta pund. Einnig geta skilanefndirnar eflaust nálgast íslensku þýðinguna í betri bókabúðum.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 4. mars, 63. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.24 | 13.39 | 18.56 |
| Akureyri | 8.13 | 13.24 | 18.37 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 08-2254

„Veita persónulega ráðgjöf.“

Kona, 39 ára.

Getum við aðstoðað?

Í dag, miðvikudag, sitja ráðgjafar okkar lengur við símann.

Ráðgjafar Eignastýringar, Almenna lífeyrissjóðsins og Fjármögnunar svara spurningum ásamt ráðgjöfum Íslandsbanka.

Hringdu í okkur á milli kl. 17 og 21 í síma 440 4000.

Á islandsbanki.is getur þú einnig pantað fjármálaviðtal þar sem við bjóðum þér að setjast niður með okkur og fara ítarlega yfir stöðuna.

Íslandsbanki

